

Starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands

Snjóflóða á Ísafirði og í Hnífsdal

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Gagnaöflun	5
Staðhættir	6
Byggð við Skutulsfjörð	8
Veður og aðdragandi snjóflóða	9
Veðurfar	9
Aðdragandi ofanflóða	11
Skráning snjóflóða	11
Helstu hugtök	11
Skráning og flokkun flóða	14
Snjóflóðasagan	15
Farvegir flóða og yfirlit yfir flóð í þeim	17
Kirkjubólshlíð	17
Ytri-Kirkjubólshlíð	17
Innri-Kirkjubólshlíð	18
Fossahlíð, Rauðkollshvilft, Fossahvilft, Engidalur og Dagverðardalur	22
Kubbi ofan Holtahverfis (Brattahlíð)	23
Tungudalur innan sumarbústaðasvæðis	25
Sumarhúsasvæðið í Tungudal	25
Skíðasvæðið á Seljalandsdal	26
Seljalandshlíð upp af Seljalandi	28
„Karlsárgil“	30
„Grænagarðsgil“	31
Hrafnagil	33
„Steiniðjugil“	35
Neðan Gleiðarhjalla	37
Eyrarhlíð	39
Bakkahyrna	41
Bakkaskriðugil	42
Hrafnaklettur	43
Hraunsgil	44
Sauðahryggsgil	46
Traðargil	46

Búðargil og Búðaröxl	48
Flóð utan skráðra farvega	50
Kort af útlínum snjóflóða	52
Skýringar við annál	53
Annáll snjóflóða á Ísafirði og í Hnífsdal	54
Lokaorð	190
Heimildir	191
Heimildarmenn	193
Viðauki A: Númer flóða	194
Viðauki B: Yfirlit snjóflóðadaga	196
Viðauki C: Kortaskrá	201

Töfluskrá

1	Meðaltöl veðurþátta fyrir veðurstöðina á Galtarvita	9
2	Hámarksúrcoma á Galtarvita	10
3	Stærðarflokkar snjóflóða	15
4	Tegundir snjóflóðaskýrslna	15

Myndaskrá

1	Yfirlitskort	7
2	Árstíðasveifla hita og úrkomu fyrir veðurstöðina á Galtarvita	10
3	Skýringarmynd af farvegi snjóflóðs	13
4	Kubbi og Holtahverfi.	23
5	Seljalandshlíð og ytri hluti Seljalandshverfis.	29
6	Seljalandshlíð milli Seljalands og Gleiðarhjalla.	29
7	Eyrarfjall og Gleiðarhjalli.	38
8	Bakkahyrna.	41
9	Búðarhyrna og norðurhluti byggðarinnar í Hnífsdal.	44

Inngangur

Í skýrslu þessari er safnað saman upplýsingum um snjóflóð við byggð á Ísafirði og í Hnífsdal og í nágrenni þessara staða til vorsins 2002.

Óskar Knudsen, Jón Gunnar Egilsson, Harpa Grímsdóttir, Þorsteinn Arnalds og Tómas Jóhannesson öfluðu heimilda í ferðum til Ísafjarðar og ýmsir aðrir starfsmenn Veðurstofunnar unnu að könnun ritaðra heimilda og ræddu við heimildarmenn. Oddur Pétursson, snjóathugunarmaður Veðurstofunnar á Ísafirði, aflaði heimila um snjóflóð auk þess að vera sjálfur besti heimildarmaður um mörg þeirra. Harpa Grímsdóttir ritaði inngangskafla og farvegalýsingar og skráði upplýsingar í ofanflóðagagnasafn Veðurstofunnar ásamt Jóni Gunnari Egilssyni. Tómas Jóhannesson ritaði almenna inngangskafla og kafla um veðurfar og veðuráðdraganda flóða og bjó annálinn til prentunar. Jón Gunnar Egilsson, Harpa Grímsdóttir, Magnús Már Magnússon, Hörður Þór Sigurðsson, Leah Tracy og Esther Hlíðar Jensen skráðu upplýsingar um útlínur flóða í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar og gerðu kort sem fylgja annálnum. Magnús Már Magnússon hefur skráð flóð síðustu ára í ofanflóðagagnasafn og fært upplýsingar um útlínur flóða í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar. Jón Gunnar Egilsson fór yfir skráningu flóða í gagnasafninu og bar hana saman við skýrslur um flóðin og vann við lokafrágang annálsins.

Gagnaöflun

Við gerð þessa snjóflóðaannáls var stuðst við eldri annála sem gefnir höfðu verið út á Veðurstofunni. Í nóvember 1989 kom út greinargerðin: *Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal* eftir þá Jón Gunnar Egilsson og Óskar Knudsen, en þar eru upplýsingar um snjóflóð til vorsins 1989. Greinargerðin byggir á ýmsum heimildum: Viðtölum við heimamenn, upplýsingum úr bókinni *Skriðuföll og snjóflóð* eftir Ólaf Jónsson o.fl. (1957, endurútgefin 1992), snjóflóðaannálum fyrir ákveðin tímabil sem komu út í Jökli og sem greinargerðir frá Veðurstofunni (Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist, 1971; Sigurjón Rist, 1975; Hafliði Helgi Jónsson, 1981, 1983a,b, 1984; Kristjana G. Eyþórsdóttir, 1985; Kristján Ágústsson, 1987; Magnús Már Magnússon, 1988, 1989, 1991, 1992, 2000; Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, 1999) og skýrslum Odds Péturssonar snjóathugunarmanns á Ísafirði frá 1983. Upplýsingar um veður voru fengnar úr *Veðráttunni*. Árin 1994 og 1995 komu út bráðabirgðaútgáfurnar *Snjóflóð á Ísafirði og Hnífsdal árin 1990 til 1994* og *Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal árin 1990 til 1994 með viðbót fyrir veturinn 1994–1995* eftir Jón Gunnar Egilsson. Viðbætur þar eru einungis byggðar á snjóflóðaskýrslum Odds Péturssonar. Árið 1996 ritaði Jón Gunnar greinargerðina *Snjóflóð í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði*. Upplýsingar um flóð eftir 1995 sem hér eru teknar saman eru einnig að mestu fengnar úr snjóflóðaskýrslum Odds sem eru afar vandaðar. Í flestum tilfellum fylgja útlínur dregnar á kort eða loftmyndir og í seinni tíð GPS-mælingar. Í sumum tilfellum eru upplýsingar um veður fengnar úr gagnagrunni Veðurstofunnar um veðurathuganir.

Ýmsir aðilar hafa kannað snjóflóðahættu á Ísafirði og í Hnífsdal í tengslum við hættumat

og viðbúnað vegna snjóflóðahættu. Snjóflóðahætta við Seljaland var könnuð af Óskari Knudsen (1987). NGI og Hnit (1996) unnu frumathugun vegna varnavirkja fyrir Seljalandshverfi og er þar fjallað í stuttu máli um snjóflóðasögu svæðisins. Árið 2002 var unnið nýtt hættumat vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð og Hnífsdal (Þorsteinn Arnalds o.fl., 2002) og er þar gefið yfirlit yfir fyrri skýrslur og greinargerðir um hættumat á þessu svæði.

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson (2001a,b,c) hafa leitað heimilda um snjóflóð og skriðuföll í fornum annálum og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Farið var yfir skýrslur þeirra til þess að athuga hvort þar kæmu fram áður óþekktar upplýsingar um snjóflóð á svæðinu. Svo reyndist ekki vera.

Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson (1999) rituðu annál skriðufalla á Ísafirði og í Hnífsdal. Grjóthrun og skriðuföll eru ekki til umfjöllunar í þeim annál sem hér birtist sem einskorðast við snjóflóð.

Í heimildaskrá er yfirlit yfir heimildir sem skoðaðar hafa verið í tengslum við ritun annálsins og heimildarmenn sem veitt hafa upplýsingar um snjóflóð umfram það sem fram kemur í rituðum heimildum.

Staðhættir


Kaupstaðurinn Ísafjörður stendur við Skutulsfjörð, utarlega við vestanvert Ísafjarðardjúp, og þorpið Hnífsdalur stendur við litla vík, nokkru utar (mynd 1, kort 1). Skutulsfjörður hefur stefnuna SV-NA og opnast í norðaustur og það sama á við um Hnífsdal.

Skutulsfjörðurinn er girtur bröttum fjöllum sem eru nærri 700 metrar að hæð. Að suðaustanverðu við fjörðinn er fjallið Ernir og innar tekur við Kirkjubólshjall. Hlíðar þeirra eru brattar og skornar grunnum giljum, en einnig eru þar djúpar hvilftir. Inni í fjarðarbotninum skilur Háafell að Engidal og Dagverðardal og Hnífafjall skilur að Dagverðardal og Tungudal. Ysti hluti Háafells nefnist Kubbi og er Holtahverfi undir norðurhlíð hans.

Norðvestan Skutulsfjarðar er Eyrarfjall, svipað að lögun og gerð og fjöllin sunnanmegin, bratt og giljum skorið. Undir því er eyrin sem byggðin hefur staðið á frá upphafi, en upp af henni er stór stallur í fjallinu í 400–460 metra hæð yfir sjó, sem nefnist Gleiðarhjalli.

Innar í fjallinu sveigir hlíðin meira til vesturs og þar er Seljalandsdalur. Á Seljalandsdal var skíðasvæði Ísfirðinga. Skíðalyftur þar hafa nokkrum sinnum skemmst í snjóflóðum, síðast í mars 1999, og var skíðasvæðið flutt í Tungudal af þeim sökum. Ofan dalsins rís Breiðafell, jafn hátt Eyrarfjalli.

Hnífsdalur snýr einnig í SV-NA, en hefur þó örlítið A-V-lægari stefnu en Skutulsfjörður. Dalurinn er umlukinn lægri fjöllum en Skutulsfjörður, þ.e. um 600 metra háum. Að norðanverðu rís Búðarfjall með áberandi giljum og nefnist ysti hluti þess Búðarhyrna. Að sunnanverðu er Eyrarfjall og heitir ysti hluti þess Bakkahyrna. Sú hlíð Bakkahyrnu sem snýr að Hnífsdal er tiltölulega einsleit og slétt.



Mynd 1: Yfirlitskort af nágrenni Skutulsfjarðar og Ísafjarðardjúps. © Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins.

Byggð við Skutulsfjörð

Skutulsfjörður var líklega numinn á fyrri hluta tíundu aldar og er Eyri talin vera landnámsjörð. Sennilegt er að allt frá því um 1300, og ef til vill löngu fyrr, hafi um tólf lögjarðir verið byggðar í hreppnum. Þeim fjölgaði ekki fyrr en á síðari hluta 18. aldar. Á mörgum jarðanna var tví- og jafnvel þrífýlt. Þessar jarðir voru: Neðri-Hnífsdalur, Fremri-Hnífsdalur, Bakki, Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar, Kirkjuból, Fremri-Arnardalur og Neðri-Arnardalur.

Í byrjun 19. aldar voru byggingar prestssetursins á Eyri þær efstu á Skutulsfjarðareyri, en þær voru á svæðinu þar sem leikskólinn er nú. Kaupstaðurinn byggðist fyrst neðarlega á eyrinni en upp úr miðjum sjötta áratug 19. aldar risu húsin þar sem nú heitir Mjallargata, Pólgata, Mánagata og Sól-gata. Árið 1872 keypti kaupstaðurinn jörðina Eyri og stækkaði þá kaupstaðarlandið til muna.

Á áttunda áratug 19. aldar höfðu margir tómthúsmenn og aðrir fátæklingar byggt torfbæi á Eyrartúni. Árið 1873 samþykkti byggingarnefnd kaupstaðarins að banna allar torfhúsabyggingar í kaupstaðnum fyrir neðan Eyrarkirkju, vegna þeirrar „óprýði sem þessháttar byggingar hafa í för með sér“. Eftir það tóku tómthúsmennirnir að reisa torfbæi sína og smáhýsi ofan við bæinn. Grasbýlin voru á tveimur svæðum; úti í Krók, sem er skammt utan eyrarinnar, og í Hlíðinni, sem er fyrir ofan eyrina, þar sem nú eru göturnar Urðarvegur, Engjavegur og Seljalandsvegur. Byggðin úti í Krók var töluvert eldri en byggðin í Hlíðinni. Hún tók að myndast þegar á áttunda áratug 19. aldar þegar tveir bæir voru reistir þar og á árabílinu 1880–1910 risu nokkur íbúðarhús til viðbótar á svæðinu. Byggðin í Hlíðinni virðist fyrst hafa tekið að myndast á síðasta áratug 19. aldar. Á næstu tveimur áratugum fjölgaði húsum í Hlíðinni smám saman. Síðar teygði byggðin sig lengra inn eftir hlíðinni og nær fjallinu ofan við bæði Krók og Hlíðina. Húsin við efstu göturnar undir Gleiðarhjalla eru flest byggð á árunum 1970–1985.

Holtahverfi undir Kubba var reist á árunum 1976–1983. Innan við bæinn Seljaland voru reist nokkur hús og tvær blokkir um og eftir 1990, til viðbótar við örfá hús sem voru þar fyrir. Þar var íbúðahverfi fyrirhugað en ekki hefur orðið úr þeim áformum, m.a. vegna snjóflóðahættu.

Í Hnífsdal var árið 1870 aðeins búið á Bakka, Neðri- og Fremri-Hnífsdal, Hrauni og Búð. Þorp tók að myndast þar um eða upp úr 1880 og óx stöðugt fram yfir 1920. Fyrsti þéttbýliskjarninn myndaðist á sjávarkambinum og var í formi verbúða þar sem menn dvöldu bara yfir vertíðina til að byrja með. Undir lok 19. aldar voru nokkur íbúðarhús reist nálægt sjónum sitt hvorum megin við Hnífsdalsá. Í byrjun 20. aldar varð mjög ör fólksfjölgun í Hnífsdal vegna blómlegrar og vaxandi útgerðar og þá risu mörg íbúðarhús og menn settust að í verbúðunum.

Á 7. og 8. áratug 20. aldar var byggt lengra inn eftir dalnum sunnan ár. Á árunum 1978–1985 reis Teigahverfi undir Búðarhrynu norðan ár. Stór hluti íbúðarhúsanna í því hverfi var keyptur upp árið 1996 vegna snjóflóðahættu, ásamt Heimabæjarhúsunum, þrem húsum við Strandgötu, einu húsi við Árvelli og einu við Heimabæjarstíg, og er nú nánast engin byggð nálægt Búðarhrynu.

Tafla 1: Meðaltöl ýmissa veðurþátta fyrir veðurstöðina á Galtarvita (stöð nr. 250) fyrir tímabilið 1961–1990.

Stærð	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des	ár
Úrkoma (mm)	136	109	116	78	50	52	49	64	125	158	155	125	1215
þar af regn	13	9	9	14	20	43	48	63	77	62	27	14	399
þar af slydda	45	38	32	30	21	9	0	1	46	80	71	42	416
þar af snjór	78	61	75	34	8	0	0	0	2	16	58	69	401
Mest á dag (mm)	48	40	44	36	44	92	35	31	80	54	74	36	92
Fjöldi regndaga	4	3	3	6	9	15	15	17	15	11	6	4	106
Fjöldi snjó/slyddud.	20	18	21	14	6	2	0	0	5	13	18	21	139
Fjöldi úrkomudaga	24	21	24	20	15	16	15	17	20	24	24	24	245
Meðalhiti (°C)	-0.9	-0.5	-1.4	1.0	4.1	7.0	8.7	8.8	6.1	3.6	1.0	-0.6	3.1
Meðalhámark (°C)	1.3	1.8	1.1	3.6	6.6	9.6	11.2	11.3	8.4	5.6	3.1	1.8	5.4
Meðallágmark (°C)	-3.2	-2.9	-3.6	-1.1	2.1	5.1	6.8	6.9	4.2	1.7	-1.1	-3.0	1.0
Hæsta hámark (°C)	11.4	12.0	10.7	14.8	16.5	16.6	22.5	21.7	16.8	15.3	13.6	15.7	22.5
Lægsta lágmark (°C)	-17.5	-16.4	-18.4	-15.0	-7.8	-2.2	0.5	0.7	-4.4	-9.6	-10.9	-15.9	-18.4

Nú búa rúmlega 3000 manns á Ísafirði og í Hnífsdal.

Veður og aðdragandi snjóflóða


Veðurfar

Hætta á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum skapast oftast í kjölfar tiltekinna veðuraðstæðna. Snjóflóð falla oft í tengslum við aftakaveður að vetrarlagi með mikilli snjókomu og skafrenningi, en krapaflóð þegar hlánar og rignir snögglega niður í snjó, og aurskriður falla í kjölfar stórrigninga og örrar leysingar. Veðurfar er þannig einn mikilvægasti þátturinn sem segir til um ofanflóðahættu.

Tafla 1 sýnir meðaltöl veðurþátta fyrir veðurstöðina á Galtarvita fyrir tímabilið 1961–1990, en hún er næsta veðurstöð í nágrenni við Ísafjörð með langa samfellda röð mælinga. Mynd 2 sýnir árstíðasveiflu hita og úrkomu fyrir stöðina.

Mikil úrkoma á skömmum tíma skiptir oft meira máli varðandi hættu á ofanflóðum en meðaltal úrkomunnar yfir lengri tímabil. Tafla 2 sýnir niðurstöður greiningar á aftakaúrkomu yfir 1, 2, 3 og 5 daga tímabil fyrir veðurstöðina á Galtarvita. Taflan sýnir úrkomu sem svarar til 2, 5, 10, 20 og 50 ára endurkomutíma, þ.e. tölfræðileg greining bendir til að úrkoma verði ekki meiri en sem nemur gildunum í töflunni oftast en endurkomutíminn segir til um þegar til langs tíma er litið.

Úrkomustöð hefur verið rekin á Ísafirði síðan 1980 (VÍ númer 254). Er stöðin staðsett inni í bænum, við Seljalandsveg. Mesta sólarhringsúrkoma sem mælst hefur á þeirri stöð er 114 mm þann 30. september 1997. Í Hnífsdal hefur verið starfrækt úrkomumælistöð síðan



Mynd 2: Árstíðasveifla hita og úrkomu mánaða fyrir veðurstöðina á Galtarvita (stöð nr. 250) fyrir tímabilið 1961–1990.

Tafla 2: Uppsöfnuð hámarksúrcoma í mm yfir 1, 2, 3 og 5 daga tímabil (P_{1d} , P_{2d} , P_{3d} og P_{5d}) með endurkomutímann T (1, 2, 5, 10, 20 og 50 ár) á veðurstöðinni á Galtarvita (stöð nr. 250) fyrir tímabilið 1953–1994. Reiknuðu úrkomugildin fyrir langan endurkomutíma eru tiltölulega lág fyrir þessa stöð miðað við mestu úrkomu sem mælst hefur þar. Það bendir til að tölfræðilega greiningin gefi ekki nákvæma mynd af aftakaúrkomu á Galtarvita.

T	P_{1d}	P_{2d}	P_{3d}	P_{5d}
1	35	50	62	78
2	41	59	73	91
5	48	70	87	107
10	54	78	97	120
20	59	86	107	132
50	67	97	121	149

1995 (VÍ númer 253). Mesta sólarhringsúrkoma sem þar hefur mælst var 44 mm þann 21. október 1996. Sjálfvirk veðurstöð með úrkomumæli hefur verið rekin á Ísafirði síðan árið 1998 og er hún staðsett við fjarðarbotninn. Mest hefur sólarhringsúrkoma mælst 37 mm þann 28. nóvember 1998. Sólarhringsúrkoma hefur fimm sinnum farið yfir 30 mm síðan stöðin var sett upp.

Aðdragandi ofanflóða

Veðuraðdragandi snjóflóða á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið kannaður af Halldóri Björnssyni (2002). Einnig er fjallað um veðuraðdraganda snjóflóða á þessu svæði í greinargerð Tómasar Jóhannessonar og Trausta Jónssonar (1996). Samkvæmt þessum athugunum tengist mesta snjóflóðahætta á Vestfjörðum aftakaveðrum af norðri þegar lægðir ganga norður fyrir land úr suðri eða austri. Lægðir þessar beina tiltölulega hlýju lofti að sunnan með mikilli úrkomu norður fyrir landið og valda mikilli snjósöfnun á upptakasvæðum margra snjóflóðafarvega á Vestfjörðum. Mikil snjósöfnun getur einnig átt sér stað í sömu farvegum í langvarandi norðaustanátt með mikilli ofankomu. Aðdragandi flestra snjóflóðahrina á Ísafirði og Hnífsdal er í samræmi við þessa lýsingu. Mestu hrinur á síðari hluta 20. aldar voru 7.–10.11.1969, 9.–14.2.1974, 5.4.1994, 14.–18.1.1995 og 23.–26.10.1995. Á síðustu árum féllu flest flóð í hrinum 20.–22.2.1999, 11.–13.3.1999, 3.–4.3.2001 og 26.–28.3.2001.

Skráning snjóflóða

Helstu hugtök

Nokkur hugtök eru notuð við skráningu snjóflóða og annarra ofanflóða og eru þau helstu skilgreind hér að neðan til hægðarauka. Flest hugtökin eiga einkum við snjóflóð en sum eru einnig notuð til þess að lýsa aurskriðum og grjóthruni.

Farvegur er heiti á því svæði sem getur komið við sögu þegar flóð fellur úr ákveðnu **upptakasvæði**. Farvegurinn nær frá efstu hugsanlegu upptökum flóðs niður að mestu hugsanlegu **úthlaupslengd** þess. Farvegurinn skiptist í **upptakasvæði**, **fallbraut** og **úthlaupssvæði**. **Upptakasvæðið** liggur efst og er fyrir snjóflóð venjulega skilgreint sem sá hluti farvegar þar sem landhalli er yfir 28–30°. Neðan þess tekur við **fallbraut**, en það er sá hluti farvegarins neðan upptakasvæðis þar sem landhalli er yfir 10°. Neðst er svo **úthlaupssvæðið**, en það er allt svæðið neðan fallbrautarinnar þar sem snjóflóð í viðkomandi farvegi geta farið yfir áður en þau stöðvast. Mörkin milli fallbrautar og úthlaupssvæðis, þar sem halli hlíðarinnar er 10°, eru nefnd **β-punktur**. Í reynd er oft erfitt að finna skýr skil á milli þessara svæða, sérstaklega í minni farvegum. Af þessum sökum er skilgreining fallbrautarinnar stundum erfð, en það kemur lítið að sök því mestur áhugi er á efri mörkum upptakasvæðis og neðri mörkum úthlaupssvæðis.

Farvegur kallast **afmarkaður** ef hann hefur ákveðna breidd, t.d. í gili eða skál, en **opinn** ef hann er í sléttri hlíð. Þetta tvennt getur blandast í stórum og breiðum farvegum, sem að mestu eru í sléttum hlíðum, en skornir grunnum giljum eða skorningum.

Neðan afmarkaðra farvega (gilja) liggur úthlaupssvæðið oft yfir **aurkeilu** eða **skriðuvæng**, sem breikkar það mjög. Úthlaupssvæði langra flóða í þröngum dölum getur náð upp í brekku andspænis upptakasvæðinu og fallbrautinni.

Aðsópssvæði er það svæði í grennd við snjóflóðafarveg sem skefur af inn á upptakasvæðið. **Upptök** nefnist sá staður innan **upptakasvæðisins** þar sem ákveðið snjóflóð byrjar. Innan hvers upptakasvæðis geta þannig verið mörg mismunandi upptök sem eiga við mismunandi snjóflóð.

Snjór er sagður **þurr** ef illmögulegt er að hnoða hann, **rakur** ef hann hnoðast og er við 0°C , **votur** ef hægt er að sjá í honum vatn eftir að hann hefur verið kreistur og **mettaður** ef öll holrúm milli snjókorna eru full af vatni.


Flekasnjóflóð nefnast flóð þar sem heill fleki af vindpökkuðum snjó fer af stað í einu, en **lausasnjóflóð** myndast þegar laus snjór missir innri bindingu sína og skriður af stað. **Krapahlaupt** nefnast snjóflóð þar sem snjórinn er mettaður af vatni. **Kófhlaup** eru snjóflóð þar sem snjórinn blandast miklu lofti og verður svo eðlisléttur að flóðin hreyfast sem snjóský.

Ofanflóð önnur en snjóflóð flokkast í **aurskriður**, sem er vatnsblönduð skriða jarðefna, **grjóthrun**, þegar stakir hnellingar falla niður fjallshlíð, og **berghlaup**, þegar heil bergfylla hrynur fram.

Eftir flekaflóð má sjá greinileg mörk upptaka sem **brotsár** eða **brotlínu**. **Brotstál** er veggurinn sem eftir verður og er hann sem næst hornrétt á **skriðflöt** snjóflóðsins. Brotstálið hefur ákveðna **þykkt** og ákveðna **breidd**. Orðið **hæð** er hins vegar notað til að lýsa hæð upptakanna yfir sjó.

Hugtakið **tunga** er haft um snjóflóð sem hefur stöðvast. Tunga ákveðins snjóflóðs nær oftast einungis yfir lítinn hluta úthlaupssvæðisins. **Tungubroddurinn** er **stöðvunarpunktur** snjóflóðsins, þ.e. sá hluti þess sem lengst fór. **Úthlaupslengd** er lárétt **skriðlengd** snjóflóðs frá efstu upptökum niður að stöðvunarpunkti. Þegar snjóflóð sveigir til hliðar á leið sinni niður hlíðina er skriðlengdin reiknuð eftir þeirri leið sem flóðið rann en ekki eftir beinni línu frá upptökum að stöðvunarpunkti.

Rennslistig er mælikvarði á skriðlengd snjóflóða sem gerir kleift að bera saman skriðlengd flóða sem falla í mismunandi farvegum. **Úthlaupshornið** α er halli sjónlínu frá stöðvunarpunkti flóðsins að upptökum þess, en hornið β er halli sjónlínu frá β -punkti, þ.e. frá þeim punkti hlíðarinnar þar sem hallinn er 10° , að upptökunum. Ef leið flóðsins niður hlíðina er ekki bein þá er tekið tillit til þess við ákvörðun á α og β á sama hátt og við ákvörðun á skriðlengd flóðsins. Meðallandhalli í upptökum snjóflóðs er táknaður með θ en meðallandhalli í tungu þess með τ . Mynd 3 sýnir merkingu þessara hugtaka fyrir einfalt langsnið niður farveg snjóflóðs.



Mynd 3: Langsnið af farvegi snjóflóðs með skýringu á helstu stærðum sem koma við sögu við skráningu flóða. Skriðlengd er skilgreind sem lárétt vegalengd frá upptökum að stöðvunarpunkti. Rennlistig er ákveðinn mælikvarði á skriðlengdina óháður farvegi flóðsins. Hornið α er halli sjónlínu frá stöðvunarpunkti flóðsins að upptökum þess, en hornið β er halli sjónlínu frá þeim punkti hlíðarinnar þar sem hallinn er 10° að upptökunum. Landhalli í upptökunum er táknður með θ . Tunguhallinn τ er núll í þessu tilfalli og er ekki sýndur.

Skráning og flokkun flóða

Upplýsingar um ofanflóð eru skráðar í SQL-gagnasafn (Þorsteinn Arnalds, 1997). Þar eru, auk tímasetningar og staðsetningar flóðanna, skráðar ýmsar tölulegar upplýsingar um flóðin og athugasemdir um tjón, veður o.fl. Töflur yfir flóð í farvegum í þessari greinargerð og annáll flóðanna eru skrifaðar beint út úr gagnasafninu.

Upplýsingar um ofanflóð eru misýtarlegar eftir heimildum sem aðgengilegar eru um flóðin. Þær eru m.a. háðar því hvort flóðin ollu slysum eða tjóni á mannvirkjum, og eftir ýmsum öðrum atriðum, svo sem stærð flóðanna og fjarlægð frá byggð. Öllum flóðum er úthlutað einkvæmu gagnasafnsnúmeri og skráð hvar og hvenær þau féllu og hverrar tegundar þau voru. Aðrar upplýsingar, svo sem um upptök og stöðvunarstað, ráðast af aðstæðum.

Ofanflóð í gagnasafni Veðurstofunnar eru flokkuð til eftirfarandi tegunda:

Snjóflóð Almennur flokkur fyrir snjóflóð þar sem meira er ekki vitað um tegundina.

Purrt flekahlaup Flóðið byrjar sem fleki og snjórinn er þurr.

Vott flekahlaup Flóðið byrjar sem fleki og snjórinn er rakur eða votur.

Purrt lausasnjóflóð Flóðið byrjar í einum punkti og breikkar niður frá upptökunum og snjórinn er þurr.

Vott lausasnjóflóð Flóðið byrjar í einum punkti og breikkar niður frá upptökunum og snjórinn er rakur eða votur.

Krapaflóð Snjórinn í flóðinu er mettaður af vatni.

Kófhlaup Flóðið er létt kóf án þétts kjarna niður við jörðu.

Vatnsflóð Vatnsflóð með litlum krapa eða aurframburði. Tegund flóðs er ekki skráð vatnsflóð nema krapaflóð og aurskriða eigi ekki við.

Aurskriða Vatnsblönduð skriða af grjóti og öðrum jarðefnum.

Grjóthrun Hrun stakra steina úr hlíð.

Berghlaup Hrun heillar bergfyllu úr hlíð.

Í gagnasafni Veðurstofunnar er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada (McClung og Schaerer, 1993). Flokkunin hefur lítillega verið staðfærð hvað varðar lýsingu á áhrifum flóðs. Í flokkuninni er gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum. Auk þess er í erlendu flokkuninni að finna dæmigerða skriðlengd og ástreymisþrýsing flóða á hverju stærðarþrepi. Flokkarnir sem um ræðir eru taldir upp í töflu 3. Stærðarflokkun snjóflóða skv. töflunni er ekki alltaf auðveld vegna þess að áhrif flóða geta verið í ósamræmi við dæmigerðan massa þeirra eða rúmmál. Þarf þá að meta hvaða þáttur er látinn ráða flokkuninni. Oft eru þunn tölulega kraftlítil flóð flokkuð í stærðarflokka 1–2 þó svo að rúmmál þeirra sé meira en síðasti dálkur töflunnar gefur til kynna.

Tafla 3: Stærðarflokkar snjóflóða skv. kanadísku kerfi (McClung og Schaerer, 1993).

Fl.	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann	10 t
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 t
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 t
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10000 t
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100000 t

Tafla 4: Tegundir snjóflóðaskýrslna í ofanflóðagagnasafni Veðurstofunnar (sjá nánari lýsingu í skýrslu Þorsteins Arnalds, 1997).

Nr.	Lýsing
1	Skýrsla um snjóflóð (eyðublað fyrir snjóathugunarmenn)
2–4	Eyðublöð VÍ frá því fyrir 1997 (þrjár tegundir)
5	Skrifleg lýsing á flóði sem ekki er skráð á eyðublað VÍ
6	Eyðublaðið „Upplýsingar um fallið snjóflóð“
7	Skýrsla um snjóflóð (eyðublað fyrir aðra en snjóathugunarmenn)
8	Áhlaupsskýrsla
9	Kort með útlínu flóðs án skýrslu eða fylgir með skýrslu um annað flóð

Upplýsingar um flóð í gagnasafninu er ýmist fengnar úr snjóflóðaskýrslum sem ritaðar eru á eyðublöð frá Veðurstofunni, úr öðrum rituðum heimildum eða beint frá heimildarmönnum. Upplýsingar um heimildarmenn og ritaðar heimildir um ákveðið flóð, aðrar en snjóflóðaskýrslur, eru færðar í til þess ætlaðar töflur í gagnasafninu. Snjóflóðaskýrslur eru varðveittar á Veðurstofunni í möppum fyrir hvern vetur. Fyrir flóð þar sem til eru snjóflóðaskýrslur er tegund skýrslunnar færð í gagnasafnið og einnig hver skráði skýrsluna. Tegundir skýrslna koma fram í töflu 4.

Snjóflóðasagan

Elsta, skráða flóðið á svæðinu féll árið 1673 þegar snjóflóð féll á Búð í Hnífsdal. Íbúðarhúsið eyðilagðist svo og fiskihjallar og hey, en íbúarnir björguðust. Sögnin um þau snjóflóð sem valda tjóni lifir lengur manna á meðal, og þau eru líklegri til að vera skráð en þau flóð sem hafa fallið án þess að valda neinu tjóni. Til eru heimildir um fjölda snjóflóða sem fallið hafa við byggðina á Ísafirði og í Hnífsdal en ljóst er að mörg snjóflóð sem fallið hafa á svæðinu

eru hvergi skráð. Í bók sinni *Skriðuföll og Snjóflóð* segir Ólafur Jónsson (Ólafur Jónsson o.fl., 1992):

„Besta hugmynd um tíðni ofanfalla fáum vér þó úr annálum og fréttaritum, þótt mikið skorti á, að þessar heimildir telji upp nándar nærri öll skriðuföll og snjóflóð, er hér hafa orðið og valdið hafa verulegu tjóni, eða frásagnirnar séu svo skilmerkilegar, að þær gefi glögga hugmynd um tjón það, er orðið hefur í hvert sinn. Má fullyrða, að langt fram eftir öldum er það hrafl eitt af þessum fyrirbærum, sem skrásett er, og líða jafnvel svo aldir, að þeirra er að engu getið. Frásagnirnar fara fyrst að verða nokkuð samfelldar, þegar kemur fram um 1800, og síðustu 150 árin má gera ráð fyrir að flestra ofanfalla sé getið, sem valdið hafa stórfelldum skemmdum eða slysum.“

Ekki er ástæða til að ætla að skráningu hafi verið öðruvísi háttað á Ísafirði en annars staðar. Því má búast við því að heimildir séu til um flest snjóflóð sem valdið hafa stórfelldum skemmdum eða slysum frá því upp úr 1800. Fyrir þann tíma er skráningin hins vegar glöppóttari. Aðeins eru þó þrjú snjóflóð skráð sem féllu fyrir árið 1900. Líklegt má telja að þegar líða tók á 20. öldina hafi veflest þeirra flóða sem valdið hafa einhvers konar tjóni á húsum, án þess að endilega sé um stórfelldar skemmdir eða slys á fólki að ræða, verið skráð. Árið 1983 tók til starfa snjóathugunarmaður á Ísafirði og þar með hófst skipulögð skráning snjóflóða. Frá þeim tíma hafa öll stærri snjóflóð í og við byggð verið skráð. Oddur Pétursson hefur verið snjóathugunarmaður allan tímann. Hann var starfsmaður Ísafjarðarbæjar fram til 1995 þegar hann fór í fullt starf á vegum Veðurstofunnar.

Fjórum sinnum hafa orðið banaslys í snjóflóðum við Ísafjörð. Árið 1818 féll snjóflóð á bæinn Augnavelli sem var um 600 m innan við Hraun í Hnífsdal. Þar fórust fjórir. Árið 1910 fórust 20 manns í snjóflóði sem kom úr Búðargili í Hnífsdal. Árið 1941 fórust tveir þegar snjóflóð féll á húsið Sólgerði undir Seljalandshlíð og árið 1994 féll snjóflóð úr Seljalandsdal yfir skíðasvæðið og niður yfir sumarhúsasvæðið í Tungudal þar sem einn maður fórst.

Á síðustu árum hafa þrjú snjóflóð valdið mestu eignatjóni. Flóðið árið 1994 í Seljalandsdal og Tungudal eyðilagði lyftur og hús á skíðasvæðinu sem og 40 sumarbústaði. Árið 1995 varð talsvert tjón á sorpbrennslustöðinni Funa og árið 1999 eyðilögðust þá nýlega endurreistar skíðalyftur í Seljalandsdal.

Á svæðinu sem annállinn nær til á Ísafirði og í Hnífsdal hafa verið skráð 295 snjóflóð og hafa útlínur 274 þeirra verið hnitaðar inn í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar. Í nokkrum tilvikum er fleiri en einu snjóflóði lýst undir sama númeri í gagnasafninu og landupplýsingakerfinu og eru því snjóflóðin nokkru fleiri en þessar tölur segja til um.

Farvegir flóða og yfirlit yfir flóð í þeim

Kirkjubólshlíð

Kirkjubólshlíð nefnist fjallshlíðin við sunnanverðan Skutulsfjörð. Henni er skipt í tvennt um Naustahvilft og er eystri (nyðri) hluti hennar nefndur Ytri-Kirkjubólshlíð en sá vestari (syðri) nefnist Innri-Kirkjubólshlíð.

Ytri-Kirkjubólshlíð

Undir Ytri-Kirkjubólshlíð er nú engin byggð en vegurinn til Súðavíkur liggur um hana. Oft hafa fallið snjóflóð á veginn og eru þau flóð sem Oddur Pétursson hefur gert skýrslu um tekin með í þessa greinargerð, en þau eru ekki öll sett fram á korti. Frekari upplýsingar um flóð á svæðinu má fá hjá Veðurstofunni og Vegagerðinni.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3005 feb/mar 1910	Snjóflóð braut bræðsluhús á Kaldáreyri í eigu Grúts hf. og sópaði burtu keru með 16 lifrarfötum.
3006 3.3.1910	Snjóflóð hljóp á Naustum og braut að nokkru niður hlöðu og fjárhús og fyllti íbúðarhúsin að mestu af snjó. Átta kindur drápust.
3012 13.4.1919	Flóð féll úr fjallinu andspænis Ísafjarðarkaupstað. Það eyðilagði hús á ströndinni og drap nokkrar kindur sem þar voru.
3017 21.3.1936	Snjóflóð féll á Kaldáreyri og sópaði burtu geymsluhúsi.
3039 18.2.1970	Snjóflóð féll rétt innan við Bása. Jeppi með tveimur mönnum grófst í flóðinu en mennirnir gátu grafið sig út.
3040 12.2.1973	Snjóflóð í Ytri-Kirkjubólshlíð hreif með sér tvo bíla sem fastir voru í snjó í og færði þá niður í fjöru.
3064 23/24.3.1987	Snjóflóð féll úr fjallinu Erni, norðan við Kaldáreyri. Það féll niður í fjöru og lokaði veginum til Súðavíkur.
3070 24.1.1989	Þurrt lausasnjóflóð féll utan við Kaldáreyri, á móts við Skutulsfjarðareyri. Það stöðvaðist í fjörunni og lokaði veginum.
3970 24.1.1989	Snjóflóð lokaði veginum utan Kaldáreyri, rétt utan við Hrófarstein.
3084 26.2.1989	Þrjú flóð féllu á móts við Skutulsfjarðareyri. Ysta flóðið fór niður í fjöru, en hin stöðvuðust skammt ofan við veginn.
3086 27.1.1990	Flekaflóð féll nyrðst í Naustahvilft. Það fór yfir veg og niður í fjöru. Flóðið braut neðra vitahúsið á Naustunum og lokaði vegi.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3116 17.12.1993	Snjóflóð féll úr gili upp af Kaldáreyri og lokaði veginum.
3119 13.1.1994	Snjóflóð féll á veginn til Súðavíkur á móts við Skutulsfjarðareyri.
3120 29.1.1994	Snjóflóð lokaði veginum til Súðavíkur um stund, miðja veginni milli Kaldáreyrar og Bása.
3150 19.1.1995	Þurrt flekahlaup féll úr Naustahvilft, fór yfir veg og braut efri hlið á vitaskúr.
3172 25.10.1995	Sjö misstór flóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð og a.m.k. þrjú þeirra fóru yfir veg.
3200 7/8.11.1998	A.m.k. sjö lítil flóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð. Eitt þeirra fór yfir veginn.
3222 21.2.1999	Snjóflóð féll á þjóðveginnum við Kaldáreyri.
3227 11.3.1999	Mörg flóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
3272 31.12.1999	Þrjú smáflóð féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð og stöðvuðust við hlífarrætur.
3233 11.1.2000	Snjóflóð féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
3267 11.1.2000	Snjóflóð féll yfir Djúpveg innan við Bása og varð vegurinn ófær um hríð. Bifreið festist í flóðinu sem var um 50 m breitt.
3268 11.1.2000	Þurrt flekahlaup féll úr Básagili og lokaði Djúpvegi.
3266 11.1.2000	Tvö smáflóð féllu á móts við Skutulsfjarðareyri.
3280 2.2.2002	Snjóflóð féll úr gili upp af Kaldáreyri.
3279 2.2.2002	Snjóflóð úr Ytri-Kirkjubólshlíð stöðvaðist skammt frá þjóðveginum.

Innri-Kirkjubólshlíð

Innri-Kirkjubólshlíð er hlíðin milli Naustahvilftar og Kirkjubólshvilftar. Hlíðin er brött með mörgum litlum giljaskorum. Við innri (syðri) enda hlíðarinnar er hesthúsahverfi sem reist var 1986. Norðan við það og nokkru lengra frá hlíðinni er bærinn Kirkjuból. Á Kirkjubóli hefur verið búið í a.m.k. 700 ár, e.t.v. mun lengur, en bærinn fór í eyði árið 1982. Utan við

Kirkjuból, nær hlíðinni, var sorpbrennslustöðin Funi reist árið 1993. Norðan við Funa, niðri við sjóinn stendur sumarbústaður sem reistur var árið 1932. Kirkjubær er þar norðan við, en hann var reistur um 1898. Flugvallarendinn með flugstöð og fleiri flugvallarbyggingum er við norðurmörk Kirkjubólshlíðar innri. Suðvesturendi fjarðarins undir Hafrafellshlíð nefnist Fjarðarhorn.

Snjóflóð úr Innri-Kirkjubólshlíð eru mjög tíð og hafa stundum valdið skemmdum. Tvö mjög löng snjóflóð féllu úr hlíðinni á fyrra helmingi 20. aldar og munu hafa náð allt að Fjarðarhorni undir Hafrafellshlíð. Þau ollu ekki tjóni. Aðeins tvö flóð sem tjóni ollu eru skráð frá því fyrir 1983 þegar regluleg skráning snjóflóða hófst á Ísafirði. Heimildir um annað þeirra, sem mun hafa drepið hesta, eru óljósar og um tímasetninguna er ekki annað vitað en að heimildarmenn um flóðið kváðu að þeim hafi verið sagt að flóðið hafi fallið „fyrir löngu“. Hitt flóðið féll árið 1953 ofan og rétt utan við íbúðarhúsið á Kirkjubóli. Það tók geymsluskála með ýmiskonar landbúnaðarverkfærum og olli talsverðu tjóni. Árið 1995 féll snjóflóð á Funa. Miklar skemmdir urðu á efri hlið hússins. Eftir þetta var hafist handa við að reisa varnarfleyg ofan Funa og var því lokið árið 2002. Fleygurinn hefur þegar bægt tveimur snjóflóðum, sem féllu árin 1999 og 2001, frá byggingunni. Snjóflóð hafa oft fallið nálægt Kirkjubæ. Árið 1993 rann snjóflóð um 10 m niður með suðurvegg hlöðunnar þar, án þess þó að valda skemmdum. Snjóflóð hafa margsinnis lokað veginum undir Kirkjubólshlíð. Árið 1994 sluppu tveir menn naumlega þegar snjóflóð flutti lögreglubíl niður í fjöru rétt innan við flugvöllinn.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3158 „fyrir löngu“	Snjóflóð úr ytra horni Kirkjubólshviltar féll niður undir á. Það tók með sér hesta sem voru í hesthúsi og bar þá niður undir ána.
3159 1910–1920	Snjóflóð féll úr Kirkjubólshlíð, og fyrir fjarðarbotninn, sem var ísilagður, allt yfir í Fjarðarhorn.
3160 1946/1947	Snjóflóð úr Kirkjubólshlíð féll yfir ísilagðan fjarðarbotninn, allt yfir í Fjarðarhorn.
3029 28.3.1953	Snjóflóð féll rétt utan við íbúðarhúsið á Kirkjubóli. Þar fór það niður fyrir veg, sem lá heim að bænum. Flóðið tók geymsluskála með ýmiskonar landbúnaðarverkfærum. Tækin sópuðust ásamt skálanum niður fyrir veg og brotnuðu mikið, en dráttarvél og bifreið sem voru einnig í skálanum skemmdust lítið. Flóðið tók einnig ýmislegt lauslegt sem stóð á hlaðinu við Kirkjuból.
3157 28.3.1953	Stórt snjóflóð, sem átti upptök ofan Kirkjubóls, var að sögn heimildarmanna 700 m breitt. Það hefur líklega náð til þessa farvegar auk farvegarins ofan Kirkjubóls og Funa, eða um hefur verið að ræða tvö flóð sem fallið hafa með stuttu millibili.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3061 14/15.1.1986	Þurrt lausasnjóflóð stöðvaðist ofan við túngirðingu á Kirkjubóli, um 40 m frá girðingunni.
3066 24.3.1987	Þurrt flekaflóð féll úr gili sunnanvert við Kirkjubæ og stöðvaðist rétt við túngirðingu ofan bæjarins.
3082 26.2.1989	Þurrt flekahlaup stöðvaðist í um 75–100 m fjarlægð frá bæjarhúsunum á Kirkjubæ. Breidd tungu var um 200 m og rúmmálið um 12000 m ³ .
3883 26.2.1989	Lítið snjóflóð féll úr Innri-Kirkjubólshlíð.
3983 26.2.1989	Lítið snjóflóð féll úr Innri-Kirkjubólshlíð.
3083 26.2.1989	Þurrt flekahlaup féll ofan við innri enda flugvallar. Flóðið skiptist í tvær tungur og fór sú ytri í sjó eða a.m.k. niður í fjöru. Flóðið lokaði veginum og eyðilagði túngirðingu á u.þ.b. 50 m kafla nyrst á Kirkjubæjartúni.
3137 29.12.1989	Snjóflóð féll ofan Funa og stöðvaðist í rúmlega 20 m hæð.
3232 29.12.1989	Spýja féll úr gili skammt utan Kirkjubæjar.
3103 8.3.1992	Vott lausasnjóflóð féll rétt innan Naustahvilftar en einnig hlupu nokkrir aðrir farvegir í hlíðinni.
3117 17.12.1993	Þurrt flekahlaup féll ofan við Kirkjubæ og stöðvaðist rétt innan við bæinn. Það rann um 10 m niður með suðurvegg hlöðunnar.
3129 10.4.1994	Þrjú aðskilin snjóflóð féllu úr giljum milli flugvallarenda og Kirkjubæjar. Flóðin fóru út í sjó á um 280 m breiðum kafla. Eitt flóðanna felldi rafspenni og braut raflínustaur. Það tók einnig lögreglubíl með tveimur mönnum á veginum og færði niður í fjöru. Bæði menn og bíll sluppu heilir. Flóðin skemmdu einnig túngirðingar á 200 m kafla.
3132 13.4.1994	Snjóflóð féll upp af innri enda flugvallar og stöðvaðist um 35 m ofan þjóðvegur.
3131 13.4.1994	Snjóflóð féll úr Innri-Kirkjubólshlíð upp af innri enda flugvallar. Það fór yfir veg og stöðvaðist 6 m frá girðingu umhverfis flugvöllinn.
3133 13.4.1994	Flóð úr hlíðinni ofan innri enda flugbrautarinnar stöðvaðist um 85 m ofan þjóðvegur.
3134 27.4.1994	Snjóflóð féll úr gili ofan Funa.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3834 27.4.1994	Nokkur snjóflóð féllu úr giljum ofan Funa.
3934 27.4.1994	Nokkur snjóflóð féllu úr giljum ofan Funa.
3141 16.12.1994	Þurrt flekahlaup féll úr gili fyrir ofan efnisnámu upp af flugvallarafleggjara.
3166 23.10.1995	Snjóflóð féll úr gili rétt norðan við Kirkjubæ og stöðvaðist um 50 m ofan við þjóðveg.
3167 23.10.1995	Þurrt flekahlaup féll úr gili rétt sunnan Kirkjubæjar. Það stöðvaðist rétt við og innan við útihúsin að Kirkjubæ.
3264 23.10.1995	Snjóflóð úr Innri-Kirkjubólshlíð féll niður að vegi.
3171 25.10.1995	Þurrt flekahlaup féll á sorpbrennslustöðina Funa og olli töluverðu tjóni. Miklar skemmdir urðu á efri hlið hússins. Snjór braut klæðningu, hurðir og glugga. Móttakan fylltist og einnig umhverfis brennsluofn. Rafmagnsstjórnubúnaður eyðilagðist. Þrjár bifreiðar eyðilögðust. Tveir starfsmenn voru við vinnu í húsinu og björguðust þeir ómeiddir. Snjór þeyttist upp á þak hússins, í um 11.5 m hæð.
3178 22.2.1997	Snjóflóð stöðvaðist um 250 m frá stöðvarhúsi Funa. Það var 60 m breitt og rúmmálið um 3600 m ³ .
3181 22.2.1997	Snjóflóð féll upp af Kirkjubæ og stöðvaðist við túngirðingu í 50 m fjarlægð frá hlöðu við bæinn.
3182 22.2.1997	Snjóflóð féll úr næsta gili austan við „Kirkjubæjargil“ og stöðvaðist við veginn 150 m austan við Kirkjubæ.
3186 1.3.1997	Snjóflóð stöðvaðist á hryggnum u.þ.b. 300 m frá Funa.
3190 12.4.1997	Snjóflóð féll úr gili upp af Funa. Flóðið fór niður í brekkurætur og stöðvaðist um 250 m frá Funa.
3199 7/8.11.1998	Þrjú smáflóð féllu úr Kirkjubólshlíð. Eitt féll úr gili ofan við afleggjarann niður að flugvellinum og tvö úr „Funagili“.
3206 14/15.12.1998	Þurrt flekahlaup féll ofan við Kirkjubæ og stöðvaðist um 200 m frá hlöðunni.
3207 14/15.12.1998	Þrjú lítil flóð féllu á svæðinu ofan við Funa.
3208 12/13.1.1999	Þrjár smáspýjur féllu úr Innri-Kirkjubólshlíð ofan og innan flugstöðvar.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3221 21.2.1999	Snjóflóð stöðvaðist við varnarfleyg sem er ofan við Funa.
3226 11.3.1999	Mörg flóð féllu í Innri-Kirkjubólshlíð.
3271 31.12.1999	Mörg smáflóð féllu í Innri-Kirkjubólshlíð og stöðvuðust við hlíðarrætur. Það stærsta féll við Funa.
3260 4.3.2001	Snjóflóð úr Innri-Kirkjubólshlíð stöðvaðist um 15 m ofan við veginn að Funa og Kirkjubæ.
3256 12.3.2001	Snjóflóð stöðvaðist í 150 m fjarlægð frá vegi við gámasvæði Funa.
3261 11/12.3.2001	Spýja féll úr hlíðinni ofan Funa.
3257 2.4.2001	Snjóflóð stöðvaðist við varnarvirkin í um 80 m fjarlægð frá Funa.
3278 19/20.1.2002	Snjóflóð úr Innri-Kirkjubólshlíð stöðvaðist um 60 m frá vegi.
3281 13.2.2002	Snjóflóð féll úr Innri-Kirkjubólshlíð upp af flugstöðinni.

Fossahlíð, Rauðkollshvilft, Fossahvilft, Engidalur og Dagverðardalur

Dalurinn innan Kirkjubólshlíðar nefnist Engidalur og Fossadalur opnast til suðausturs innarlega í Engidal. Hlíðin innan Kirkjubólshlíðar nefnist Fossahlíð og innan hennar eru Rauðkollshvilft og Fossahvilft. Ysti hluti hlíðarinnar vestan Engidals, andspænis Innri-Kirkjubólshlíð, nefnist Hafrafellshlíð. Á þessu svæði er lítið um mannvirki utan Fossavirkjunar og rafmagnslínunnar til Súðavíkur og snjóflóð hafa því ekki verið skráð reglulega. Fjögur flóð eru þó skráð á þessu svæði.

Dalurinn, sem gengur til suðurveðurs vestan Kubba, nefnist Dagverðardalur. Nokkur snjóflóð eru skráð úr Hádegishvilft í Kubba og hafa þau lengstu náð yfir Úlfsá og upp á Hvítabala handan árinna.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3013 u.þ.b. 1920	Snjóflóð féll af Breiðinni í Kubba og yfir á Hvítabala. Það braut tvo símastaura.



Mynd 4: Kubbi og Holtahverfi (ljósmynd: Harpa Grímsdóttir).

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3026 um 1950	Eitt eða tvö snjóflóð hlupu úr Breiðinni í Kubba, yfir gamla veginn.
3046 16.2.1981	Snjóflóð féll á Dagverðardal.
3048 16.2.1981	Snjóflóð úr Hafrafellshlíð náði að loka veginum fyrir botni fjarðarins, á um 20 m kafla í beygjunni.
3060 23.12.1985	Snjóflóð féll í Hádegishvilft í Dagverðardal.
3062 9.12.1986	Snjóflóð úr Rauðkollshvilft tók eina A-staurastæðu um 500 m frá upptökunum. A-stæðan hélt uppi 500 m línuhafi frá hjöllunum upp á brún. Flóðið fór niður á næsta hjalla fyrir neðan Rauðkollshvilft en náði ekki niður í Fossahlíð.
3130 13.4.1994	Snjóflóð úr Fossahlíð féll úr um 700 m h.y.s.
3161 18.12.1994	Snjóflóð úr Rauðkollshvilft í Fossahlíð tók þrjár A stæður og eina tvístæðu í raflínunni til Súðavíkur.

Kubbi ofan Holtahverfis (Brattahlíð)

Holtahverfi er fyrir botni Skutulsfjarðar undir fjallinu Kubba. Þar eru um 100 einbýlishús, fimm fjölbýlishús og nokkur raðhús. Húsin voru flest byggð á árunum 1976–1980. Suður

af hverfinu rís fjallið Kubbi upp í um 360 m hæð yfir innri hluta hverfisins, en það lækkar í átt að sjó yfir ytri hlutanum (mynd 4). Toppur Kubba er tiltölulega sléttur. Hlíðin sem snýr að Holtahverfi er brött og fremur einsleit og nefnist Brattahlíð. Efst eru klettabelti með litlum skorum og skálum. Húsin standa á sléttu svæði neðan Kubba, sum þeirra mjög nálægt fjallinu. Bæirnir Góustaðir, Úlfsá og Árbær standa nálægt Holtahverfi, fjær Kubba. Góustaðir voru reistir 1897, Úlfsá 1895 og Árbær 1925.

Nokkur flóð eru skráð úr Bröttuhlíð ofan Holtahverfis. Á 3. áratug 20. aldar stöðvaðist snjóflóð við hlaðinn grjóttgarð ofan við Góustaði. Á 7. áratugnum féll einnig snjóflóð úr Kubba ofan Góustaða. Það náði inn á tún við bæinn og braut tvo girðingarstaura. Árið 1981 féllu fjögur snjóflóð á svæðinu. Eitt þeirra náði niður að húsunum næst fjallinu án þess að valda tjóni. Árið 1984 féll snjóflóð á húsin Kjarrholt 2 og 4 og olli töluverðu tjóni.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3152 líkl. á 3. áratugnum <i>14.9</i>	Snjóflóð úr Kubba stöðvaðist um 80 m ofan Góustaða á þriðja áratug tuttugustu aldar. Tunga flóðsins var þunn og fremsti hluti hennar kann að hafa verið kóf.
3035 snemma á 7. áratugnum <i>13.3</i>	Snjóflóð féll úr Kubba, beint upp af Góustöðum, snemma á sjöunda áratugnum. Flóðið náði inn á tún við bæinn og braut tvo girðingarstaura.
3047 16.2.1981 <i>10.6</i>	Fjögur snjóflóð féllu úr Kubba ofan Holtahverfis og náði eitt þeirra efstu húsum.
3054 4.1.1984 <i>12.3</i>	Þurr flekahlaup féll úr Kubba og stöðvaðist við húsin að Kjarrholti 2 og 4. Flóðið braut hurð á húsinu Kjarrholti 4, rann inn í svefnherbergi og gang og skemmdi innanstokksmuni. Einnig tók flóðið með sér fólksbifreið er stóð á Holtabraut, ofan við Kjarrholt 2, bar hana með sér 30–40 m og skemmdi talsvert. Breidd tungu var 75 m og dýpt dyngjunnar 2.5 m.
3188 8.3.1997	Snjóflóð féll úr Bröttuhlíð í Kubbanum og stöðvaðist 10 m ofan við girðingu. Það var um 30 m breitt og rúmmálið um 960 m ³ . Tvö önnur smærri flóð féllu fyrr um morguninn.

Tungudalur innan sumarbústaðasvæðis

Ekki hafa verið skráð snjóflóð sérstaklega í botni Tungudals fyrr en eftir árið 1994 þegar byrjað var að reisa þar skíðasvæði eftir að skíðasvæðið á Seljalandsdal eyðilagðist í snjóflóði. Eftir að skíðavæðið á Seljalandsdal fór aftur í snjóflóði árið 1999 hefur farið fram mikil uppbygging í Tungudal. Aðeins hafa verið skráðar þrjár litlar spýjur innarlega í dalnum og eitt snjóflóð er skráð úr Háubrun í nágrenni við nýja skíðaskálann.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3140 10/11.12.1994	Lítið snjóflóð féll 80 m vestan við nýju skíðalyftuna í Tungudal.
3154 feb/mar 1995	Tvö lítil snjóflóð féllu í Tungudalsbotni. Þetta er vestara flóðið.
3155 feb/mar 1995	Tvö lítil snjóflóð féllu í Tungudalsbotni. Þetta er eystra flóðið.
3248 29.2.2000	Flekahlaup féll úr Háubrun í Tungudal.

Sumarhúsasvæðið í Tungudal

Elstu bústaðirnir í Tungudal eru frá 3. og 4. áratug 20. aldar. Fremur brött brekka er ofan við þá, en í um 180 m y.s. er brun og ofan hennar er Seljalandsdalur. Þar fyrir ofan var skíðasvæðið á Seljalandsdal. Árið 1994 eyðilögðust 40 bústaðir í flóði sem kom úr Breiðafelli ofan við Seljalandsdal. Um það flóð er fjallað með flóðum á Seljalandsdal. Árið 1973 kom snjóflóð úr gili ofan við austasta sumarbústaðinn. Það tók með sér sumarbústað, bar hann með sér á rafmagnsstaur og braut hann. Ekki er ljóst við hvaða gil er átt. Um önnur flóð með upptök neðan Seljalandsmúla er ekki vitað.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3042 13.2.1973 10.5	Snjóflóð féll úr gili ofan við austasta sumarbústaðinn í Tunguskógi. Sumarbústaðurinn eyðilagðist.

Skíðasvæðið á Seljalandsdal

Snjóflóð eru tíð úr Seljalandshlíð ofan gamla skíðasvæðisins. Fyrsti skíðaskálinn sem reistur var á Seljalandsdal hét Skíðheimar. Hann var reistur árið 1928 og stóð skammt frá Skíðheimum II sem standa þar enn. Sá skáli var rifinn um 1940. Árið 1939 reisti Skíðafélag Ísafjarðar annan skála á dalnum. Hann stóð nokkru innan við Skíðheima og fór í snjóflóði árið 1953 (sjá staðsetningu og nánari umfjöllun í greinargerð Hörpu Grímsdóttur (1999) um byggingarár húsa á Ísafirði og í Hnífsdal). Eftir að regluleg skráning snjóflóða á Ísafirði hófst 1983 hafa mörg snjóflóð verið skráð á Seljalandsdal, flest úr „Gullhólsgili“ í Breiðafelli, sem stundum er einnig nefnt „Breiðafellsgil“, enda einkennist svæðið af miklum bratta og mikilli snjósöfnun. Engin alvarleg slys hafa orðið á fólki á eða við skíðasvæðið af völdum snjóflóða, en skíðamenn hafa lent í flóðum og stundum hefur litlu mátt muna að illa færi. Árið 1994 féll mjög stórt snjóflóð úr brún Breiðafells, yfir skíðasvæðið, fram af Seljalandsmúla og niður yfir sumarbústaðalandið í Tungudal. Skíðaskáli, fjórar lyftur og ýmsir kofar og tæki eyðilögðust á Seljalandsdal. Í Tungudal eyðilögðust 40 sumarbústaðir. Þar lést einn maður og kona slasaðist mikið. Sumarbústaðalandið og hluti af skíðasvæðinu var endurreist eftir þetta. Árið 1999 féll annað stórt flóð yfir skíðasvæðið. Skíðalyfta, sem byggð var 1995, skemmdist mikið og einnig skíðalyfta, sem verið var að byggja, ásamt ýmsum tækjum. Eftir þetta var skíðasvæðið flutt inn í Tungudal. Skíðaskálarnir Skíðheimar II og skáli fyrir skíðagöngufólk á Háubrun sunnan Bunár eru einu mannvirkin sem eftir standa á Seljalandsdal.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3028 18.1.1953 <i>10.0</i>	Snjóflóð féll úr Gullhólsgili í Breiðafelli þegar fjórir skíðamenn voru þar á ferð. Lenti einn þeirra í flóðinu og barst með því um 350 m en slapp ómeiddur. Skíðamaður niðri á Seljalandsdal lenti í útjaðri flóðsins og slasaðist hann lítillega.
3030 28.3.1953 <i>16.2</i>	Snjóflóð féll úr gili ofan við gamla skíðaskála Skíðafélags Ísfirðinga á Seljalandsdal. Flóðið geryðilagði meginhluta skíðaskálans. Vegna óveðurs var enginn staddur í skálanum, en það var fyrsta mannlausa helgin síðan um áramót.
3056 7.4.1985 <i>11.3</i>	Snjóflóð féll úr Breiðafelli og stöðvaðist ofan við barnalyftu.
3067 2/3.4.1987	Snjóflóð féll niður á jafnsléttu á Skarðsengi.
3073 14.2.1989 <i>7.2</i>	Snjóflóð féll úr Sandfelli við skíðasvæði Ísfirðinga. Það var um 140 m breitt og mesta þykkt um 2.5 m.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3093 19.3.1991 9.8	Þurrt flekahlaup féll úr hlíð Breiðafells ofan við Gullhól. Það olli skemmdum á endastöð og endamastri skíðalyftu á Gullhól.
3094 19.3.1991 11.0	Snjóflóð féll úr Gullhólsgili í Breiðafelli. Það stöðvaðist um 30 m neðan við 3. staur (ofan frá) í gömlu lyftunni.
3102 13.11.1991 14.4	Snjóflóð féll ofan og rétt innan við Skíðheima. Það var um 80 m breitt og um 8000 m ³ að rúmmáli. Flóðtungan var aðeins um 30 m frá endastöð skíðalyftu.
3121 25.3.1994 11.1	Snjóflóð féll úr Breiðafelli, í hlíðinni upp af Gullhól. Drengur lenti í jaðri flóðsins en slapp án meiðsla. Flóðið stöðvaðist um 40 m ofan við endastöð Gullhólslýftunnar.
3122 4.4.1994 12.8	Snjóflóð féll úr gilinu í Breiðafelli. Það fór niður á milli 8. og 9. staurs á skíðalyftunni á Gullhól, en olli líklega engum skemmdum.
3124 5.4.1994 16.7	Mjög stórt snjóflóð átti upptök í brún Breiðafells. Það rann yfir Seljalandsdalinn og var þar 630 m breitt og féll síðan fram af Seljalandsmúlanum og niður yfir sumarbústaðabyggðina í Tungudal, þar sem það var 450 m á breidd. Flóðið stöðvaðist handan Tunguár. Mikið tjón varð á skíðasvæðinu á Seljalandsdal þar sem skíðaskáli, fjórar lyftur og ýmsir kofar og tæki sópuðust í burtu. Í Tungudal eyðilögðust 40 sumarbústaðir. Þar lést einn karlmaður og kona slasaðist mikið.
3165 23.10.1995 13.1	Þurrt flekahlaup féll úr Breiðafelli. Flóðið beygði stiga á næstefsta mastrinu í lyftu I, sem byggð var 1995. Tungan var um 700 m breið, en ekki er vitað hvort um eina eða fleiri flóðtungur var að ræða.
3173 6.4.1996	Spýja féll úr Gullhólsgili í Breiðafelli og stöðvaðist neðarlega í gilinu. Skíðamaður missti annað skíðið og gleraugu. Smá spýjur höfðu fallið í hlíðum sem snúa í suður.
3174 17.1.1997 12.3	Þurrt flekahlaup átti upptök á svæðinu frá Gullhólsgili í Breiðafelli og hlíðinni út að Hrossaskál. Flóðið stöðvaðist á móts við 6. lyftumastur í skíðalyftu.
3175 6.2.1997 7.0	Fremur lítið snjóflóð féll úr gilinu í Breiðafelli og stöðvaðist 20 m neðan við gilkaftinn.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3176 11.2.1997 10.5	Þurrt flekahlaup féll úr Gullhólsgili í Breiðafelli. Flóðið stöðvaðist á móts við 7. mastur skíðalyftu talið neðan frá. Fjarlægð frá skíðalyftu var um 80 m.
3189 27.3.1997 15.0	Þurrt flekahlaup féll úr gilinu í Breiðafelli og stöðvaðist á móts við fyrsta mastur frá neðri endastöð skíðalyftu.
3191 21.1.1998 9.6	Snjóflóð úr Gullhólsgili stöðvaðist á móts við 3. mastur að ofan í skíðalyftu.
3193 7–9.2.1998 10.2	Snjóflóð úr Gullhólsgili stöðvaðist á móts við 4. mastur í skíðalyftu upp á Gullhól.
3284 7–9.2.1998	Snjóflóð úr suðurhlíð Breiðafells, austan við Gullhólsgilið, skemmdi skíðalyftustaur.
3195 18.2.1998	Snjóflóð úr hlíð Breiðafells, austan við skíðalyftuna, stöðvaðist um 20 m austan við skíðalyftuna.
3201 8/9.11.1998	Snjóflóð úr hlíð Breiðafells féll niður á milli „topplyftunnar“ og lyftunnar, sem reist var í kjölfar flóðanna í apríl 1994.
3230 13.3.1999 15.0	Undir Breiðafelli féll snjóflóð sem átti upptök á um 1600 m breiðu svæði og olli miklu tjóni á skíðasvæðinu. Skíðalyfta sem byggð var 1995 skemmdist mikið og einnig skíðalyfta sem verið var að byggja. Skúr fyrir stjórnæki lyftunnar eyðilagðist og dráttarvél sem notuð var við lyftubygginguna. Tungan var um 1100 m breið og 1.4 m djúp þar sem hún var þykkust.

Seljalandshlíð upp af Seljalandi

Engin djúp gil eru í hlíðinni upp af Seljalandi (mynd 5). Seljalandsmúli er í 100 m y.s. rétt sunnan við Seljaland og hækkar til suðurs. Bærinn Seljaland er lögbýli og hefur staðið á svipuðum stað í a.m.k. 700 ár, og sennilega töluvert lengur. A.m.k. þrjár sumarbústaðir voru reistir u.þ.b. 1935 í Seljalandsmúlanum ofan við Seljaland. Innan við Seljaland voru nokkur íbúðarhús og tvær blokkir byggðar á árunum 1989–1995. Þar hafði ekki verið byggð áður, en neðan við hverfið standa tvö hús frá árunum 1927 og 1934.

Árið 1947 féll snjóflóð sem eyðilagði þrjá sumarbústaði og olli skemmdum á íbúðarhúsinu og útihúsum að Seljalandi. Árið 1954 eyðilagði snjóflóð einn sumarbústað og skekkti annan á grunni. Ekki er hins vegar vitað um snjóflóð ofan við nýja Seljalandshverfið sem náð hafa fram af múlanum.



Mynd 5: Seljalandshlíð og ytri hluti Seljalandshverfis (ljósmynd: Jón Gunnar Egilsson).



Mynd 6: Seljalandshlíð milli Seljalands og Gleiðarhjalla (ljósmynd: Jón Gunnar Egilsson).

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3020 24.3.1947 15.2	Snjóflóð féll úr Seljalandshlíð og var upptakasvæði þess nokkur hundruð metra breitt svæði ofan Seljalands og Seljalandsmúla. Flóðið tók þrjá sumarbústaði í Seljalandsmúlanum, braut hlöðu á Seljalandi, laskaði íbúðarhúsið þar og hálfyllti af snjó. Tungan var um 200 m breið við Seljaland og náði niður í Tunguá á um 100 m kafla.
3031 5.3.1954 13.3	Snjóflóð féll úr Seljalandshlíð upp af Seljalandi. Það eyðilagði einn sumarbústað og skekkti annan á grunnni.
3033 5.3.1954 13.4	Tvö flóð til viðbótar við flóð nr. 3031 og 3032, féllu innan við Ísafjarðarkaupstað þennan dag, en farvegir þeirra eru ekki vel þekktir.
3125 5.4.1994 11.5	Snjótroðari, sem var á leið eftir Skíðaveginum um 100 m austan við Seljalandsá, lenti í snjóflóði og fór að hálfu í kaf en skemmdist ekki. Tveir menn voru í troðaranum. Líklega voru þetta tvær flóðbylgjur sem komu með skömmu millibili.
3185 22.2.1997 « 11	Tvö lítil flóð féllu í hlíðinni upp af Seljalandi.
3210 12/13.1.1999 « 11	Tvær litlar spýjur féllu ofan Seljalands.

„Karlsárgil“

„Karlsárgil“ líkt og „Grænagarðsgil“ og „Steiniðjugil“ (mynd 6), er nafn sem aðeins er notað til hægðarauka við skráningu snjóflóða úr nafnlausu gili. Nokkur snjóflóð eru skráð úr giliinu, öll nema eitt eftir að snjóathugunarmaður tók til starfa á Ísafirði. Bærinn Stekkjanes stóð þar niður við sjó á árunum 1698-1735. Eftir það var engin íbúðarbyggð á svæðinu fyrr en íbúðarhúsið Karlsá var reist aðeins innar og ofar u.þ.b. 1925. Árið 1947 fór það í snjóflóði og sögur herma að húsið hafi farið 80 m út á Poll. Nokkrir kofar og sumarbústaðir hafa staðið á svæðinu. Í janúar 1995 féll stórt snjóflóð sem braut sumarbústað, fjárhús, gæsakofa o.fl. Nokkrar skepnur drápu og flóðið fór út í sjó. Árið 1999 féll líka stórt flóð á svæðinu og fór niður undir sjó.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3021 24.3.1947 > 13.8	Snjóflóð tók íbúðarhúsið að Karlsá af grunni og flutti það niður í fjöru. Sögur herma að húsið hafi farið 80 m út á Poll. Húsfreyja var ein heima við og slasaðist hún nokkuð. Tungan var um 80 m breið við sjávarmál.
3234 26.2.1989 10.3	Snjóflóð féll úr „Karlsárgili“ og stöðvaðist í 55 m hæð.
3254 29.12.1989 9.2	Flóð úr „Karlsárgili“ stöðvaðist efst á aurkeilunni.
3097 13.11.1991 10.4	Þurrur flekahlaup féll úr „Karlsárgili“ og stöðvaðist um 60 m ofan við Skíðaveg. Það var um 90 m breitt og rúmmálið um 7000 m ³ .
3147 16.1.1995 > 13.5	Snjóflóð úr „Karlsárgili“ fór yfir Skutulsfjarðarbraut á 140 m kafla og út í sjó. Flóðið braut sumarbústað, fjárhús (5 kindur drápuð), gæsakofa (nokkrar gæsir drápuð), fjóra raflínustaura og tók girðingu á 150 m kafla.
3180 22.2.1997 10.7	Snjóflóð stöðvaðist við ristarhlið á Skíðavegi.
3197 22/23.10.1998 8.1	Snjólítið, þunnt flóð úr „Karlsárgili“ stöðvaðist í um 155 m y.s.
3224 21.2.1999 > 13.5	Snjóflóð fór yfir Skutulsfjarðarbraut. Vestari jaðar tungu var við austurhlið grunns Karlsárhússins sem fór í snjóflóði árið 1947.
3228 11.3.1999 10.2	Snjóflóð féllu frá „Karlsárgili“ og hlíðinni vestan gilsins rétt utan við Seljaland. Þetta voru mörg, vot flóð en erfitt var að aðgreina tungur.

„Grænagarðsgil“

„Grænagarðsgil“, líkt og „Karlsárgil“ og „Steiniðjugil“ (mynd 6), er nafn sem aðeins er notað til hægðarauka við snjóflóðaskráningu úr nafnlausu gili. Úthlaupssvæði þess og Hrafnagils ná saman. Líkt og í öðrum giljum í utanverðri Seljalandshlíð eru snjóflóð úr „Grænagarðsgili“ mjög tíð og hafa nokkrum sinnum náð niður að sjávarmáli. Gamli-Grænigarður stóð aðeins innan (sunnan) við Netagerðina og var hann líklega reistur fyrir 1880. Árið 1916 er talið að snjóflóð hafi fallið á Grænagarðsbæinn, tekið þakið af húsinu og gaflinn úr því út á Poll.

Menn eru hins vegar ekki sammála um hvort um snjóflóð hafi verið að ræða, en eftir þetta var Grænigarður endurreistur beint ofan við þar sem Netagerðin stendur núna. Fyrsti hluti Netagerðarinnar var reistur um 1917 og hefur hún byggst í mörgum áföngum síðan. Ekki er vitað til þess að snjóflóð hafi lent á henni. Árið 1947 eyðilögðust sumarbústaður og hæsnahús í snjóflóði úr gilinu. Árið 1974 eyðilagði snjóflóð vörubíl og færði niður í fjöru.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3009 15.2.1916 <i>13.5</i>	Snjóflóð féll e.t.v. á Grænagarðsbæinn, tók þakið af húsinu og gaffinn úr því út á Poll. Mæðgur sluppu ómeiddar úr húsinu. Menn eru ekki sammála um hvort um snjóflóð hafi verið að ræða eða hvort bærinn hafi skemmst af völdum snjóþyngsla.
3019 24.3.1947 <i>12.5</i>	Snjóflóð féll úr Seljalandshlíð milli Karlsár og Grænagarðs. Flóðið lenti á litlum sumarbústað og braut hann í spón og tók einnig hæsnahús.
3038 10.11.1969 <i>12.4</i>	Snjóflóð féll ofan við Grænagarð. Flóðið tók með sér sumarbústaði og losaði um háspennulínustaur svo það varð rafmagnslaust í hálf tíma í bænum.
3045 12.2.1974 <i>13.5</i>	Snjóflóð úr „Grænagarðsgili“ féll þar sem gamli Grænigarður stóð. Flóðið eyðilagði nýjan, stóran vörubíl og færði niður í fjöru. Einnig tók flóðið þrjá raflínustaura.
3253 29.12.1989 <i>9.3</i>	Snjóflóð úr „Grænagarðsgili“ stöðvaðist rétt ofan og innan við efnisnámu.
3126 5.4.1994 <i>13.8</i>	Snjóflóð féll úr „Grænagarðsgili“ og niður í fjöru. Skutulsfjarðarbraut varð ófær bifreiðum á 80 m kafla. Einnig skemmdust túngirðingar og tveir raflínustaurar brotnuðu.
3144 17/18.12.1994 <i>9.5</i>	Snjóflóð féll úr „Grænagarðsgili“ en vegna illviðris sást ekki til flóðsins fyrr en 19. desember.
3164 23.10.1995 <i>13.0</i>	Þurrt flekahlaup stöðvaðist við vegamótin þar sem Skíðavegur byrjar.
3286 22.2.1997 <i>9.3</i>	Snjóflóð féll úr „Grænagarðsgili“ og stöðvaðist í um 80 m hæð.
3204 14/15.12.1998 <i>< 11</i>	Lítill spýja féll í Grænagarðsgili.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3209 12/13.1.1999 12.3	Snjóflóð stöðvaðist 30 m ofan við Skíðaveg.
3218 21.2.1999 9.4	Fremur lítið snjóflóð.
3273 31.12.1999 9.2	Spýja úr „Grænagarðsgili“ stöðvaðist skammt neðan við gilmunnann.
3269 8.1.2000 10.1	Snjóflóð stöðvaðist rétt ofan við raflínuna.
3245 28.2.2000 9.8	Snjóflóðið úr „Grænagarðsgili“ fór niður í um 50 m hæð.

Hrafnagil

Hrafnagil skásker hlíðina inn frá suðurvesturenda Gleiðarhjalla (mynd 6). Úthlaupssvæði þess og „Grænagarðsgils“ ná saman. Mörg snjóflóð eru skráð úr gilinu, öll nema eitt eftir að snjóathugunarmaður tók til starfa og regluleg skráning flóða hófust. Þetta eina snjóflóð féll árið 1952 og eyðilagði skíðabraut við Grænagarð. Grænigarður hefur staðið neðan gilsins frá því u.þ.b. 1916, en ekki er búið þar að vetrarlagi nú. Snjóflóð úr Hrafnagili hafa komið nálægt Grænagarði og árið 1995 féll flóð á vesturhorn hússins án þess að valda skemmdum.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3027 1.5.1952 9.0	Snjóflóð féll úr Hrafnagili og eyðilagði skíðabraut við Grænagarð.
3065 24.3.1987 12.1	Þurrt flekahlaup féll úr Hrafnagili og stöðvaðist um 150 m ofan við húsið á Grænagarði. Flóðið gróf gröfu og gröfustjóra án þess að skaða manninn eða tækið. Fjargirðing eyðilagðist á 50 m kafla. Breidd flóðtungunnar var um 100 m, mesta dýpt dyngjunnar 3 m og rúmmál áætlað 23 þúsund m ³ .

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3080 26.2.1989 <i>11.3</i>	Flekahlaup féll úr Hrafnagili, rann ofan í malarnámur og stöðvaðist í u.þ.b. 50 m hæð. Breidd tungu var 150 m og mesta dýpi hennar 4 m.
3252 29.12.1989 <i>10.2</i>	Flóð úr Hrafnagili stöðvaðist í efnisnámu.
3092 27.1.1990 <i>11.4</i>	Flekahlaup fór af stað í Hrafnagili og stöðvaðist í efnisnámu vel ofan vegar. Breidd flóðtungunnar var um 100 m, mesta þykkt 4–5 m og rúmmál u.þ.b. 8 þúsund m ³ .
3095 13.11.1991 <i>10.9</i>	Flekaflóð kom úr Hrafnagili og stöðvaðist í efnisnámu vel ofan vegar. Breidd tungu var um 80 m, mesta þykkt 3 m og rúmmál um 10 þúsund m ³ .
3113 13.1.1993 <i>12.7</i>	Flekahlaup féll úr Hrafnagili og stöðvaðist að mestu í efnisnámunni. Mjórri tunga stöðvaðist 20 m ofan við Seljalandsveg. Breidd tungunnar var 60 m, mesta þykkt hennar 0.6 m og rúmmál u.þ.b. 3000 m ³ .
3143 17/18.12.1994 <i>9.8</i>	Snjóflóð féll úr Hrafnagili en vegna illviðris sást ekki til þess fyrr en 19. desember.
3149 18.1.1995 <i>13.4</i>	Þurrt flekahlaup kom úr Hrafnagili. Það lenti á vesturhorni hússins á Nýja-Grænagarði og rann niður í garðinn vestan við húsið, en olli ekki öðru tjóni en að um 50 m löng girðing skemmdist.
3163 23.10.1995 <i>12.6</i>	Snjóflóð stöðvaðist um 40 m ofan við íbúðarhúsið á Grænagarði.
3179 22.2.1997 <i>9.8</i>	Snjóflóð féll úr Hrafnagili og stöðvaðist í um 60 m hæð.
3187 1.3.1997 <i>10.0</i>	Snjóflóð úr Hrafnagili stöðvaðist við efnisnámið um 200 m niður á hryggnum.
3192 8.2.1998 <i>9.4</i>	Snjóflóð úr Hrafnagili stöðvaðist í um 80 m hæð.
3203 14/15.12.1998 <i>7.8</i>	Lítill spýja féll úr Hrafnagili og stöðvaðist í um 120 m hæð.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3211 12/13.1.1999 <i>10.2</i>	Fremur lítið snjóflóð úr Hrafnagili náði niður í um 55 m hæð.
3217 21.2.1999 <i>< 11</i>	Lítill spýja úr Hrafnagili stöðvaðist í um 90 m hæð.
3229 12.3.1999 <i>11.2</i>	Mörg, vot flóð féllu frá Hrafnagili og til vesturs um 800 m.
3265 12.2.2000 <i>< 11</i>	Spýja féll úr Hrafnagili niður í 90 m hæð.
3249 24.2.2000 <i>9.7</i>	Snjóflóð úr Hrafnagili stöðvaðist í um 65 m hæð.
3259 4.3.2001 <i>9.7</i>	Spýja úr Hrafnagili stöðvaðist í um 65 m hæð.
3277 22.2.2002 <i>11.1</i>	Spýja féll úr Hrafnagili.

„Steiniðjugil“

Við innri (syðri) enda Gleiðarhjalla er nafnlaust gil sem hefur verið kallað „Steiniðjugil“ við skráningu snjóflóða (mynd 6). Hér er því ekki um eiginlegt örnefni að ræða heldur einungis nafn sem notað er til hægðarauka. Mörg snjóflóð eru skráð úr gílinu og sum hafa náð niður í eða niður undir sjó. Neðan „Steiniðjugils“ var íbúðarhúsið Sólgerði reist um 1918. Fyrir þann tíma var engin byggð á svæðinu og því ólíklegt að snjóflóð hefðu verið skráð. Sólgerði fór í snjóflóði árið 1941 og tvær stúlkur sem þar voru fórust. Nokkrir meiddust og einnig varð tjón á fjárhúsi þar sem 11 kindur drápust. Sólgerði var ekki endurreist. Verksmiðjan Steiniðjan var síðan reist á svæðinu um 1952. Hún hefur nokkrum sinnum skemmst í snjóflóðum. Fyrst árið 1969 þegar mikill hluti af trésmíðaverkstæði Steiniðjunnar eyðilagðist í snjóflóði. Næst olli snjóflóð í janúar 1995 tjóni á efstu hæð Steiniðjunnar og eyðilagði sumarbústað í geymslu á lóð hennar. Í október sama ár varð aftur tjón á efstu hæð Steiniðjunnar. Nokkrum sinnum til viðbótar hafa snjóflóð náð niður undir veg.

Eftir að Oddur Pétursson snjóathugunarmaður tók til starfa árið 1983 hafa öll stærri flóð

úr „Steiniðjugili“ verið skráð, en ekki einungis þau sem valdið hafa tjóni. Snjóflóð hafa verið mjög tíð.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3018 2.3.1941 > 13.6	Snjóflóð sem var 250 m breitt tók íbúðarhúsið að Sólgerði og bar það fram í fjöru, þar sem það brann til kaldra kola. Tvær telpur, sem voru í húsinu, fórust og einn piltur meiddist talvert á handlegg og viðbeinsbrotnaði. Fimm sluppu úr húsinu, sumir dálítið meiddir, skrámaðir og marðir. Flóðið braut einnig gafl úr fjárhúsi, fyllti það af snjó og drap 11 af 22 kindum sem þar voru inni.
3032 5.3.1954 10.6	Snjóflóð féll á fjárréttina við Grænagarð.
3036 10.11.1969 13.2	Mikill hluti af trésmíðaverkstæði Steiniðjunnar eyðilagðist í snjóflóði úr Seljalandshlíð. Flóðið braut niður þak og einn vegg verkstæðisins og fyllti allt af snjó. Dýrmætar vélar eyðilögðust og sópuðust í burtu.
3041 12.2.1973 12.0	Snjóflóð tók með sér einn rafmagnsstaur og skall síðan á gæsakofa og drap fjöldann allan af gæsum. Þrjár komust lifandi úr flóðinu.
3081 26.2.1989 9.5	Flekasnjóflóð féll úr „Steiniðjugili“ og stöðvaðist í 40 m hæð. Breidd flóðtungunnar var 100 m og mesta dýpt 0.8 m.
3139 29.12.1989 8.1	Spýja féll úr „Steiniðjugili“ og stöðvaðist ofan brekkuróta.
3091 27.1.1990 9.6	Um 100 m breitt, þurrt flekahlaup féll úr „Steiniðjugili“ niður í um 40 m hæð.
3096 13.11.1991 10.2	Snjóflóð féll úr „Steiniðjugili“ og stöðvaðist í um 30 m hæð. Breidd tungu var um 80 m.
3106 26.11.1992 10.8	Um 150 m breitt snjóflóð féll úr „Steiniðjugili“ og fór niður fyrir veg sem liggur upp að efnisnámu. Það stöðvaðist í um 20 m hæð og rúmmálið var um 7500 m ³ .
3913 13.1.1993 8.5	Flekahlaup féll úr „Steiniðjugili“ og stöðvaðist í um 35 m h.y.s.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3148 17.1.1995 13.6	Um 250 m breitt flóð féll úr „Steiniðjugili“ og olli töluverðu tjóni. Sumarbústaður í geymslu á lóð Steiniðjunnar eyðilagðist. Efsta hæð Steiniðjunnar fylltist af snjó. Skemmdir urðu á þaki, hurðir og gluggar brotnuðu og ýmis tæki og vélar urðu fyrir skemmdum. Einnig varð tjón á raflínustaurum, girðingum og fjárrétt. Flóðið fór niður undir sjó.
3162 23.10.1995 13.4	Þurrt flekahlaup féll úr „Steiniðjugili“. Flóðið sleit háspennulínuna og braut tvo staura. Skemmdir urðu á fjárrétt. Einnig braut flóðið hurðir og glugga á efri hlið Steiniðjunnar og fór talsverður snjór inn í efstu hæðina. Flóðttungan náði niður á Skutulsfjarðarbraut.
3183 22.2.1997 8.0	Snjóflóð úr „Steiniðjugili“ stöðvaðist í um 75 m hæð.
3202 14/15.12.1998 11.4	Snjóflóð úr „Steiniðjugili“ stöðvaðist í um 20 m hæð um 30 m frá Seljalandsvegi.
3212 12/13.1.1999 9.6	Flóð úr „Steiniðjugili“ stöðvaðist í um 40 m hæð.
3225 11/12.3.1999 10.0	Tvö eða fleiri flóð féllu frá „Steiniðjugili“ vestur að Hrafnagili. Þau stöðvuðust við hlíðarrætur.
3270 8.1.2000 9.8	Snjóflóð úr „Steiniðjugili“ stöðvaðist í um 55 m hæð.

Neðan Gleiðarhjalla

Gleiðarhjalli er hjalli í fjallinu ofan gamla Ísafjarðarkaupstaðar (mynd 7). Hann er í 400–460 m y.s. og ver byggðina fyrir snjóflóðum úr hlíðinni ofan við hjallann, en brúnin ofan hjallans er í rúmlega 700 m hæð yfir sjó. Hlíðin neðan Gleiðarhjalla er brött og einkennist af klettum og litlum giljaskorum efst. Neðar er hún einsleitari, en þó eru tveir áberandi hryggir: Stakkaneshryggur og Stórurð. Ofan hryggjanna eru litlar skálar. Stór snjóflóð hafa aldrei fallið úr hlíðinni neðan Gleiðarhjalla svo vitað sé. Efstu húsin eru flest byggð á síðustu 30 árum, en neðar er byggðin mun eldri, sums staðar allt að 100 til 150 ára. Það þarf ekki stór flóð til að ná efstu húsum þar sem þau eru núna og ef slík flóð hafa komið fyrir u.þ.b. 1970 hefðu þau líklega hvergi komist á blað. Snjóathugunarmaður hefur skráð tvö lítil flóð á svæðinu. Annað þeirra fór niður á Stakkaneshrygg og stöðvaðist um 100 m ofan við efstu hús. Hitt stöðvaðist



Mynd 7: Eyrarfjall og Gleidharhjalli (ljósmynd: Jón Gunnar Egilsson).

mun ofan í um 100 m h.y.s. Óljósar heimildir eru um að snjóflóð hafi fallið um 1950 niður á svæðið þar sem núverandi byggð stendur.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3153 1944–1953 <i>12.1</i>	Óljósar heimildir eru um flóð úr Gleidharhjalla á árunum 1944–1953 sem mun hafa stöðvast á milli Urðarvegar og Engjavegar á milli húsa sem þar voru í byggingu.
3079 26.2.1989 <i>10.1</i>	Snjóflóð féll eftir Stakkaneshrygg og stöðvaðist um 100 m ofan við efstu hús.
3247 29.2.2000 <i>7.4</i>	Snjóflóð féll sunnan við Stakkaneshrygg og stöðvaðist í um 110 m hæð.

Eyrrahlíð

Hlíðin utan eyrarinnar milli Ísafjarðar og Hnífsdals nefnist Eyrrahlíð. Þar eru engin mannvirki utan nokkurra fiskverkunarhjalla, þjóðvegarins og raflína. Snjóflóð á veginn eru tíð og eru nokkur skráð í þessa greinargerð, en þau eru ekki öll sett fram á korti. Frekari upplýsingar um flóð á svæðinu má fá hjá Veðurstofunni og Vegagerðinni.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3034 5.3.1954	Snjóflóð féll utan Gleiðarhjalla niður á Hnífsdalsveg. Lítilsháttar skemmdir urðu á bifreið.
3043 10.2.1974	Flóðið í gili í Eyrrahlíð utan Gleiðarhjalla fór niður í sjó. Það tók þrjá staura úr 6 kV raflínu og einn staur úr 11 kV línunni, án þess þó að slíta hana.
3068 12.2.1988	Þurrt flekahlaup féll milli Miðhlíðar og Götuhjalla og stöðvaðist á þjóðveginum.
3069 20.1.1989	Snjóflóð féll úr gili skammt utan við Gleiðarhjalla og stöðvaðist á veginum.
3969 20.1.1989	Flóð úr Kolgrafargili stöðvaðist á veginum.
3071 31.1.1989	Snjóflóð úr Eyrrahlíð stöðvaðist að mestu á Hnífsdalsvegi.
3074 18.2.1989	Um 50 m breitt snjóflóð féll úr Eyrrahlíð utan við Gleiðarhjalla og lokaði veginum.
3974 18.2.1989	Snjóflóð féll úr Eyrrahlíð og stöðvaðist í um 50 m hæð.
3138 29.12.1989	Mörg vot flekahlaup féllu úr Eyrrahlíð og lokuðu veginum.
3087 27.1.1990	Snjóflóð féll á snjómokstursbifreið sem var að störfum í Eyrrahlíð, bar hana niður í fjöru og eyðilagði. Einn maður var í bílnum og bjargaðist hann við illan leik.
3104 25.11.1992	Lítið, vott lausasnjóflóð féll utan við Gleiðarhjalla.
3105 26.11.1992	Lítið, vott lausasnjóflóð féll utan við Gleiðarhjalla.
3112 13.12.1992	Hnífsdalsvegur varð ófær um tíma af völdum snjóflóðs úr Eyrrahlíð.
3115 23.2.1993	Snjóflóð úr Götugili lokaði Hnífsdalsvegi um stund.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3114 23.2.1993	Snjóflóð féll niður yfir Hnífsdalsveg, sem varð ófær um stund.
3262 24.2.1993	Þurrt flekahlaup féll yfir Hnífsdalsveg innan Krossgils.
3118 23.12.1993	Þurrt flekahlaup féll úr Kolgrafargili.
3142 17/18.12.1994	Þurrt flekahlaup féll úr Eyrarhlíð.
3177 21.2.1997	Snjóflóðið úr Eyrarhlíð stöðvaðist á veginum að mestu. Hluti þess fór niður í fjöru.
3194 14.2.1998	Tvö flóð úr Eyrarhlíð féllu yfir Hnífsdalsveg.
3196 19.2.1998	Snjóflóð úr Eyrarhlíð féll u.þ.b. 1–2 m inn á þjóðveginn.
3237 22.10.1998	Snjóflóð féll úr Kolgrafargili. Þykkt tungu við efri vegbrún var 60 cm og 30 cm við neðri brún.
3238 22.10.1998	Snjóflóð féll úr Krossgili.
3242 14/15.12.1998	Snjóflóð féll úr Götugili.
3215 15/16.1.1999	Snjóflóð féll úr Götugili.
3243 15/16.1.1999	Snjóflóð féll úr Kolgrafargili.
3285 20.2.1999	Snjóflóð úr Eyrarhlíð féll yfir veginn.
3220 21.2.1999	Snjóflóð féll á veginn um Eyrarhlíð. Tvær minni spýjur féllu utar í hlíðinni.
3244 24.2.2000	Snjóflóð féll úr Kolgrafargili og smáflóð féllu í Seljalandshlíð um svipað leyti.
3251 28.2.2000	Snjóflóð féll úr Götugili.
3274 2.2.2002	Hnífsdalsvegur lokaðist af völdum snjóflóðs.
3282 16.2.2002	Snjóflóð féll úr Krossgili.



Mynd 8: Bakkahyrna (ljósmynd: Harpa Grímsdóttir).

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3276 22.2.2002	Snjóflóð féll úr Götugili.
3275 22.2.2002	Hnífsdalsvegur lokaðist af völdum snjóflóðs. Flóð féll einnig í Hrafnagili.

Bakkahyrna

Bakkahyrna stendur sunnan Hnífsdalsþorps (mynd 8). Hún rís frá sjávarmáli rétt utan við þorpið og upp í næstum 500 m y.s. ofan innsta hluta þorpsins. Hlíðin er einsleit án eiginlegra gilja.

Fiskvinnslan Leiti var reist ofarlega í utanverðri hlíðinni árið 1958 og nokkur fjárhús hafa staðið undir hlíðum Bakkahyrnu frá því fyrir miðja 20. öld. Efstu íbúðarhúsin voru reist á árunum 1969–1980. Ljóst er að snjóflóð fyrir miðja 20. öld hefðu ekki verið skráð. Lengsta flóðið, sem skráð er úr Bakkahyrnu yfir byggðinni, féll árið 1983 og olli dálitlu tjóni á Fiskvinnslunni Leiti og íbúðarhúsinu að Dalbraut 9.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3053 30.12.1983 <i>10.7</i>	Þurrt flekahlaup úr Bakkahyrnu átti upptök í fjallsbrún í hlíðinni ofan við Hádegisstein. Flóðið braut hurð á húsinu að Dalbraut 9 og fyllti þar geymslu og þvottahús. Einnig braut það tvo glugga hjá Eggveri s.f. og rann snjór inn í geymslu. Breidd flóðtungunnar var um 130 m en hún var mun mjórri neðst. Um 200 m ofan við Dalbraut 9 var dýpt tungunnar um 3 m, en við húsið sjálft var dýptin um 0.5 m.
3059 23.12.1985	Flóð féll úr Bakkahyrnu þennan dag.

Bakkaskriðugil

Undir Bakkaskriðugili hefur ekki verið byggð að Augnavöllum undanskyldum, en þeir stóðu handan Hnífsdalsár á árunum 1793–1836. Af þessum sökum eru flóð úr gilinu ekki vel skráð, en þó er vitað um flóð árið 1916 sem fóru yfir Hnífsdalsá og bæjarstæði Augnavalla. Nokkrum sinnum hafa flóð valdið tjóni á raflínum eða farið yfir veginn að Fremri-Hnífsdal.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3010 18.2.1916 <i>15.3</i>	Snjóflóð féll úr Bakkahyrnu yfir Hnífsdalsá og bæjarstæði Augnavalla.
3011 19.2.1916 <i>15.3</i>	Snjóflóð féll úr Bakkahyrnu yfir Hnífsdalsá og bæjarstæði Augnavalla.
3050 14.12.1983 <i>13.5</i>	Snjóflóð úr Bakkaskriðugili braut tvo raflínustaura og sleit raflínuna á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Flóðið stöðvaðist við Hnífsdalsá.
3111 26.11.1992 <i>< 11</i>	Snjóflóð féll úr Bakkaskriðugili og stöðvaðist á aurkeilunni.
3241 14/15.12.1998 <i>11.4</i>	Snjóflóð úr Bakkaskriðugili féll yfir veginn að Fremri-Hnífsdal.

Hrafnaklettur

Innan við Hraungil ganga nokkrar giljaskorur inn í kletta sem kallast Hrafnaklettur. Þar er engin byggð nú, en um 1793 var hjáleigan Augnavellir reist þar út úr Neðri-Hnífsdal. Augnavellir skemmdust í snjóflóði árið 1818 og fórust fjórir af þeim nú sem þar voru. Bærinn var reistur að nýju, en hann fór í eyði árið 1836 og síðan þá hefur enginn búið þar. Sennilega hefur einungis hluti snjóflóða á svæðinu verið skráður en þrátt fyrir það eru skráð nokkur flóð sem hafa náð niður á hið forna bæjarstæði.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3002 20.3.1818 <i>16.1</i>	Snjóflóð féll á bæinn Augnavelli innarlega í Hnífsdal. Fjórir fórust í flóðinu og það eyðilagði bæinn, skemmdi fjárhús og tók marga stóra steina með sér niður á túnið. Skriðan var svo kraftmikil að hún hljóp yfir á Bakkaskriðu.
3085 27.3.1989 <i>12.6</i>	Þurrt flekahlaup féll úr öðru gili vestan Hraungils. Flóðið var 180 m breitt og jaðar tungunnar var við Hnífsdalsá.
3156 27.3.1989 <i>10.8</i>	Snjóflóð féll úr gili neðan Hrafnakletta vestan Hraungils í Hnífsdal.
3127 5.4.1994 <i>10.1</i>	Þurrt flekahlaup féll úr öðru gili innan Hraungils og náði niður undir Hnífsdalsá. Tungan var um 150 m breið og rúmmálið um 6000 m ³ .
3128 5.4.1994 <i>12.8</i>	Þurrt flekahlaup féll ofan bæjarstæðis Augnavalla. Það var um 150 m breitt og náði niður undir Hnífsdalsá.
3263 23.10.1995 <i>12.8</i>	Snjóflóð féll ofan bæjarstæðis Augnavalla. Það náði niður að framræsluskurðum.
3235 22/23.10.1998	Snjóflóð féll niður á jafnsléttu þar sem Augnavellir stóðu.
3236 22/23.10.1998	Snjóflóð féll niður á jafnsléttu þar sem Augnavellir stóðu.
3239 14/15.12.1998 <i>7.4</i>	Lítið snjóflóð féll úr öðru gili innan Hraungils.
3240 14/15.12.1998 <i>10.2</i>	Snjóflóð féll úr þriðja gili innan Hraungils neðar Hrafnakletta.



Mynd 9: Búðarhyrna og norðurhluti byggðarinnar í Hnífsdal (ljósmynd: Harpa Grímsdóttir).

Hraungil

Í Hraungili er stórt upptakasvæði og undir giliinu er aurkeiluhryggur sem nefnist Hraunshryggur (mynd 9). Mörg snjóflóð eru skráð úr Hraungili og hafa þau haft tilhneigingu til að fara öðru hvoru megin við hrygginn. Undir hryggnum stendur bærinn Hraun. Þar eru tvö íbúðarhús og er það eina byggðin undir Hraungili. Hraun hefur staðið á þessum stað í a.m.k. 300 ár og ekki er vitað til þess að snjóflóð hafi fallið á bæjarhúsin. Flóð hafa hins vegar fallið talsvert niður fyrir bæjarstaðið báðum megin við húsin.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3003 1890 <i>11.1</i>	Snjóflóð féll úr Hraungili vestur yfir Hraunshrygg.
3008 14.2.1916 <i>14.3</i>	Tvö snjóflóð féllu austan við Hraunshrygg. Einn maður varð fyrir öðru þeirra og meiddist lítillega.
3231 20.1.1931	Snjóflóð féll úr Hraungili.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3023 24.3.1947 <i>14.7</i>	Snjóflóð úr Hraungili féll austan við Hraunshrygg. Tungan var um 200 m breið.
3057 23.12.1985 <i>13.0</i>	Þurrt flekahlaup úr Hraungili klofnaði í tvær ámóta kvíslir á aurkeilunni neðan gilsins. Innri kvíslin stöðvaðist í um 55 m hæð en sú ytri í 43 m hæð.
3063 23.3.1987 <i>14.0</i>	Tvö flóð féllu úr Hraungili á svipuðum tíma. Annað flóðið átti upptök í innri hluta upptakasvæðisins og tungan fór norður (austur) fyrir Hraun (nr. 3063). Það stöðvaðist um 35 m neðan við veginn heim að Hrauni. Hitt flóðið átti upptök í ytri hlutanum og fór suður (vestur) fyrir Hraun (nr. 3963).
3963 23.3.1987 <i>12.8</i>	Tvö flóð féllu úr Hraungili á svipuðum tíma. Annað flóðið átti upptök í innri hluta upptakasvæðisins og tungan fór norður (austur) fyrir Hraun (nr. 3063). Hitt flóðið átti upptök í ytri hlutanum og fór suður (vestur) fyrir Hraun (nr. 3063). Það stöðvaðist nokkrum tugum metra innan við útihúsin að Hrauni.
3078 26.2.1989 <i>12.6</i>	Lausasnjóflóð féll í Hraungili og nam staðar 75 m ofan við veginn inn að Hrauni, í tæplega 50 m hæð. Flóðið fór austan við aurkeiluna úr gilinu og var breidd tungunnar um 80 m.
3136 29.12.1989 <i>12.5</i>	Vott flekahlaup féll austur fyrir Hraunshrygg og stöðvaðist í um 50 m hæð.
3098 13.11.1991 <i>12.4</i>	Þurrt flekahlaup féll úr Hraungili og stöðvaðist um 70 m ofan við veginn heim að Hrauni. Breidd tungu var um 60 m og rúmmálið um 6500 m ³ .
3151 12.2.1995 <i>10.9</i>	Tveir menn á vélsleðum í Hraungili lentu í snjóflóði. Annar mannanna lenti í flóðinu og barst með því um 50 m. Hann viðbeinsbrotnaði og sleði hans eyðilagðist. Hinum tókst að aka út úr flóðinu.
3170 23.10.1995 <i>12.4</i>	Þurrt flekahlaup úr Hraungili féll austur fyrir Hraunshrygg. Það stöðvaðist í um 55 m hæð. Breidd tungu var um 90 m og rúmmálið um 7500 m ³ .
3216 21.2.1999 <i>< 11</i>	Fremur lítið, þurrt flekaflóð féll austur fyrir Hraunshrygg og stöðvaðist í um 100 m hæð.
3246 24.2.2000 <i>< 11</i>	Spýja er stöðvaðist í gilmunnanum á Hraungili.

Sauðahryggsgil

Sauðahryggsgil er á milli Hraungils og Traðargils, en er mun grynna og minna en þau. Þrjú flóð hafa verið skráð úr Sauðahryggsgili.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3101 13.11.1991 <i>< 11</i>	Lítið snjóflóð féll úr Sauðahryggsgili.
3109 26.11.1992 <i>11.1</i>	Vott lausasnjóflóð úr Sauðahryggsgili stöðvaðist um 70 m ofan við fjárréttina. Tungan var um 100 m breið og rúmmálið um 5000 m ³ .

Traðargil

Traðargil er dæmigerður snjóflóðafarvegur (mynd 9) og þar eru mörg snjóflóð skráð. Þar sem byggð undir Traðargili er ekki eins gömul og undir Búðargili nær skráningin ekki eins langt aftur. Húsin við Smárateig og Fitjateig voru reist á árunum 1978–1985. Áður voru einhver útihús á svæðinu og býlið Heimabær hefur staðið í útjaðri úthlaupssvæðisins í 700 ár eða lengur. Fyrsta skráða flóðið, og hið stærsta, er frá árinu 1947, þegar minkagirðing, fjárhús og fleiri byggingar eyðilögðust. Fjárhúsin, sem fóru í flóðinu, höfðu staðið þarna frá aldamótunum 1900, en fyrir þann tíma er ólíklegt að nokkur flóð hefðu verið skráð. Húsin við Smárateig og Fitjateig voru keypt upp vegna snjóflóðahættu árið 1996. Sum þeirra voru tekin af grunni og flutt. Árið 1999 féll snjóflóð yfir efsta grunninn og að efstu húsum.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3022 24.3.1947 <i>15.7</i>	Snjóflóð úr Traðargili braut hlið úr fjárhúsi og drap þar fimm kindur. Einnig tók flóðið reykhus og eldiviðarskúr, olli skemmdum á fjósi og hesthúsi og eyðilagði minkagirðingu og geymsluhús þar við. Flóðtungan var um 200 m breið og náði út í Hnífsdalsá. Mikils loftþrýstings gætti í Heimabæ og hrundu leirmunir þar úr hillum.
3052 14.12.1983 <i>12.3</i>	Þurrt lausasnjóflóð úr Traðargili stöðvaðist 40 m ofan við fjárréttina. Flóðið braut tvo raflínustaura. Tungan var um 100 m breið og 1 m á dýpt.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3055 14.1.1984 <i>12.5</i>	Þurrt lausasnjóflóð féll úr Traðargili. Breidd flóðtungunnar var um 100 m og mesta dýpi 1 m.
3072 14.2.1989 <i>12.1</i>	Snjóflóð féll úr Traðargili og stöðvaðist um 150 m frá Heimabæjarhúsinu. Breidd tungunnar var um 150 m og mesta dýpt 0.5 m. Rúmmál var um 5000 m ³ .
3077 26.2.1989 <i>12.5</i>	Lausasnjóflóð féll í Traðargili og stöðvaðist í um 20 m hæð. Breidd tungu var um 200 m og rúmmál um 8000 m ³ .
3135 29.12.1989 <i>9.9</i>	Vott flekahlaup féll úr Traðargili. Vatn flæddi inn í tvö hús við Heimabæjarstíg.
3100 13.11.1991 <i>< 11</i>	Þurrt flekahlaup féll úr Traðargili og stöðvaðist á aurkeilunni.
3108 26.11.1992 <i>11.7</i>	Snjóflóð úr Traðargili féll niður á aurkeiluna og stöðvaðist ofan brekkuróta. Breidd flóðtungunnar var um 140 m, mesta þykkt 1 m og rúmmál um 7000 m ³ .
3123 4.4.1994 <i>11.1</i>	Flekahlaup féll úr Traðargili og niður í hlíðarræturnar.
3145 17/18.12.1994 <i>13.0</i>	Snjóflóð féll úr Traðargili og stöðvaðist nálægt efstu túngirðingum. Snjólag í tungu var þunnt.
3169 23.10.1995 <i>11.2</i>	Um 180 m breitt snjóflóð féll úr Traðargili niður undir girðingar.
3184 22.2.1997 <i>13.6</i>	Þurrt flekahlaup féll úr Traðargili og stöðvaðist við veginn að Hrauni, um 100 m frá Heimabæ.
3198 22/23.10.1998 <i>< 11</i>	Brúnleitt snjóflóð féll úr Traðargili. Það var um 90 m breitt og tungan um 0.5 m þykk.
3213 12/13.1.1999 <i>10.2</i>	Snjóflóð úr Traðargili stöðvaðist um 150 m frá veginum að Hrauni.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3219 21.2.1999 15.0	Stórt flóð úr Búðargili olli tjóni á girðingum og vinnuskúr og rúður í bifreiðageymslu að Fitjateigi 4 brotnuðu. Flóðið stöðvaðist milli Teigahverfis og Félagsheimilis.
3258 28.3.2001 10.2	Snjóflóð úr Traðargili stöðvaðist í um 20 m hæð. Það var um 1.5 m á þykkt þar sem tungan var þykkust.
3283 1.5.2002 10.3	Snjóflóð úr Traðargili stöðvaðist um 150 m frá veginum að Hrauni.

Búðargil og Búðaröxl

Búðargil er stórt og mikið V-laga gil með aurkeilu neðan við (mynd 9) og svipar því mjög til Traðargils. Úthlaupssvæðið undir gilinu nær í sjó fram. Mörg snjóflóð eru skráð úr Búðargili, þar af sex sem náð hafa í sjó fram. Árið 1910 fórust 20 manns og 12 slösuðust í snjóflóði úr Búðargili. Þrjú önnur flóð hafa valdið eignatjóni.

Undir Búðargili stóð hjáleigan Búð, hugsanlega frá 15. eða 16. öld. Hún fór í snjóflóði árið 1673, en var reist aftur, sennilega á sama stað. Búð fór aftur í snjóflóði árið 1910 og var reist aftur aðeins utar. Í byrjun 20. aldar voru nokkrar verbúðir og útihús á svæðinu við Búð. Telja verður líklegt að flest stærri flóð úr Búðargili, sem náð hafa fram í sjó á breiðum kafla síðustu 400–500 ár, séu skráð.

Heimabæjarhúsin eru á milli giljanna Traðargils og Búðargils og hefur verið bær á því svæði í a.m.k. 700 ár og e.t.v. töluvert lengur. Húsin hafa orðið fyrir minniháttar skemmdum af flóðum úr Traðargili og hús sem byggt var á svæðinu 1909 skemmdist í flóði úr Búðargili árið 1916. Ólíklegt verður að teljast að nokkurn tíma hafi orðið slys eða stórfelld eignatjón í Heimabæ af völdum snjóflóða. Þó ber að athuga að skráningin var gloppót fyrir 1800. Úr öxlinni utan Búðargils hefur eitt flóð verið skráð.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3001 2.1.1673 > 14.7	Snjóflóð tók af hjáleiguna Búð en fólkið bjargaðist. Nautgripir björguðust líka en flóðið tók með sér hey og hjalla og flutti fram í sjó.

Númer Tími Rennslisstig	Lýsing
3004 18.2.1910 > 14.7	Stórt snjóflóð féll úr Búðargili. Það breiddi úr sér neðan gilsins og náði þá frá Heimabæjarhúsinu og nokkuð norður fyrir Búðarbæinn eða yfir 150–160 faðma breitt svæði. Snjóflóðið féll í sjó fram og sópaði öllu burtu er varð á vegi þess þar á meðal íbúðarhúsum og sjóbúðum. Tuttugu menn létust og tólf meiddust meira eða minna. Nokkrir sluppu ómeiddir, voru grafnir úr flóðinu eða bjargað úr krapinu frammi í sjó.
3007 8.2.1916 > 14.7	Stórt snjóflóð féll úr Búðargili og Traðargili. Það fór út í sjó rétt austan við Heimabæ. Tungan náði lengra til vesturs en þar náði hún ekki jafn langt niður. Snjóflóðið lenti á tveimur austustu húsunum í Heimabæjarþyrpingunni og skekkti annað þeirra á grunni. Fjánhús, fjós og ein eða tvær hlöður sem stóðu ofan við Heimabæjarhúsin eyðilögðust einnig. Þá tók flóðið vélabyrgi og smiðju og flutti á sjó fram. Smiðurinn gat komist út úr smiðjunni, sem var út steini, áður en hún hrundi. Hann lenti þó í snjóflóðinu en var grafinn upp lifandi eftir klukkutíma. Flóðið tók einnig hjall og skúr og skemmdi verbúð mikið. Nokkrar fleiri skemmdir urðu.
3024 24.3.1947 > 14.7	Snjóflóð úr Búðargili féll ofan við Brekkuhúsin innan við Búð og í sjó fram.
3051 14.12.1983 > 14.7	Þurrt lausasnjóflóð úr Búðargili skemmdi girðingu á 150 m kafla. Meginflóðið stöðvaðist neðst á Pálstúni, en um 15 m breið tota fór í sjó. Breidd flóðtungunnar var um 140 m og dýptin um 1 m þar sem hún var mest.
3058 23.12.1985 13.5	Þurrt flekahlaup féll úr Búðargili og stöðvaðist á Búðartúni. Breidd flóðtungunnar var um 150 m og dýpt dyngjunnar 0.7 m.
3076 26.2.1989 13.9	Flekahlaup féll úr Búðargili og nam staðar ofan við hesthúsin á Búðartúni. Breidd flóðtungunnar var um 230 m og mesta dýpt hennar 2 m.
3075 26.3.1989 12.5	Flekaflóð féll úr Búðargili og stöðvaðist í 10 m fjarlægð frá hesthúsunum á Búðartúni. Breidd tungunnar var um 200 m og mesta dýpt 6 m.
3090 27.1.1990 11.2	Þurrt snjóflóð féll úr Búðargili og fór niður fyrir endastöð skíðalyftunnar. Það braut skúr við endastöð skíðalyftu og rafmagnsstaur. Einnig eyðilagði það girðingu á 30 m kafla.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3099 13.11.1991 9.5	Þurrt flekahlaup féll úr Búðargili og stöðvaðist á aurkeilunni.
3107 26.11.1992 10.6	Blandað flóð féll úr Búðargili, dreifði úr sér á gilkeilunni og stöðvaðist við brekkurótina í um 30–35 m hæð, vel ofan hesthúsa. Breidd tungu var 160 m, mesta þykkt hennar 1 m og rúmmálið um 8000 m ³ .
3110 26.11.1992	Snjóflóð féll úr öxl Búðarhyrnu utan við Búðargil.
3146 17/18.12.1994 12.5	Snjóflóð úr Búðargili tók túngirðingu ofan við Búðartún á 80 m kafla.
3168 23.10.1995 10.8	Þurrt flekahlaup úr Búðargili eyðilagði túngirðingu við Búðartún á 50 m kafla.
3205 14/15.12.1998 11.0	Snjóflóð úr Búðargili stöðvaðist um 80 m frá hesthúsum.
3214 12/13.1.1999 < 11	Um 35 m breitt snjóflóð úr Búðargili stöðvaðist í um 55 m h.y.s.
3223 21.2.1999 > 14.7	Þurrt flekahlaup úr Búðargili olli tjóni á hesthúsi og girðingum. Það fór út í sjó á milli Heimabæjar og hesthúsa.
3250 28.2.2000 12.6	Snjóflóð úr Búðargili braut túngirðingu á 150 m kafla. Það stöðvaðist á skeiðvellinum, um 25 m frá hesthúsunum.
3255 3/4.3.2001 12.4	Snjóflóð úr Búðargili skemmdi girðingu á um 100 m kafla. Það stöðvaðist á skeiðvellinum, um 60 m frá hesthúsunum.

Flóð utan skráðra farvega

Í töflunni hér að neðan eru annars vegar snjóflóð sem hafa fallið utan þeirra snjóflóðafarvega eða svæða sem hafa verið skilgreind í þessari greinargerð og hins vegar snjóflóð sem ekki er vitað hvar féllu.

Númer Tími <i>Rennslisstig</i>	Lýsing
3014 6–7.11.1926	Mikið snjóflóð (hugsanlega tvö) féll framarlega í Hnífsdal. Það tók símalínuna á löngum kafla, þverkubbaði tólf staura og drap fimm hesta er gengu þar úti.
3015 24.1.1931	Snjóflóð féll í Hnífsdal, en farvegur er óþekktur.
3016 25.1.1931	Snjóflóð féll í Hnífsdal og braut sex símastaura.
3025 mar 1947	Mörg snjóflóð féllu í nágrenni Ísafjarðar, en ollu ekki tjóni.
3037 10.11.1969	Ólafur Jónsson talar um a.m.k. þrjú flóð í Seljalandshlíð þennan dag. Staðsetning tveggja er nokkuð þekkt (3036 og 3038). Þetta er þriðja flóðið. Staðsetning þess er óviss.
3044 11.2.1974	Snjóflóð úr Miðhvilft í Eyrarfjalli braut rafmagnsstaura.
3049 16.2.1981	Mörg flóð féllu í Hnífsdal og sum nærri byggð.
3088 27.1.1990	Snjóflóð féll innarlega í Hnífsdal, úr norðurhlíð dalsins, u.þ.b. 2 km innan við eyðibýlið Fremri-Hnífsdal. Flóðið rann þvert yfir dalinn og upp í hlíðina á móti. Það fór „í gegnum“ rafmagnslínuna en olli ekki skemmdum á henni.
3089 27.1.1990	Snjóflóð féll innarlega í Hnífsdal, úr Heiðnafjalli norðan dalsins, neðan Grjóthvilftar. Það rann yfir dalinn og upp í hlíðina hinum megin. Flóðið braut átta rafmagnsstaura, sleit línuna og olli rafmagnsleysi.

Kort af útlínum snjóflóða

Kort sem sýna örnefni og útlínur skráðra flóða eru aftast í þessari skýrslu og listi yfir kortin er í viðauka C. Ekki eru öll flóð sem skráð eru í annálinn sýnd á kortunum. Þá er í flestum tilfellum um að ræða lítil flóð þar sem nákvæm staðsetning er ekki þekkt eða gömul flóð þar sem heimildir skortir til þess að staðsetja þau á korti. Útlínur flóða á kortunum eru misvel þekktar. Útlínur og aðrar upplýsingar um staðsetningu flóða á kortunum eru flokkaðar í nokkra flokka eftir nákvæmi og eðli upplýsinganna:

Mældar útlínur Útlínur eru mældar með GPS-tækjum eða öðrum landmælingartækjum.

Öruggar útlínur Útlínur eru mældar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni en ekki mældar með landmælingartækjum.

Ónákvæmar útlínur Útlínur eru mældar eða færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar.

Óvissar útlínur Útlínur eru kortlagðar eftir óvissum heimildum.

Í sjó Flóðið náði út í sjó eða lengra en útlínan sýnir.

Vatnsflóð Útlínan sýnir mörk vatnsflóðs sem t.d. var samfara krapaflóði eða aurskriðu.

Grjóthrun Tákn á korti sýnir stöðvunarpunkt grjóthruns úr hlíðinni ofan staðarins.

Staðsett á korti Tákn á korti (ör) sýnir staðsetningu og stefnu snjóflóðs eða aurskriðu án þess að útlína flóðsins eftir að það stöðvaðist sé nánar tilgreind.

Mældar og öruggar útlínur eru sýndar með sömu línutegund á kortunum en aðrar tegundir eru aðgreindar með mismunandi línutegundum og táknum eins og fram kemur í útskýringum á kortunum. Útlínur snjóflóða og aurskriðna eru aðgreindar með mismunandi lit eins og fram kemur í útskýringum á kortunum.

Útlínur ofanflóða sem sýndar eru á kortunum eru varðveittar á stafrænu formi í landupp lýsingakerfi Veðurstofunnar.

Á kortum í skýrslu Hörpu Grímsdóttur (1999) um byggingarár húsa á Ísafirði og í Hnífsdal eru byggingar þar sem tjón hefur orðið af völdum flóða eða flóð hafa fallið á hús án þess að valda tjóni auðkenndar með stjörnu.

Skýringar við annál

Númer: Númer flóðs í gagnasafni Veðurstofunnar **Tegund:** Gerð flóðs.

(Um er að ræða þurr eða blaut snjóflóð, sem geta verið flekahlaup eða lausasnjóflóð, svo og krapahlaup, skriður og grjóthrun sbr. lista í kafla um skráningu hér að framan.)

Staðsetning: Nafn farvegar skv. farvegatöflu í gagnasafninu.

Farvegir geta tekið til stórs svæðis ef staðsetning flóðs er óviss. Hægt er að skrá nánari upplýsingar um staðsetningu fyrir hvert einstakt flóð ef þörf krefur.

Tími: Dags- og tímasetning atburðar.

Skýrslu skráði: Höfundur skýrslu. **Teg. skýrslu:** **Útlína:** Vissa um útlínu flóðs.

Fylgigögn: Kort, loftmyndir, ljósmyndir, . . .

(Höfundur er sá sem ritar skýrsluna þó svo að hann hafi upplýsingar frá öðrum. Tegund skýrslu vísar til forms skýrslueyðublaðs.)

Fólk sem lenti í flóðinu: Látinir: , slasaðir: , ómeiddir: , heima: Alls:

(Fjöldi þeirra sem látast, slasast, lenda í flóðinu án þess að slasast og fjöldi þeirra sem eru heima við í byggingum sem flóðið lendir á en lenda ekki sjálfir í flóðinu.)

Tjón: Lýsing á efnahagslegu tjóni.

Lýsing: Stærðarfl.: Lengd: m Mælt úthl.horn (α): °

(Stærð flóða er flokkuð í 5 flokka sbr. töflu 3 hér að framan. Lengd táknar lárétta skriðlengd. Úthlaupshorn er sjónarhorn frá stöðvunarstað til efstu upptaka.)

Upptök: Hæð yfir sjó: m Breidd: m Mældur halli (θ): °

Þykkt brotlínu: Meðaltal: m Mest: m

Orsök: Ef eitthvað óvenjulegt er í aðdraganda flóðsins eða ef orsakir eru ekki náttúrulegar, t.d. skíðamenn eða umferð, er það skráð.

(Hæð efstu upptaka, meðalbreidd upptaka og meðalhalla lands í þeim er skráð ef upplýsingar eru til um þessi atriði.)

Almenna athugasemd um upptökin er einnig hægt að skrá.

Fallbraut: Breidd: Minnst: m Efst: m Neðst: m

(Þessi atriði eru skráð ef upplýsingar eru til um þau.)

Tunga: Hæð yfir sjó: m Mældur halli (τ): °

Þykkt: Meðaltal: m Mest: m

Meðalbreidd: m Lengd: m Rúmmál: m³

(Þessi atriði eru skráð ef upplýsingar eru til um þau.)

Almenna athugasemd um stöðvunarstað er einnig hægt að skrá.

Braut: Nafn brautar sem flóðið hefur verið skráð í. Braut er snið niður fjallshlíðina. Brautir eru notaðar til þess að reikna skriðlengd, rennslisstig, úthlaupshorn o.fl. atriði sbr. kafla um skráningu flóða hér að framan.

Veður: Lýsing á veðri í aðdraganda flóðs.

Athugasemdir: Almenn athugasemd um flóðið, umfang þess og ýmis önnur atriði.

Heimildir/Heimildarmenn: Ritaðar heimildir um snjóflóðið og nöfn heimildarmanna.

Annáll snjóflóða á Ísafirði og í Hnífsdal

Númer: 3001 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Búðargil

Tími: 2.1.1673

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: „Tók af hjáleigu er Búð hét, með öllu því þar var í, að fráteknum mönnum, hverjir fyrir guðlega hjálp björguðu sér undir einum skúta, er af baðstofunni eftir stóð. Nautum varð og bjargað, en hey tók öll ofan að garðsveggjum. Svo og einninn tók sama skriða alla ábúendanna hjalla með fiski, utan einn, og flutti mest allt út á sjó, hvar af nokkuð síðan upp rak.“

Lýsing: Stærðarfl.: 4.5

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha < 27.4^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, rst > 14.7.

Veður: „Að kveldi 1. jan. og aðfaranótt 2. jan. gerði mikla drifu og setti niður óhemju snjó, en jörð auð, mikið freðin og svelluð undir.“

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 30.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 8, númer=1.

Númer: 3002 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Annað gil innan Hraunsgils neðan Hrafnakletta

Tími: 20.3.1818

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Látinir: 4, slasaðir: 5, ómeiddir: 0. Alls: 9

Tjón: Bærinn á Augnavöllum eyðilagðist og skemmdir urðu á fjárhúsi, er stóð fram og upp af bænum. Fjórir fórust en fimm lifðu af, flestir mikið slasaðir.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Uppþök: Upp af bæjarstæðinu eru tvær gilskorur í fjallinu og mun snjóflóðið hafa komið úr þeirri ytri.

Tunga: „... svo var skriðan ferðmikil að hún hljóp yfir á Bakkaskriðu.“

Braut: hnno06aa, $\beta = 30.2^\circ$, $\alpha = 24.7^\circ$, rst = 16.1.

Veður: Frá 19.–23. mars þ.á. (1818) virðist veðrabálgur mikill hafa gengið yfir Vestfirði, og urðu þá nokkrir menn þar úti.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Aðalskriðan féll á bæinn en jaðar hennar lenti á fjárhúsi, er stóð fram og upp af bænum og tók af því annan arminn. Margir stórir steinar komu með hlaupinu niður á túnið.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 72–75.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 8, númer=2.

Númer: 3003 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraungil. Flóðið féll vestur yfir Hraunshrygg.

Tími: 1890

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Tunga:** Flóðið féll vestur yfir Hraunshrygg.

Braut: hnno01bb, $\beta = 28.2^\circ$, $\alpha = 28.4^\circ$, rst = 11.1.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Snjóflóð féll úr Hraungili vestur yfir Hraunshrygg.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 8, númer=3.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Friðrik Kjartansson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Númer: 3158 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Kirkjuból

Tími: „fyrir löngu“

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Flóðið tók með sér hesta sem voru í hesthúsi og bar þá niður að ánni.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Snjóflóð úr ytra horni Kirkjubólshvilftar féll niður undir á. Það tók með sér hesta sem voru í hesthúsi og bar þá niður undir ána. Snjóflóðahætta á Kirkjubóli hefur verið kunn um langa hríð. Snjóaveturinn 1910 flutti fjölskyldan að Kirkjubóli um tíma fram í Engidal vegna þess að menn óttuðust snjóflóð. Þann sama vetur féll stórt snjóflóð á Hnífsdal og fórust þar 20 manns.

Tímasetning þessa flóðs er óþekkt að öðru leyti en því að fólk sem Sigurgeir hefur þessa frásögn eftir sagði það hafa fallið „fyrir löngu“.

Heimildir: J.G.E. 1996. Snjóflóð í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.

Sigurgeir M. Jónsson. Viðtal 8. nóvember 1995 (Verkfræðistofan Línuhönnun).

Númer: 3004 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Búðargil

Tími: 18.2.1910, 08:45

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 20, slasaðir: 12, ómeiddir: 8. Alls: 40

Tjón: Flóðið sópaði burtu öllu sem á vegi þess varð, íbúðarhúsum, sjóbúðum, jafnaði gaddfreðna veggvi við jörð og færði á sjó út. A.m.k. tvö íbúðarhús, þrjár verbúðir og nokkrir skúrar og útihús eyðilögðust. Efri hluti húsanna fór langt fram á sjó. Eitthvað milli 30 og 40 manns lentu í flóðinu og af þeim fórust níttján þá þegar, einn lést síðar af meiðslum, en tólf meiddust meira eða minna. Nokkrir sluppu ómeiddir, voru grafnir úr flóðinu eða var bjargað úr krapinu frammi á sjó. Í tölum um fjölda fólks sem lenti í flóðinu er miðað við að 40 manns hafi verið á svæðinu sem flóðið náði til.

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Uppþök: Orsök: Nokkur hluti hengjanna í Búðarhyrnunni brast fram og steiptust með ægilegum hraða niður Búðargilið.

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 300 m

Braut: $h_{n0} = 0.5a$, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha < 27.4^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, $r_{st} > 14.7$.

Veður: „Þorinn 1910 var harður mjög og snjósamur, og þegar kom fram í febrúar, gengu stórhriðar dag eftir dag svo vikum skipti. Hlód þá niður ódæma snjó við Ísafjardardjúp, og urðu miklar hengjur í fjallabrunum móti suðri og suðaustri.“

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Þegar flóðið kom niður úr gilinu breiddi það úr sér og náði þá frá svokölluðu Heimabæjarhúsi og nokkuð norður fyrir Búðarbæinn eða yfir 150–160 faðma breitt svæði.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 184–191.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 8, númer=4.

— — — — —

Númer: 3005 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Kaldáreyri.

Tími: febrúar/mars 1910

Tjón: Snjóflóðið braut bræðsluhús í eigu Grúts hf. og sópaði burtu kerri með 16 lifrarfötum. Tjónið var talið 500–600 krónur.

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 10 m

Bræðslan stóð nálægt sjónum þ.a. flóðið hefur stöðvast í eða nálægt sjó.

Veður: „Þorinn 1910 var harður mjög og snjósamur, og þegar kom fram í febrúar, gengu stórhriðar dag eftir dag svo vikum skipti. Hlód þá niður ódæma snjó við Ísafjardardjúp, og urðu miklar hengjur í fjallabrunum móti suðri og suðaustri.“

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 194.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 9, númer=5.

— — — — —

Númer: 3006 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Snjóflóðið hljóp á Naustum.

Tími: 3.3.1910

Tjón: Flóðið braut að nokkru niður hlöðu og fjárhús og fyllti íbúðarhúsin að mestu af snjó. Átta kindur drápust.

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 10 m

Húsin stóðu fremur nálægt sjó og flóðið hefur því stöðvast í eða nálægt sjó.

Veður: „Þorinn 1910 var harður mjög og snjóasamur, og þegar kom fram í febrúar, gengu stórhriðar dag eftir dag svo vikum skipti. Hlód þá niður ódæma snjó við Ísafjarðardjúp, og urðu miklar hengjur í fjallabrúnum móti suðri og suðaustri.“

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 194.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 9, númer=6.

Númer: 3159 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Funi

Tími: 1910–1920

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Tunga:** Flóðið rann yfir ísilagðan fjarðarbotninn allt yfir í Fjarðarhorn.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Guðbjörn Charlesson hefur eftirfarandi frásögn eftir móður sinni, Ólöfu Jónsdóttur, frá Kirkjubæ í Skutulsfirði, en faðir hennar, Jón Bjarnason, bjó á Kirkjubæ frá 1903 til 1918: „Faðir minn, Jón, hafði verið í heimsókn að Kirkjubóli, sem er næsti bær við Kirkjubæ, en vegalengdin á milli bæjanna er um 800 metrar. Það var orðið áliðið kvölds og komið myrkur og slæmt veður þegar hann hélt heimleiðis, og þegar hann er kominn skammt á veg snýr hann til baka að Kirkjubóli vegna illviðris og ófærðar. Gistir hann þar um nóttina. Næsta dag, er hann heldur heim á leið sér hann að snjóflóð hefur fallið um nóttina úr Kirkjubólshlíð, og hafði flóðið farið fyrir fjarðarbotninn, sem var ísilagður, allt yfir í Fjarðarhorn.“

Talsverð óvissa er um stöðvunarstað flóðsins. Tungan er dregin á kort skammt frá Fjarðarhorni eins og lýsingin gefur til kynna. Skv. því er hugsanlegt að flóðið hafi fallið úr farveginum næst utan við Funa en allt eins er hugsanlegt að flóðið hafi fallið aðeins innar og þá úr farveginum ofan Funa. Þá hefði flóðið hins vegar ekki fallið yfir ísilagðan fjarðarbotninn heldur innan hans.

Heimildir: J.G.E. 1996. Snjóflóð í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.

Guðbjörn Charlesson. Viðtal við Odd Pétursson, 8. nóvember 1996.

Númer: 3007 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Búðargil. Líklega féllu flóð samtímis úr Traðargili og Búðargili. Flóðin náðu innar en flóðið 1910 en fóru þó aðallega utan við Heimabæjarhúsið.

Tími: 8.2.1916, um hádegisbil.

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 1

Tjón: Flóðið lenti á húsum þeirra Halldórs og Páls Pálssona og skekkti annað þeirra. Það voru tvö austustu húsin í Heimabæjarþyrpingunni. Flóðið tók einnig fjárhús, fjós og eina eða tvær hlöður er stóðu ofanvert við Heimabæjarhúsið og drap þar 16–18 kindur og eina kú en færði sumt af húsunum á sjó fram. Þá tók flóðið vélabyrgi og smiðju og flutti á sjó fram. Smiðurinn komst út úr smiðjunni, sem var út steini, áður en hún hrundi. Hann lenti þó í snjóflóðinu en var grafinn upp lifandi eftir klukkutíma. Flóðið tók einnig hjall og skúr og skemmdi verbúð mikið. Nokkrar fleiri skemmdir urðu.

Lýsing: Stærðarfl.: 5

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Vestasti hluti tungunnar yfir Heimabæ náði hins vegar ekki út í sjó.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha < 27.4^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, rst > 14.7.

Veður: Sólarhringinn fyrir flóðið var N–NA stormur og rok með snjókomu.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Stórt snjóflóð féll úr Búðargili og Traðargili. Það fór út í sjó rétt austan við Heimabæ. Tungan náði lengra til vesturs en þar náði hún ekki jafn langt niður. Snjóflóðið lenti á tveimur austustu húsunum í Heimabæjarþyrpingunni og skekkti annað þeirra á grunni. Fjárhús, fjós og ein eða tvær hlöður sem stóðu ofan við Heimabæjarhúsin eyðilögðust einnig. Þá tók flóðið vélabyrgi og smiðju og flutti á sjó fram. Smiðurinn gat komist út úr smiðjunni, sem var út steini, áður en hún hrundi. Hann lenti þó í snjóflóðinu en var grafinn upp lifandi eftir klukkutíma. Flóðið tók einnig hjall og skúr og skemmdi verbúð mikið. Nokkrar fleiri skemmdir urðu. Sagt er að litlu síðar hafi dálítið snjóflóð fallið í Hnífsdal en ekki valdið tjóni.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 200.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 9, númer=7.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal tekið 1987 af Ó.K.

Friðrik Kjartansson. Viðtal tekið 1987 af Ó.K.

Númer: 3008 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraunsgil. Austan við Hraunshrygg.

Tími: 14.2.1916

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Slasaðir: 1

Tjón: „Sagt er að einn maður hafi orðið fyrir flóðinu og meiðst lítillega.“ Hugsanlegt er þó að þarna hafi slegið saman fréttum af flóðinu úr Búðargili og Traðargili nokkrum dögum áður.

Lýsing: **Tunga:** Flóðið féll austan (utan) við Hraunshrygginn.

Braut: hnno01aa, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 25.5^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, rst = 14.3.

Veður: „Talið er að snjókoma hafi verið óvenjumikil.“

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Tvö flóð. Ólafur Jónsson segir frá einu flóði þarna þennan dag en í annál J.G.E. og Ó.K. er sagt að um tvö flóð hafi verið að ræða og er það haft eftir Friðrik og Önnu Kjartansbörnum skv. Ó.K.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 201.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 10, númer=8.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Friðrik Kjartansson. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Númer: 3009 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Grænagarðsgil“

Tími: 15.2.1916, aðfaranótt

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 2

Tjón: Flóðið tók þakið af húsinu á Grænagarði (Gamla-Grænagarði) og gaffinn úr því út á Poll. Tvær mæðgur sem í húsinu voru sluppu ómeiddar.

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 0 m

Flóðið féll á Grænagarðsbæinn og út á poll.

Braut: $isse05aa$, $\beta = 31.2^\circ$, $\alpha = 28.6^\circ$, $rst = 13.5$.

Veður: „Talið er að snjócoma hafi verið óvenjumikil“.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Oddur Pétursson, snjóeftirlitsmaður, telur að þarna hafi ekki verið um snjóflóð að ræða, heldur hafi húsið, sem var hálfgerður kofi hrunið undan snjóþunganum einum saman. Þetta hefur hann eftir föður sínum er kom þarna að. Eftir sem áður vantar skýringu á frásögn Ólafs Jónssonar um að hluti hússins hafi færst út á Poll.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 201.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 10, númer=9.

Oddur Pétursson. Viðtal 1989.

Númer: 3010 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bakkaskriðugil

Tími: 18.2.1916

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 10 m

Flóðið féll yfir Hnífsdalsá og bæjarstæði eyðibýlisins Augnavalla sem er hinum megin við ána. Hnífsdalsá er í um 10 m hæð þarna og bæjarstæði Augnavalla 1–2 metrum hærra.

Braut: $hnsu06aa$, $\beta = 30.3^\circ$, $\alpha = 25.4^\circ$, $\theta = 40.2^\circ$, $rst = 15.3$.

Veður: „Talið er að snjócoma hafi verið óvenju mikil.“

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Ólafur Jónsson getur þessa flóðs og að það hafi fallið yfir bæjarstæði Augnavalla, en ekki að það hafi komið úr Bakkahyrnu. Aðrar upplýsingar um þetta flóð eru komnar frá Önnu og Friðriki Kjartansbörnum, en Óskar Knudsen hafði eftir þeim munnlegar upplýsingar. Þau kváðu flóðið hafa komið úr Bakkaskriðugili.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 201.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 10, númer=10.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Friðrik Kjartansson. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Númer: 3011 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bakkaskriðugil

Tími: 19.2.1916, aðfaranótt

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 10 m

Flóðið er sagt hafa farið yfir bæjarstæði Augnavalla.

Braut: hnsu06aa, $\beta = 30.3^\circ$, $\alpha = 25.4^\circ$, $\theta = 40.2^\circ$, rst = 15.3.

Veður: „Talið er að snjócoma hafi verið óvenju mikil.“

Athugasemdir: Í snjóflóðaannál fyrir Ísafjörð eftir Jón Gunnar Egilsson og Óskar Knudsen, sem gefinn var út árið 1989, eru heimildir sagðar bók Ólafs Jónssonar og viðtal við Önnu og Friðrik Kjartansbörn. Ekki finnast upplýsingar um þetta flóð í bók Ólafs og er það misritun í annálum frá 1989. Anna og Friðrik greindu hins vegar Óskari frá því að tvö flóð hefðu fallið yfir bæjarstæðið 18. og 19. febrúar 1916. Óvenjulegt er að tvö svo stór snjóflóð falli á sama stað með svo stuttu millibili en frásögn þeirra systkina er skýr að þessu leyti.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 10, númer=11. Ó.J. 1957 er getið sem heimildar í annálum frá 1989. Flóðsins er þó ekki getið þar.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Friðrik Kjartansson. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Númer: 3012 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Snjóflóð hljóp úr fjallinu andspænis kaupstaðnum.

Tími: 13.4.1919

Tjón: Flóðið eyðilagði hús á ströndinni og drap nokkrar kindur sem þar voru.

Lýsing: **Tunga:** Líklega hefur tungan farið í sjó fram eða stöðvast skammt frá sjó.

Veður: Fyrri hluta aprílmánaðar var mjög stirt tíðarfar um norðanvert landið.

Athugasemdir: Ekki er vitað nákvæmlega hvar húsið eða húsin stóðu.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 220.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 11, númer=12.

Númer: 3013 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Dagverðardalur. Breiðin í Kubba.

Tími: u.þ.b. 1920

Skráning: Staðs. á korti

Tjón: Flóðið braut tvo símastaura.

Lýsing: Tunga: Flóðið féll yfir á Hvítabala. Samkvæmt lýsingunni hefur flóðið farið yfir ána í Dagverðardal þar sem hún er í rúmlega 100 m hæð.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 11, númer=13.

Bjarni Halldórsson. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Númer: 3152 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Brattahlíð, Kubba

Tími: líkl. á 3. áratugnum

Skýrslu skráði: Harpa Grímsdóttir **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Óviss **Fylgigögn:** Kort af útlínu flóðsins.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Tunga: Flóðið féll niður að hlöðnum garði á túni Góustaða.

Braut: isku04aa, $\beta = 29.6^\circ$, $\alpha = 21.0^\circ$, rst = 14.9.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Oddur Pétursson snjóathugunarmaður var á yngri árum í sveit á bænum Góustöðum sem nú er neðst í Holtahverfi. Hann hefur eftir Guðmundi Sveinssyni bónda á Góustöðum (hann lést fyrir nokkrum árum) að á 3. áratugnum hafi flóð fallið niður að hlöðnum garði (Ólafsgarði) á túni Góustaða. Oddur var ekki viss um að Guðmundur sjálfur hefði komið að flóðinu, en hafði eftir Guðmundi að flóðið hefði verið mjög þunnt og taldi Oddur að jafnvel hefði einungis verið um kóf að ræða. Flóðið er merkt á kort skv. lýsingu Odds. Til er loftmynd á VÍ frá því um 1950 þar sem sjá má hvar túnið var.

Heimildir: Oddur Pétursson. Viðtal við H.G. og Þ.A. í maí 1999.

Númer: 3014 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hnífsdalur, innan byggðarinnar. Framarlega (innarlega og að norðanverðu) í Hnífsdal.

Tími: 6–7.11.1926

Tjón: Flóðið tók símalínuna á löngum kafla, þverkubbaði tólf staura og drap fimm hesta frá Fremri-Hnífsdal er gengu þar úti.

Veður: Norðlæg átt frá 20.10. til 31.10. með snjókomu öðru hvoru. Í byrjun fór lægð austur fyrir sunnan land og olli hvassri austlægri og síðan norðlægri átt með mikilli snjókomu.

Athugasemdir: Mikið snjóflóð (hugsanlega tvö) féll framarlega í Hnífsdal. Veðráttan segir að flóðin hafi verið tvö en farvegir eru óþekktir.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 239.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 11, númer=14.
Veðráttan.

Númer: 3231 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraunsgil

Tími: 20.1.1931

Athugasemdir: Í dagbók Ó.K. er haft eftir Önnu og Friðrik Kjartansbörnum að Hraunsgil hafi hlaupið 1930 „í sama veðri og norskt skip fórst“. Norska flutningaskipið Ulv fórst við Strandir 20. janúar 1931 og er væntanlega átt við þann skipstapa í frásögn systkinanna og hafa þau þá farið áravillt. Flóðsins er ekki getið í snjóflóðaánnál J.G.E. og Ó.K. frá 1989 og ekki er meira vitað um það.

Heimildir: Friðrik Kjartansson. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.
Anna Kjartansdóttir. Viðtal tekið árið 1987 af Ó.K.

Númer: 3015 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hnífsdalur, innan byggðarinnar. Líklega norðanmegin.

Tími: 24.1.1931

Veður: Í janúar var umhleypingasamt og snjóasamt. Frá 21. var lægð fyrir austan land sem olli norð-austanveðráttu og hríðarveðri.

Athugasemdir: Farvegur er óþekktur.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 254.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 11, númer=15.
Veðráttan.

Númer: 3016 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hnífsdalur, innan byggðarinnar. Líklega norðanmegin.

Tími: 25.1.1931

Tjón: Flóðið braut sex símastaura.

Veður: Í janúar var umhleypingasamt og snjóasamt. Frá 21. janúar var lægð fyrir austan land sem olli norðaustanveðráttu og hríðarveðri.

Athugasemdir: Farvegur óþekktur.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 254.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 12, númer=16.

Númer: 3017 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Kaldáreyri.

Tími: 21.3.1936

Tjón: Flóðið sópaði burt geymsluhúsi, eign Þorsteins Kjarvals á Kjarvalsstöðum.

Lýsing: **Tunga:** Flóðið hefur stöðvast í eða nærri sjó.

Veður: Í mars 1936 var óvenju mikill snjór á Vestfjörðum. Frá þeim 18. var lægð fyrir sunnan land, en hæð yfir Grænlandi. Austan og norðaustan veðrátta. Þann 19. hvessti og var víða stormur á Norður- og Vesturlandi þann 20. Á næstu veðurathugunarstöð, Bolungarvík, var fjögurra stiga frost og 9 vindstig.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III:
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 12, númer=17.
Veðurathugunarbækur. Bolungarvík, 1936.
Veðráttan.

Númer: 3018 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Steiniðjugil“

Tími: 2.3.1941, 20:35

Skráning: Útlína: Óviss

Fólk sem lenti í flóðinu: Látinir: 2, slasaðir: 1, ómeiddir: 5. Alls: 8

Tjón: Flóðið tók íbúðarhúsið í Sólgerði og bar það fram í fjöru, þar sem það brann til kaldra kola. Tvær telpur, sem voru í húsinu, fórust og einn piltur meiddist talvert á handlegg og viðbeinsbrotnaði. Fimm sluppu úr húsinu, sumir dálítið meiddir, skrámaðir og marðir. Flóðið braut einnig gafl úr fjárhúsi, fyllti það af snjó og drap 11 af 22 kindum sem þar voru inni.

Lýsing: **Tunga:** Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 250 m

Þar sem flóðið bar íbúðarhúsið fram í fjöru hlýtur það að hafa náð niður að sjávarmáli eða fram í sjó.

Braut: isse08aa, $\beta = 32.1^\circ$, $\alpha < 29.0^\circ$, $\text{rst} > 13.6$.

Veður: Ó.J.: Talið var að meiri snjór hafi verið á Ísafirði þegar þetta gerðist en komið hafði síðustu 20–30 árin. Veðráttan: Dagana 18. til 26. febrúar var hæð fyrir norðan og norðvestan land. NA-læg átt, flesta daga allt að 8–9 vindstig. Snjókoma á Norður- og Austurlandi og lengst af talsvert frost. Dagana 27. og 28. var djúp lægð fyrir suðaustan land. NA-stormur um allt land. Dagana 1. og 2. mars var lægðin komin austur fyrir land. Hvöss N- og NA-átt einkum þ. 2., þá varð veðurhæð víða 9–10 vindstig.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 269–271.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 12, númer=18.
Veðráttan.

Númer: 3160 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Funi

Tími: 1946/1947

Skráning: Útlína: Óviss

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Eftir Sigurgeiri M. Jónssyni er haft: „Það mun hafa verið veturinn 1946 til 1947 að stórt snjóflóð féll úr gili því í Kirkjubólshlíð, sem er á móts við sorpbrennsluna Funa. Flóðið fór yfir fjarðarbotninn, allt yfir í Fjarðarhorn. Fjörðurinn var ísilagður þegar flóðið féll.“ Líklegt má telja að þetta flóð hafi fallið í snjóflóðahrinunni í lok mars 1947 þegar mörg stór snjóflóð féllu á þessu svæði.

Talsverð óvissa er um stöðvunarstað flóðsins. Tungan er dregin á kort skammt frá Fjarðarhorni eins og lýsingin gefur til kynna. Skv. því er hugsanlegt að flóðið hafi fallið úr farveginum næst utan við Funa en allt eins er hugsanlegt að flóðið hafi fallið aðeins innar og þá úr farveginum ofan Funa. Þá hefði flóðið hins vegar ekki fallið yfir ísilagðan fjarðarbotninn heldur innan hans.

Heimildir: J.G.E. 1996. Snjóflóð í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.

Sigurgeir M. Jónsson. Viðtal við Odd Pétursson, 26. júní 1996.

Númer: 3023 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hraunsgil

Tími: 24.3.1947

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: **Tunga:** Meðalbreidd: 200 m

Flóðið féll austan við Hraunshrygg. Haft er eftir heimildarmönnum að flóðið hafi náð álíka langt niður og flóðið úr Traðargili. Ekki er fullljóst hvað nákvæmlega er átt við með því.

Braut: $h_{no}01aa$, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 24.8^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, $rst = 14.7$.

Veður: Sjá flóð nr. 3019.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Snjóflóð úr Hraunsgili féll austan við Hraunshrygg.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 14, númer=23.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Friðrik Kjartansson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Bjarni Halldórsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

María Friðriksdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Þórður Sigurðsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Númer: 3022 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Traðargil

Tími: 24.3.1947, um kvöldið

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið braut hlið úr fjárhúsi Magnúsar Hákonarsonar og drap þar fimm kindur af þeim áttatíu sem þar voru. Einnig tók það reykhus og eldiviðarskúr. Flóðið braut jafnframt hurð á fjósi og fyllti það af snjó og braut hurð á hesthúsi. Minkagirðing eyðilagðist og geymsluhús þar við en dýrin sluppu lifandi. Mikils loftþrýstings gætti í Heimabæ og hrundu leirmunir þar úr hillum.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Meðalbreidd: 200 m

Flóðtungan náði út í Hnífsdalsá.

Braut: hnno04aa, $\beta = 31.1^\circ$, $\alpha = 25.0^\circ$, $\theta = 39.4^\circ$, rst = 15.7. náði í Hnífsdalsá.

Veður: Sjá flóð nr. 3019.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 279.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 13, númer=22.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Friðrik Kjartansson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Bjarni Halldórsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

María Friðriksdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Þórður Sigurðsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Númer: 3024 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Búðargil

Tími: 24.3.1947, um kvöldið

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Lýsing: **Tunga:** Flóðið náði í sjó fram.

Flóðið fór ofan við Brekkuhúsin, innan við Búð, og í sjó fram.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha < 27.4^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, rst > 14.7.

Veður: Sjá flóð nr. 3019.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 279.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 14, númer=24.

Anna Kjartansdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Friðrik Kjartansson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Bjarni Halldórsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

María Friðriksdóttir. Viðtal við Ó.K. 1987.

Þórður Sigurðsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Númer: 3020 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Seljalandshlíð - innri. Ofan Seljalands.

Tími: 24.3.1947, 08:30

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið gjöreyðilagði þrjá sumarbústaði sem stóðu í Seljalandsmúlanum. Flóðið eyðilagði einnig hlöðu á bænum Seljalandi, laskaði íbúðarhúsið og hálfyllti af snjó. Enginn bjó í húsinu.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Upptök: Breidd: 500 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Meðalbreidd: 200 m

Flóðið fór niður í Tunguá á um 100 m kafla.

Braut: isse09aa, $\beta = 26.6^\circ$, $\alpha = 24.3^\circ$, rst = 15.2. Hluti tungunnar fór í sjó.

Veður: Sjá flóð nr. 3019.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið er talið hafa verið nokkur hundruð metra breitt.

Í annál J.G.E. og Ó.K. er sagt að upptakasvæði flóðsins hafi verið á nokkur hundruð metra breiðu svæði ofan Seljalands og Seljalandsmúla. Flóðið hafi verið um 200 m breitt við Seljaland og náði í Tunguá á um 100 m kafla. Einungis er vitnað í Ó.J. en þar er ekki að finna svo nákvæma lýsingu.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 277–278.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 13, númer=20.

Númer: 3021 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Karlsárgil“

Tími: 24.3.1947, 15:00

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Fólk sem lenti í flóðinu: Slasaðir: 1

Tjón: Flóðið geryeyðilagði íbúðarhúsið á Karlsá og flutti brakið niður í fjöru. Húsfreyjan var ein heima og meiddist hún talsvert, en ekki hættulega.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Meðalbreidd: 200 m

Flóðið var um 80 m breitt þar sem það náði í sjó fram.

Braut: isse11aa, $\beta = 29.1^\circ$, $\alpha < 27.2^\circ$, rst > 13.8. fór 80 m út á Poll.

Veður: Sjá flóð nr. 3019.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Í annál J.G.E. og Ó.K. segir „Að sögn Óskars Eggertssonar fór húsið 80 m út á Poll.“ Þar stendur einnig að flóðið hafi verið 80 m breitt þar sem það náði í sjó fram.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 278.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 13, númer=21.

Óskar Eggertsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Númer: 3019 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Grænagarðsgil“

Tími: 24.3.1947

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Flóðið sópaði burt litlum en vönduðum sumarbústað og braut hann í spón. Það tók einnig hænsnahús.

Lýsing: Braut: $\beta = 31.2^\circ$, $\alpha = 29.8^\circ$, $\text{rst} = 12.5$.

Veður: Frá þeim 19. höfðu lægðir verið fyrir suðaustan land eða yfir landinu, en hæð yfir Grænlandi. Vindur var oftast milli norðurs og austurs og hvass suma dagana. Fremur kalt var, en nokkuð hlýnaði þann 24. Mikið hafði snjóað undanfarnar vikur og sérstaklega helgina 22.–23. mars. Snjórinn var orðinn meiri en nokkur hafði áður munað.

Athugasemdir: Snjóflóðið féll úr Seljalandshlíð milli Karlsár og Grænagarðs. Það er rangt staðsett í annálnum frá 1989.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 277.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 12, númer=19.

Veðráttan.

Númer: 3025 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ísafjörður

Tími: mars 1947

Athugasemdir: Mörg önnur snjóflóð féllu í nágrenni Ísafjarðar í snjóflóðahrinunni í lok mars 1947 en ollu ekki tjóni. Lögreglan á Ísafirði gaf út tilkynningu og hvatti fólk til að flytja brott um stundarsakir af hættusvæðinu undir Eyrarfjalli.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 279.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 14, númer=25.

Númer: 3153 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Gleiðarhjalli, G7

Tími: 1944–1953

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Braut: isey06ba, $\beta = 27.3^\circ$, $\alpha = 25.7^\circ$, rst = 12.1.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Upplýsingar um þetta flóð eru mjög óljósar. Það mun e.t.v. hafa stöðvast á milli Urðarvegar og Engjavegar á milli húsa sem þar voru í byggingu. Frásögnum um flóðið ber ekki saman. Á þessu flóði var gerð rannsókn af lögreglunni á Ísafirði 1995.

Heimildir: Lögreglan á Ísafirði. 1995. Skýrsla er varðar hugsanlegt snjóflóð úr Gleiðarhjalla allt niður á Engjaveg eða niður í sjó.

— — — — —

Númer: 3026 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Dagverðardalur. Breiðin í Kubba.

Tími: um 1950

Skráning: Staðs. á korti

Lýsing: Tunga: Flóðið hljóp yfir gamla veginn.

Athugasemdir: Eitt eða tvö flóð.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 14, númer=26.
Bjarni Halldórsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

— — — — —

Númer: 3027 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hrafnagil

Tími: 1.5.1952, síðdegis

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Snjóflóðið eyðilagði svigbraut fyrir skíðakeppni.

Lýsing: Braut: isse06aa, $\beta = 28.8^\circ$, $\alpha = 32.6^\circ$, rst = 9.0.

Veður: Vikuna áður en flóðið féll hafði verið lægð fyrir sunnan land. Austlæg átt, hlýindatíð og lítil úrkoma.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Ó.J.: „Verið var að halda skíðakeppni í svigi um svo nefndan Grænagarðsbíkar, og fór keppnin fram í braut, er gerð hafði verið í gili fyrir ofan Grænagarð. Svigbrautin var um 450 m löng, og var fyrri umferð keppinnar lokið, en sú síðari var ekki hafin. Kom þá snjóflóð niður gilið og sópaði miklum hluta brautarinnar burtu, svo að hætta varð við keppnina. Sýnir þessi atburður og snjóflóð sem féll 5. mars á Dalvík, hve óvarlega og fyrirhyggjulítið skíðaþróttin er stundum iðkuð hér á landi og hve litlu oft munar, að stórslys hljótist af.“

Þetta flóð er teiknað of langt á korti í snjóflóðaánnál J.G.E. og Ó.K. frá 1989 og var útlínan leiðrétt eftir fyrirsögn O.P.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 297.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 14, númer=27.
Veðráttan.
Oddur Pétursson. 2002.

Númer: 3028 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Gullhólsgil“, Breiðafelli

Tími: 18.1.1953

Skýrslu skráði: Tómas Jóhannesson **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Ónákvæm

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 0, slasaðir: 1, ómeiddir: 2. Alls: 3

Tjón: Fjórir skíðamenn voru á ferð þvert yfir ofanvert Gullhólsgilið, og lenti einn þeirra í flóðinu og barst með því um 350 m en slapp ómeiddur. Skíðamaður niðri á Seljalandsdal lenti í útjaðri flóðsins og slasaðist hann lítillega.

Lýsing: Braut: $\beta = 18.0^\circ$, $\alpha = 28.5^\circ$, $\text{rst} = 10.0$.

Veður: Frá 12. janúar höfðu grunnar lægðir verið á hreyfingu í nánd við landið. Vindur var breytilegur. Úrkomusamt var lengst af um allt land. Kvöldið og nóttina áður en flóðið féll hafði snjóað talsvert og safnast í hengjur í fjallsbrúnirnar.

Athugasemdir: Í bók Ólafs Jónssonar o.fl. (1992) segir að fjórir skíðamenn hafi lenti í flóðinu og er því lýst nokkuð nákvæmlega. Oddur Pétursson, snjóeftirlitsmaður, var einn skíðamanna. Hann segir lýsinguna ranga, en hann hafi verið sá eini af þeim fjórum félögunum sem lenti í flóðinu og barst hann um 350 m með því. Hann segir enn fremur að ekkert nafnanna sem upp eru talin í bókinni standist nema hans eigið. Skíðamennirnir munu, auk Odds, hafa verið Steinþór Jakobsson, Jón Karl Sigurðsson og Haukur Sigurðsson. Þeir voru að fara þvert yfir ofanvert Gullhólsgil í um 550 m h.y.s. þegar flóðið féll. Haukur var kominn yfir gilið þegar flóðið féll, Oddur var í gilinu miðju og lenti í flóðinu en Jón Karl var í ytri jaðri flóðsins og náði að sveigja út úr því. Steinþór var hins vegar staddur skammt utan við flóðið. Fimmti skíðamaðurinn, Jón Páll Halldórsson, lenti í útjaðri flóðsins þar sem það breiddi úr sér niðri á Seljalandsdal og slasaðist hann lítillega.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 297–298.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 15, númer=28.
Veðráttan.
Oddur Pétursson. Viðtal 1989 og 2002.

Númer: 3157 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Funi

Tími: 28.3.1953

Athugasemdir: Stórt snjóflóð sem átti upptök ofan Kirkjubólsvæðis var að sögn heimildarmanna 700 m breitt. Það hefur líklega náð til þessa farvegar auk farvegarins ofan Kirkjubólsvæðis, eða um hefur verið að ræða tvö flóð sem fallið hafa með stuttu millibili. Sérstakt flóð er skráð í farveginn utan Kirkjubólsvæðis af þessum sökum en að öðru leyti vísast til athugasemda, heimildar og veðurlýsingar fyrir flóð nr. 3029. Aðeins ein útlína er dregin á kort fyrir þessi flóð bæði.

Númer: 3029 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Kirkjuból

Tími: 28.3.1953

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið tók geymsluskála með ýmiskonar landbúnaðarverkfærum, svo sem rakstrarvél, snúningsvél, áburðardreifara o.fl. Tækin sópuðust ásamt skálanum niður fyrir veg og brotnuðu mikið, en dráttarvél og bifreið sem voru einnig í skálanum skemmdust lítið. Flóðið tók einnig sleða til mjólkurflutninga og fleira lauslegt sem stóð á hlaðinu við Kirkjuból.

Lýsing: **Tunga:** Hæð yfir sjó: 0 m

Rétt utan við íbúðarhúsið á Kirkjubóli féll flóðið niður fyrir veg skv. Ó.J. og er þar væntanlega átt við heimreiðina að Kirkjubóli en ekki þjóðveginn niðri við sjó.

Veður: Eftir 20. mars voru ríkjandi norðan- og austanáttir og snjócoma var tíð. Þann 25. var lægð suðaustan við land og hvöss norðlæg átt, en þann 26. fór hæðarhryggur austur yfir land og ný lægð nálgadist úr vestri og varð þá vindur austlægari. Dagana 27.–29. mars var djúp lægð á hreyfingu austur á bóginn sunnanvert við landið. Aðfaranótt þess 28. var stórhrið með miklum fannburði.

Athugasemdir: Skv. frásögn Ólafs Tr. Ólafssonar, fyrrverandi ábúanda á Kirkjubóli, féll snjóflóðið úr hlíðinni beint upp af Kirkjubólsvæðinu og var nærri 700 metra breitt. Meginhluti flóðsins fór utan við bæinn og þar náði það nokkuð niður fyrir hann. Ólafur teiknaði útlínur flóðsins inn á loftmynd og hafa þær útlínur verið færðar inn á kort. Ólafur lagði áherslu á að nú væri búið með malartöku að breyta svo landi við Kirkjuból frá því sem áður var, að ekki mætti taka beint mark á því hvar ofangreint flóð hefði stöðvast. Hólar sem bærinn stóð á hefðu haft mikil áhrif á rennsli flóðsins.

Samkvæmt lýsingu Ólafs Tr. hefur flóðið átt upptök beggja vegna hryggjar efst í Kirkjubólshlíðinni ofan og skammt utan Kirkjubólsvæðis. Flóðið er skráð í farveg ofan Funa og Kirkjubólsvæðis („iskif“) en hefur einnig náð til farvegarins sem skilgreindur er þar næst utan við („iskie“).

Í snjóflóðaánnál frá 1989 er flóðið dregið á kort sem ör og nær hún nokkru lengra en útlínan skv. frásögn Ólafs Tr. og niður fyrir þjóðveginn fyrir fjarðarbotninn sem þá var. Þetta getur stafað af því að í lýsingu flóðsins í Ó.J. er nefnt að flóðið hafi náð niður fyrir veg. Þar er væntanlega átt við heimreiðina heim að Kirkjubóli en ekki þjóðveginn. Útlínan skv. lýsingu Ólafs Tr. nær niður fyrir veginn heim að Kirkjubóli en ekki niður fyrir þjóðveginn við fjörðinn.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 298.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 15, númer=29.

J.G.E. 1996. Snjóflóð í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði, númer=29.

Veðráttan.

Ólafur Tr. Ólafsson. Viðtal við J.G.E. 28. september 1993.

— — — — —

Númer: 3030 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seljalandsdalur. Gil ofan við gamla skíðaskálann á Seljalandsdal.

Tími: 28.3.1953, um kl. 21

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið geryðilagði meginhluta skíðaskála Skíðafélags Ísfirðinga sem var 18x10 m, þannig að eftir stóðu einungis 4x10 m. Vegna óveðurs var enginn staddur í skálanum, en það var fyrsta mannlausa helgin síðan um áramót.

Lýsing: Stærðarfl.: 4

Fallbraut: Breidd: Minnst: 250 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 190 m

Meðalbreidd: 250 m

Braut: isse24aa, $\beta = 19.9^\circ$, $\alpha = 20.3^\circ$, rst = 16.2.

Veður: Sjá flóð nr. 3029.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Um kl. 21 þann 28. mars 1953 heyrðust drunur framan af dalnum niður að Grænagarði og þykir sennilegt að þá hafi flóðið hlaupið. Flóðið fór yfir 200 m breiðan hjalla alveg láréttan og var skálinn í ytri jaðri flóðsins.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 299–300.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 15, númer=30.

Veðráttan.

— — — — —

Númer: 3031 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Seljalandshlíð - innri. Upp af bænum Seljalandi.

Tími: 5.3.1954

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Flóðið eyðilagði einn sumarbústað (eigandi Elías J. Pálsson), sem stóð norðan í Seljalandsmúlanum, neðan Skíðavegar. Annar sumarbústaður þar nærri skekkist á grunni.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Braut: isse09aa, $\beta = 26.6^\circ$, $\alpha = 27.5^\circ$, rst = 13.3.

Veður: Dagana 25.–26. febrúar var alldjúp lægð sunnan við land og hvöss norðan- og norðaustanátt um allt land. Þ. 27. og 28. var vindur hægari. Nokkur snjókoma var alla þessa daga, einkum um norðanvert landið. Fyrstu 10 daga marsmánaðar var kalt í veðri, lengst af norðlæg átt og snjókoma um allt norðanvert landið. Þ. 1.–3. voru lægðir sunnan og austan við land, en þ. 4.–5. kom lægð vestan úr Grænlandshafi, fór suðaustur yfir land, og var kyrrstæð suður í hafi næstu daga. Lægðin olli hvassviðri um allt land. Stórhrið var á norðaustan við Ísafjarðardjúp og kyngdi niður snjó.

Athugasemdir: Bústaðir neðan Skíðavegar eyðilögðust einnig í flóði 1947 og einn þeirra var skv. Ó.J. einnig í eigu Elíasar J. Elíassonar. Þetta verður að teljast með ólíkindum en er í samræmi við frásagnir dagblaða af þessum flóðum. Eftir nokkra eftirgrennsln O.P. er ekki talið líklegt að sumarbústaður Elíasar J. Elíassonar hafi verið endurbyggður milli 1947 og 1954. Því er líklegt að eitthvað fari á milli mála í þessum frásögnum. Hins vegar er ekki unnt að rekja hvað er missagt. Dagblöð greina frá tjóni á sumarbústöðum á þessum stað bæði árin og var ákveðið að láta það standa þótt vera kunnir að hluti frásagnarinnar sé ekki réttur.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 305.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 16, númer=31.
Tíminn. 9.3.1954.
Morgunblaðið. 9.3.1953.
Veðráttan.
Oddur Pétursson.

Númer: 3033 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Seljalandshlíð - innri

Tími: 5.3.1954, 15:00

Skráning: Útlína: Óviss

Lýsing: Braut: isse10aa, $\beta = 28.3^\circ$, $\alpha = 27.5^\circ$, rst = 13.4.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Tvö flóð til viðbótar við flóð nr. 3031 og 3032, féllu innan við Ísafjarðarkaupstað þennan dag, en farvegir þeirra eru ekki vel þekktir. Annað þessara flóða er dregið á kort skammt utan við Seljalandsbæinn í annál J.G.E. og Ó.K. frá 1989 og nær skammt niður fyrir veginn með ströndinni.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 305.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 16, númer=33.

Númer: 3032 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Steiniðjugil“

Tími: 5.3.1954

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið féll á fjárréttina við Grænagarð, en ekki er getið um tjón á réttinni.

Lýsing: Tunga: Flóðið féll á fjárréttina við Grænagarð.

Braut: isse08aa, $\beta = 32.1^\circ$, $\alpha = 32.1^\circ$, rst = 10.6.

Veður: Sjá flóð nr. 3031.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 305.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 16, númer=32.

Númer: 3034 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Eyrarhlíð

Tími: 5.3.1954

Skráning: Staðs. á korti

Tjón: Lítilsháttar skemmdir á bifreið.

Lýsing: Tunga: Snjóflóðið féll utan Gleiðarhjalla niður á Hnífsdalsveg.

Veður: Sjá flóð nr. 3031.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 305.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 16, númer=34.

Númer: 3035 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Brattahlíð, Kubba. Beint upp af Góustöðum.

Tími: snemma á 7. áratugnum

Skýrslu skráði: Harpa Grímsdóttir **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Kort af útlínu flóðsins.

Tjón: Flóðið braut tvo girðingarstaura.

Lýsing: Tunga: Tungan náði inn á tún við Góustaði.

Braut: isku05aa, $\beta = 35.3^\circ$, $\alpha = 28.2^\circ$, rst = 13.3.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 17, númer=35.

Bjarni Halldórsson. Viðtal við Ó.K. 1987.

Oddur Pétursson. Viðtal við H.G. og Þ.A. í maí 1999.

Númer: 3037 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Seljalandshlíð - ytri. Hugsanlega Hrafnagil eða „Karlsárgil“.

Tími: 10.11.1969

Veður: Sjá flóð nr. 3036.

Athugasemdir: Ólafur Jónsson talar um a.m.k. þrjú flóð í Seljalandshlíð þennan dag. Staðsetning tveggja er nokkuð þekkt (nr. 3036 og nr. 3038). Þetta er þriðja flóðið. Útlína er ekki hnitúð á kort. Eigandi Steiniðjunnar talar um að flóðið sem á henni lenti hafi verið 500–800 metra breitt. Það bendir til að þetta flóð kunni að hafa fallið úr Hrafnagili þannig að flóðin þrjú hafi litið út eins og eitt mjög breitt flóð. Flóð þetta er rangt staðsett í annálnum frá 1989.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 336.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 17, númer=37.

Ó.J. og S.R. 1971. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi.

Þjóðviljinn. 11.11.1969.

— — — — —
Númer: 3038 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Grænagarðsgil“

Tími: 10.11.1969

Skráning: **Útlína:** Óviss

Tjón: Flóðið tók með sér sumarbústaði og braut líklega háspennulínustaur.

Lýsing: Braut: isse05aa, $\beta = 31.2^\circ$, $\alpha = 29.8^\circ$, rst = 12.4.

Veður: Sjá flóð nr. 3036.

Athugasemdir: Snjóflóð féll ofan við Grænagarð. Þjóðviljinn talar um að flóð innan við Grænagarð hafi tekið sumarbústað en líklega var þar um að ræða þetta flóð sem féll úr Grænagarðsgili.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 336.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 17, númer=38.

Ó.J. og S.R. 1971. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi.

Þjóðviljinn. 11.11.1969.
— — — — —

Númer: 3036 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Steiniðjugil“

Tími: 10.11.1969

Skráning: **Útlína:** Ónákvæm

Tjón: Stór hluti af trésmíðaverkstæði Steiniðjunnar við Grænagarð eyðilagðist. Flóðið braut niður þak og einn vegg verkstæðisins og fyllti allt af snjó. Þarna voru ýmsar dýrmætar vélar, sem skemmdust eða eyðilögðust. Hlaupið tók einnig tvö bílflok og steinsteypuvél, er stóðu við verkstæðið, og sópaði öllu burtu.

Lýsing: Fallbraut: Breidd: Minnst: 500 m

Tunga: Meðalbreidd: 650 m

Flóðið hefur fallið langleiðina niður að sjó.

Braut: isse08aa, $\beta = 32.1^\circ$, $\alpha = 29.4^\circ$, rst = 13.2.

Veður: Þ. 6. gekk vindur meira til norðurs með snjókomu norðanlands og austan, en brátt gerði austan- og suðaustanátt og úrkomu vegna djúprar lægðar á Grænlandshafi. Lægðin fór suðaustur yfir sunnanvert landið þ. 7. var þá hæg breytileg átt sunnanlands, en hvöss austan og norðaustanátt með snjókomu norðanlands og rok á Vestfjörðum. Næstu tvo daga var víðáttumikið lægðasvæði milli Íslands og Noregs. Vindur var norðan- og norðaustanstæður um allt land með úrkomu frá Vestfjörðum til Austfjarða. Víða var stormur þ. 9. og 10. Þ. 10. var lægð fyrir suðaustan land og vindur norðaustlægur.

Athugasemdir: Hlaupið var talið 500–800 m breitt, sem er ótrúlega mikil breidd miðað við landslag og byggingar. Eini raunhæfi möguleikinn til að ná slíkri breidd er að tungur úr „Steiniðjugili“ og Hrafnagili hafi sameinast og ekki náð niður fyrir veg nema hjá Steiniðjunni. Í Þjóðviljanum er ekkert talað um breidd flóðsins en sagt frá snjóflóði innan Grænagarðs og öðru í hlíðinni sem lenti á háspennustaurum en braut þá ekki.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 336.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 17, númer=36.
Ó.J. og S.R. 1971. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi, bls. 34.
Þjóðviljinn. 11.11.1969.
Veðráttan.

Númer: 3039 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Rétt innan við Bása, milli Ísafjarðarflugvallar og Arnardals, um tvo kílómetra frá húsum í Arnardal.

Tími: 18.2.1970

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 2

Tjón: Jeppi með tveimur mönnum grófst í flóðinu en þeir gátu grafið sig út.

Lýsing: **Tunga:** Þykkt: Meðaltal: 3 m
Meðalbreidd: 15 m

Athugasemdir: Mennirnir sluppu naumlega þar sem flóðið ýtti bílnum að nokkru út af veginum og er um 30 metra fall af honum niður í fjörum.

Heimildir: Ó.J. o.fl. 1992. Skriðuföll og snjóflóð, bls. III: 337.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 18, númer=39.
Ó.J. og S.R. 1971. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi.
Þjóðviljinn. 20.2.1970.
Veðráttan.

Númer: 3041 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Steiniðjugil“

Tími: 12.2.1973

Skráning: **Útlína:** Óviss

Tjón: Flóðið tók með sér einn rafmagnsstaur og skall síðan á gæsakofa og drap fjöldann allan af gæsum. Þrjár komust lifandi úr flóðinu.

Lýsing: **Braut:** $\beta = 32.1^\circ$, $\alpha = 30.8^\circ$, $\text{rst} = 12.0$.

Veður: Sjá flóð nr. 3040.

Athugasemdir: Flóð þetta er rangt staðsett í annálnum frá 1989.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 18, númer=41.
Þjóðviljinn. 38. árg. 40. tbl.
Oddur Pétursson. Oddur er heimildarmaður um staðsetningu flóðsins á korti.

Númer: 3040 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð

Tími: 12.2.1973

Tjón: Flóðið tók með sér tvo bíla sem fastir voru í snjó í Kirkjubólshlíð og færði þá niður í fjöru.

Veður: Aðfaranótt 5. febrúar var komin norðanátt um allt land, nema við suðurströndina. Þar var hægviðri og vestlæg átt. Þ. 5. var grunn lægð fyrir suðvestan land, og vindur varð austlægur. Úrkomusvæði fór yfir landið, og vindur snerist til suðvesturs sunnanlands. Næsta dag fór lægðin austur yfir landið og síðari hluta þess dags var eindregin norðlæg eða norðaustlæg átt með snjókomu norðanlands og austan. Þ. 7. var lægð fyrir suðvestan land. Vindur varð austanstæður sunnanlands og vestan, en norðanlands var lengst af hægviðri. Víða var éljaveður. Lægðin þokaðist austur fyrir sunnan land þ. 8. og vindur varð fyrst norðaustlægur með snjókomu norðanlands og austan þ. 9. Brátt snerist þó vindur til suðausturs vegna nýrrar lægðar fyrir vestan land. Lægð þessi fór austur eða suðaustur yfir landið, vindátt varð breytileg og við suðvesturströndina gerði vestnorðvestan rok. Víða snjóaði. Þ. 10. var lægðin komin austur fyrir land, en önnur lægð norður af því olli hægri vestlægri átt um mestan hluta landsins. Eftir hádagi tók að gæta áhrifa lægðar við Hvarf. Hreyfðist hún norðaustur og olli vaxandi austan- og suðaustanátt. Úrkomusvæði fór norðaustur yfir landið um nóttina, og vindur snerist til suðvesturs. Víða var stormur þ. 11., en þá fór djúp lægð suðaustur með vesturstöndinni. Varð tvíátta, suðvestanátt sunnanlands en austnorðaustan rok nyrðra og á Vestfjörðum. Þ. 12. var lægðin komin austur fyrir land og vindur norðlægur um allt land, víða stormur eða rok, og mikil snjókoma um norðan- og austanvert landið. Þetta veður stóð til þ. 14., en þá fór að draga úr veðurhæðinni.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 18, númer=40.

Þjóðviljinn. 38. árg. 40. tbl.

Veðráttan.

Númer: 3042 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Sumarhúsasvæði í Tungudal. Gil ofan við austasta sumarbústaðinn í Tunguskógi.

Tími: 13.2.1973

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Sumarbústaður eyðilagðist, en flóðið fór með hann á rafmagnsstaur og braut hann.

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Braut: isse13aa, $\beta = 25.3^\circ$, $\alpha = 23.8^\circ$, rst = 10.5.

Veður: Sjá flóð nr. 3040.

Athugasemdir: Teikning á korti V í annál frá 1989 er ekki mjög trúverðug, þar sem gil finnst þar ekkert (þó flóðið sé teiknað við austasta bústaðinn á kortinu).

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 18, númer=42.

Þjóðviljinn. 38. árg. 40. tbl.

Númer: 3043 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Eyrarhlíð, farvegur nr. 12

Tími: 10.2.1974, 23:00

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið tók þrjá staura úr 6 kV raflínu og einn staur úr 11 kV línunni, án þess þó að slíta hana.

Lýsing: **Tunga:** Flóðið náði í sjó fram.

Veður: Þ. 3. og 4. febrúar var austlægur vindur, en lægð var þá suðvestur eða suður af landinu. Þ. 4. hvessti talsvert á Suðurlandi. Víða var slydda eða rigning þessa tvo daga. Þ. 5. lægði og vindur gekk meira til norðausturs með snjókoma á Norður- og Austurlandi. Dagana 6.–9. var hæð á Grænlandi en lægð nálægt Jan Mayen og var norðlæg eða norðaustlæg átt og snjókoma eða éljaveður á norðan- og austanverðu landinu. Þ. 9. og 10. hvessti á norðan á Vestfjörðum og Norðurlandi og var þar stórhrið fram til þ. 13., en þá fór veður batnandi.

Athugasemdir: Lengsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Flóðið var mun utar í Eyrarhlíðinni en skráð er í annál J.G.E. frá 1989. Oddur Pétursson fann ummerki (nýjan raflínustaur) þar sem hann telur að flóðið hafi í raun fallið og var staðsetningu breytt til samræmis við það.

Heimildir: S.R. 1975. Snjóflóðaannáll árána 1972 til 1975, bls. 56.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 19, númer=43.

Veðráttan.

Oddur Pétursson. Oddur er heimildarmaður um staðsetningu flóðsins á korti.

— — — — —

Númer: 3044 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hnífsdalur, innan byggðarinnar. Miðhvilft, Þórólfsþyrnu. Rétt utan við Fremri-Hnífsdal.

Tími: 11.2.1974, 10:00

Skráning: Útlína: Óviss

Tjón: Flóðið braut stauratvístæðu úr 11 kV Ísafj./Bolungarvík orkulínunni og sleit hana utan við Fremri-Hnífsdal.

Veður: Sjá flóð nr. 3043.

Heimildir: S.R. 1975. Snjóflóðaannáll árána 1972 til 1975.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 19, númer=44.

— — — — —

Númer: 3045 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: „Grænagarðsgil“

Tími: 12.2.1974, aðfaranótt

Skráning: Útlína: Ónákvæm

Tjón: Flóðið eyðilagði nýjan stóran vörubíl og færði niður í fjöru. Tók einnig þrjá staura úr 33 kV raflínu.

Lýsing: Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Flóðið náði niður í fjöru þar sem gamli Græningarður stóð.

Braut: isse05aa, $\beta = 31.2^\circ$, $\alpha = 28.6^\circ$, rst = 13.5. Náði niður í fjöru.

Veður: Sjá flóð nr. 3043.

Heimildir: S.R. 1975. Snjóflóðaánnáll áráanna 1972 til 1975, bls. 56.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 19, númer=45.

Númer: 3049 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hnífsdalur

Tími: 16.2.1981

Skýrslu skráði: Hafliði Helgi Jónsson **Teg. skýrslu:** 4

Veður: Sjá flóð nr. 3046.

Athugasemdir: Mörg flóð féllu í Hnífsdal þennan dag, sum nærri byggð.

Heimildir: H.H.J. 1983. Snjóflóðaánnáll 1980–81.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 20, númer=49.

Númer: 3048 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Hafrafellshlíð. Við kirkjugarð.

Tími: 16.2.1981

Skýrslu skráði: Kristinn Jón Jónsson **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Ónákvæm

Tjón: Flóðið náði að loka veginum fyrir botni fjarðarins, á um 20 m kafla í beygjuni.

Lýsing: Tunga: Meðalbreidd: 350 m

Veður: Sjá flóð nr. 3046.

Heimildir: Kristinn J. Jónsson.

H.H.J. 1983. Snjóflóðaánnáll 1980–81.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 20, númer=48.

Númer: 3047 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Brattahlíð, Kubba

Tími: 16.2.1981

Skýrslu skráði: Kristinn Jón Jónsson **Teg. skýrslu:** 5 **Útlína:** Ónákvæm

Tjón: Flóðið náði að efstu húsunum, en ekki er getið um tjón af þess völdum.

Lýsing: Tunga: Hæð yfir sjó: 25 m

Eitt flóðanna náði að efstu húsum.

Braut: isku04aa, $\beta = 29.6^\circ$, $\alpha = 27.7^\circ$, rst = 10.6.

Veður: Sjá flóð nr. 3046.

Athugasemdir: H.H.J. getur um fjögur flóð sama dag. Sagt er að það stærsta hafi náð efstu húsunum í Kubbahverfinu.

Heimildir: H.H.J. 1983. Snjóflóðaannáll 1980–81, bls. 150.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 20, númer=47.

Númer: 3046 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Dagverðardalur

Tími: 16.2.1981

Skýrslu skráði: Kristinn Jón Jónsson **Teg. skýrslu:** 5

Lýsing: **Tunga:** Þykkt: Meðaltal: 1.5 m
Meðalbreidd: 400 m

Veður: Dagana 5.–9. febrúar var mjög kalt á landinu og vindátt oftast norðvestlæg. Aðfaranótt þ. 5. fór alldjúp lægð norðaustur Grænlandshaf og síðar í átt að Jan Mayen. Fór að snjóa um morguninn og síðar að rigna, og varð úrkomu vart um allt land. Fram eftir degi þ. 6. var allhvöss norðvestanátt um allt land og éljagangur víðst hvar, nema á Suðausturlandi var þurrt að mestu. Síðdegis lægði og var hæg norðvestlæg átt þ.7. og él á víð og dreif um landið, nema á Suðausturlandi, þar var léttskýjað. Þ. 8. hvessti að norðaustan á Suðvesturlandi með éljagangi þar, en á Norðurlandi var snjócoma fram eftir degi og síðar gekk á með éljum. Hést norðvestanátt þ. 9., og éljagangur var um mest allt land.

Aðfaranótt þ. 10. létti til á öllu landinu er hæðarhryggur þokaðist inn á landið að sunnan og hreyfðist austur yfir land. Suður við Hvarf var djúp lægð á hægri hreyfingu norðaustur. Fór að hvesa að suðaustan og snjóa síðdegis þ. 10. á vestanverðu landinu og var víða stormur á Suðvesturlandi aðfaranótt þ. 11. Hlýnaði mjög um allt land og skörp skil þokuðust norður yfir landið, og lágu þau næsta sólarhring um Vestfirði til norðausturs fyrir norðan land. Fylgdi skilunum hvassviðri, en í kjölfarið lægði og létti til með suðvestanátt, nema á Vestfjörðum, þar var norðaustanátt og snjócoma. Þ. 12. var hæg breytileg átt og lítilsháttar snjóél á víð og dreif um landið vestan- og norðanvert, en á Vestfjörðum voru þétt norðan él. Framan af degi þ. 13. var hæð yfir landinu en síðdegis þokaðist hún austur og hvesa tók að suðaustan þegar djúp lægð nálgæðist að suðvestan. Skil þokuðust austur yfir landið þá um nóttina með mikilli úrkomu og í kjölfarið var allhvass suðvestan éljagangur vestantil á landinu og hélt svo fram að morgni þess 16.

Á hádegi þ. 16. tók að hvesa að sunnan og suðaustan syðst og vestast á landinu. Kröpp lægð, sem verið hafði suð-suðvestur í hafi, dýpkaði ört og nálgæðist landið á mikilli ferð. Geisaði fárviðri um allt vestanvert landið um kvöldið og var einnig mjög hvasst austantil, víðast hvar stormur. Skil fóru yfir landið á miðnætti þ. 17 og næstu tvo daga var suðvestanáttin, sem fylgdi í kjölfar lægðarinnar, að ganga niður og voru víða snjóél um vestanvert landið. Var komin vestan gola að kvöldi þess 18. og létti þá til víðast hvar.

Heimildir: H.H.J. 1983. Snjóflóðaannáll 1980–81.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 19, númer=46.
Veðráttan.

— — — — —
Númer: 3050 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Bakkaskriðugil

Tími: 14.12.1983, 10:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugger **Fylgigögn:** O.P. skráði líka upplýsingar á skýrsluform 4. Teiknað inn á skýrslu með flóðum úr Bakkahyrnu og Búðarfjalli 30.12.1983.

Tjón: Flóðið braut tvo raflínustaura og sleit raflínuna á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Lýsing: **Upptök:** Hæð yfir sjó: 650 m

Fallbraut: Breidd: Efst: 35 m

Tunga: Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 100 m

Flóðið stöðvaðist niður við Hnífsdalsá.

Braut: hnsu06aa, $\beta = 30.3^\circ$, $\alpha = 27.6^\circ$, $\theta = 40.2^\circ$, rst = 13.5.

Veður: Dagana 6.–7. desember gerði skammvinna hláku. Mikil lægð var suðvestur í hafi þ. 6. en hæð yfir Bretlandseyjum, og hlýtt loft barst inn yfir landið með sunnanátt. Mikil úrkoma, víðast rigning eða slydda, var frá Austfjörðum um Suðurland til Norðurlands vestra, en norðaustantil á landinu var hún minni. Daginn eftir var lægðardrag yfir landinu og þokaðist það suður fyrir land. Vindur gekk til norðausturs og austurs, fyrst á Vestfjörðum og við norðurströndina, og þar var víða hvasst og mikil snjókoma, en úrkoma var um allt land.

Þ. 8. og 9. kólnaði verulega og var 8° kaldara þ. 9. en þ. 7. Fyrri daginn var vindátt milli norðurs og austurs, en síðari daginn var vindur yfirleitt hægur. Sums staðar voru él, og úrkomusvæði náðu inn á suðvesturströndina þ. 8.

Þ. 10. dró úr frosti, og síðan var hiti á öllu landinu lengst af lítið eitt undir frostmarki fram til þ. 18. Lægð var á Grænlandshafi þ. 10. Hitaskil komu inn yfir land úr suðvestri, og fylgdi þeim hvöss austanátt sunnanlands. Úrkoma var um allt land, víðast snjókoma. Þ. 11. var úrkoman mun minni og þurrt frá Norðausturlandi suður í Örfæfi. Þ. 12. var aftur lægð á Grænlandshafi, og olli hún hvassri suðaustanátt með snjókoma suðvestanlands með kvöldinu, en um daginn voru él í norðlægri átt á Vestfjörðum.

Úrkomusvæðið fór yfir landið um nóttina. Þ. 13. var hvöss norðanátt og snjókoma á Vestfjörðum, en annarsstaðar var hægari vindur og víða él. Þ. 14. var smálægð við Suðurland, og allmikil úrkoma víða austantil á landinu, og einnig á Vestfjörðum, en þar var áfram hvöss norðan og norðaustan átt.

Þegar flóðið féll var snjókoma og skafrenningur í NA 6–8 vindstigum. Hiti -4°C . Snjór var í meðallagi mikill miðað við árstíma og áætlað snjódýpi í næsta nágrenni um 20–30 cm.

Athugasemdir: Röng dagsetning er á flóðinu í snjóflóðaánnál J.G.E. og Ó.K. frá 1989. Dagsetningin er þar skráð sem 14.02., en rétt er 14.12. þ.e. 14. desember.

Heimildir: K.G.E. 1985. Snjóflóðaánnál 1983–1984, bls. 123.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 20, númer=50.

Hreinn Ólafsson. Starfsmaður Orkubús Vestfjarða.

Númer: 3052 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Traðargil

Tími: 14.12.1983, 14:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Tjón: Flóðið braut tvo raflínustaura.

Lýsing: **Upptök:** Upptök voru undir klettum.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 100 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 20 m

Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 100 m

Flóðið stöðvaðist 40 m ofan við fjárréttina í Hnífsdal.

Braut: hnno04aa, $\beta = 31.1^\circ$, $\alpha = 29.5^\circ$, $\theta = 39.4^\circ$, rst = 12.3.

Veður: Sjá flóð nr. 3050.

Athugasemdir: Röng dagsetning er á flóðinu í snjóflóðaannál J.G.E. og Ó.K. frá 1989.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 21, númer=52.

K.G.E. 1985. Snjóflóðaannáll 1983–1984, bls. 123.

Númer: 3051 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Búðargil

Tími: 14.12.1983, 14:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning
snjóathugunarmanns. Snjóflóðaskýrsla er einnig til á öðru eyðublaði, tegund 4.

Tjón: Snjóflóðið skemmdi girðingu á Pálstúni á 150 m kafla.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 950 m

Upptök: Breidd: 50 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Þykkt: Meðaltal: 0.75 m Mest: 1 m

Meðalbreidd: 140 m Rúmmál: 17500 m³

Meginhluti snjóflóðsins stöðvaðist á Pálstúni (gamall sjávarkambur), en um 15 m breið
tota náði í sjó fram.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha < 27.4^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, rst > 14.7. tota fór út í sjó.

Veður: Sjá flóð nr. 3050.

Athugasemdir: Röng dagsetning er á flóðinu í snjóflóðaannál J.G.E. og Ó.K. frá 1989.

Flóðið er skráð ýmist sem vott eða þurrt lausasnjóflóð á snjóflóðaskýrslum.

O.P.: Ekki hefur snjóflóð farið svona langt niður síðan 1947.

Heimildir: K.G.E. 1985. Snjóflóðaannáll 1983–1984, bls. 123.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 21, númer=51.

— — — — —
Númer: 3053 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bakkahyrna

Tími: 30.12.1983, 21:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugger **Fylgigögn:** O.P. skráði
upplýsingar einnig á skýrsluform 4. Útlínur teiknaðar á kort. Ljósmynd, tekin af O.P. með
teiknuðum útlínum.

Tjón: Flóðið braut hurð á Dalbraut 9 og fyllti geymslu og þvottahús af snjó. Það braut einnig tvo
glugga hjá Eggver og snjór komst þar í geymslurými.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 500 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 400 m Breidd: 80 m
Upptök voru í hlíðinni ofan við Hádegisstein.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 130 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 23 m

Þykkt: Mest: 3 m

Meðalbreidd: 130 m

Flóðið náði niður að Dalbraut.

Braut: hnsu01ba, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 28.3^\circ$, $\theta = 34.2^\circ$, rst = 10.7.

Veður: Þann 21. desember var vindur norðlægur, og veður kólnandi. Næstu 3 dagar urðu köldustu
dagar mánaðarins, 6–9°C frost að meðaltali á öllum stöðvum. Þ. 21. og fyrri hluta dags þ. 22.
voru él norðanlands og austan, en síðan víðast þurrt og hægur vindur fram á aðfangadag, en þá
fór að snjóa í austanátt vestast á landinu. Á jóladag var lægðardrag yfir landinu, breytileg átt og
víða snjókoma, en minna frost en áður.

Þ. 26. var kröpp lægð við Suður-Grænland, og þ. 27.–28. var lægðardrag norðan við land. Fyrsta
daginn hvessti af suðri og suðaustri með mikilli úrkomu, slyddu eða rignignu, síðdegis gekk í
suðvestan og vestan átt með skúrum eða éljum, og hélst það veðurlag næstu tvo daga. Þ. 27.–28.
var að mestu þurrt á Norðaustur- og Austurlandi. Þ. 29. var vindur suðlægari um sinn, en áfram
él og síðdegis hafði aftur gengið í vestanátt.

Þ. 30.–31. fór djúp lægð norður milli Íslands og Grænlands. Síðdegis þ. 30. komu skil úr suð-
vestri inn yfir landið, og á undan þeim var hvöss suðaustanátt með snjókomu, en á aftir suð-
vestanátt og él. Á gamlársgang var vindur hægari, en áfram suðvestan- eða vestanátt og él. Tvo
síðustu daga ársins var frost að jafnaði 2–3.5°C.

Þegar flóðið féll var snjókoma og skafrenningur í SA 7 vindstigum. Hiti –3°C. Snjór var mikill
miðað við árstíma.

Athugasemdir: Á fundi um rýmingaráætlanir, árið 1996, var O.P. ekki viss um að flóðið hefði byrjað
alveg svona hátt í fjallinu. Halli minnkar um 200 m ofan við Dalbrautina og þar var snjódýpt
mest um 3 m. Þaðan fór þykkt flóðsins minnkandi og var um 50 cm í totu sem náði að Dalbraut
9. Neðsti hluti tungunnar var um 30 m breiður.

Heimildir: K.G.E. 1985. Snjóflóðaánnáll 1983–1984.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 21, númer=53.

Veðráttan.

Kristján Friðbjörnsson. Nefndur á snjóflóðsskýrslu.

Númer: 3054 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Brattahlíð, Kubba. Upp af Kjarrholti 2–4 í Holtahverfi.

Tími: 4.1.1984, 13:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** O.P. skráði
upplýsingar á skýrsluform 2 og 4. Engin samtímateikning. O.P. yfirfór útlínu á korti.

Tjón: Flóðið braut hurð á húsinu Kjarrholti 4, rann inn í svefnherbergi og gang og olli tjóni á innan-
stokksmunum. Það tók einnig bifreið á Holtabraut, ofan við Kjarrholt 2, flutti með sér 30–40
metra leið og skemmdi hana talsvert.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 350 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 210 m Breidd: 80 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 80 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 19 m

Þykkt: Mest: 2.5 m

Meðalbreidd: 75 m

Flóðið stöðvaðist við húsin Kjarrholt 4 og 2.

Braut: isku04aa, $\beta = 29.6^\circ$, $\alpha = 25.3^\circ$, rst = 12.3.

Veður: Fyrstu þrjá daga mánaðarins komst hiti ekki yfir frostmark nema austast á landinu þ. 3. Frostið
var að meðaltali 4–8°C. Úrkoma var lítil suðaustantil á landinu, en annars voru víða él, og
allmikil snjókoma norðanlands. Vindátt var breytileg þ. 1. og fram eftir degi þ. 2., en gekk þá í
norðanátt, fyrst vestast á landinu. Norðanlands var stórhrið þ. 3.

Þ. 4. fór mjög djúp og kröpp lægð norður Grænlandshaf. Hitaskil lægðarinnar komu inn yfir
Suðvesturland um miðjan dag. Á undan þeim var suðaustan stormur eða rok og mikil snjókoma,
en á eftir sunnan- eða suðvestanátt og él.

Þegar flóðið féll var vindur úr SV, 5 vindstig, og –4°C frost. Snjókoma var og skafrenningur
bæði á láglendi og til fjalla. Snjódýpt í næsta nágrenni var 80 cm. Óvenju mikill snjór var miðað
við árstíma.

Heimildir: K.G.E. 1985. Snjóflóðaánnáll 1983–1984.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 21, númer=54.

Veðráttan.

Númer: 3055 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Traðargil

Tími: 14.1.1984

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Ónákvæm

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 30 m

Tunga: Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 100 m

Braut: hnno04aa, $\beta = 31.1^\circ$, $\alpha = 29.3^\circ$, $\theta = 39.4^\circ$, rst = 12.5.

Veður: Dagana 6. og 7. janúar var að meðaltali þriggja stiga frost, snjókoma norðantil á landinu og á Reykjanesi. Fyrri daginn var breytileg átt, en síðari daginn norðanátt. Síðdegis þ. 7. var þó komin suðlæg átt norðvestantil á landinu.

Þann 8. var lægð á hreyfingu norður Grænlandshaf, og hlýrra loft barst inn yfir landið. Sunnan- og vestanlands var víða mikil úrkoma. Síðdegis hvessti af suðri. Þ. 9. snerist vindur til vesturs með hvössum eljum, nema austast á landinu.

Þann 10. lækkaði hiti um 5° á landinu öllu, og var það upphaf á hörðum frostakafli, sem stóð fram til þ. 19. Þ. 10. og 19. var frostið $4\text{--}5^\circ\text{C}$ en hina dagana $7.5\text{--}12^\circ\text{C}$, kaldast þ. 16.

Þann 10. og fram á morgun þ. 11. var hvöss vestanátt með eljum, en eftir það var vindur fremur hægur allan frostakafliann. Úrkoma var yfirleitt ekki mikil, en þó él öðru hvoru, mest var hún á Vestfjörðum þ. 16. Þ. 19. fór að draga úr frostinu, þá var lægð á sunanverðu Grænlandshafi, og hæg suðlæg átt.

Heimildir: K.G.E. 1985. Snjóflóðaannáll 1983–1984.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, númer=55.

Númer: 3056 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Seljalandsdalur. Suðurhlíð Breiðafells ofan Seljalandsdals, ofan barnalyftu.

Tími: 7.4.1985

Skýrslu skráði: Kristjana G. Eypórsdóttir **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Ónákvæm

Lýsing: Upptök: Orsök: Sólbráð.

Tunga: Hlaupið stöðvaðist ofan við barnalyftuna.

Braut: isse14aa, $\beta = 20.7^\circ$, $\alpha = 27.5^\circ$, rst = 11.3.

Veður: Fyrstu tvo dagana í apríl var talsvert frost, meðalhiti allra stöðva var -6.5°C þann 1. en -4°C þ. 2. Vindur var fyrst milli norðurs og austurs, en snerist til suðausturs um hríð vestanlands aðfaranótt þ. 2. Minniháttar él voru sumsstaðar norðanlands og austan, og einnig vestast á landinu. Síðdegis þ. 2. tók að hvesa af austri við suðurströndina, og þ. 3. var hvass austanstrengur yfir landinu. Suðvestanlands var þurrt, en annars víða snjókoma eða slydda. Mikil lægð var djúpt suður í hafi. Aðfaranótt þ. 4. komu hitaskil inn yfir Suðausturland, og fóru norðvestur yfir landið um daginn og í kjölfar þeirra lyngdi. Mikil úrkoma mældist á Austurlandi þ. 4.–5., og einhver úrkoma var um allt land. Þessa þrjú daga hlýnaði verulega, meðalhiti allra stöðva var kominn yfir frostmark þ. 4., og 4.5°C þ. 5., sem var einn af hlýjustu dögum mánaðarins.

Athugasemdir: Málfríður, grunnskólanemi frá Ísafirði, og óþekktur teiknari hjá Hnit sögðu frá flóðinu, en þær voru báðar sjónarvottar. Útlínur flóðsins eru byggðar á upplýsingum frá O.P.

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaannálar 1984/85 og 1985/86.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 22, númer=56.
Veðráttan.

Númer: 3059 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Bakkahyrna

Tími: 23.12.1985

Skýrslu skráði: Kristján Ágústsson **Teg. skýrslu:** 4

Veður: Sjá flóð nr. 3057.

Athugasemdir: Neðst á skýrslu stendur að hún sé unnin skv. snjósmælistýrslu Odds og ljósmynd. Í Mánaðarskýrslu snjósmælistöðva fyrir Ísafjörð stendur í athugasemdum: „Tíðarfar gott, snjólétt, engin stórviðri. Eftir N–NA stinningskalda frá 20.–23. desember og 19 mm úrkomu (snjókomu) féllu 4 smáflóð í Hnífsdal og Skutulsfirði. Þessi snjóflóð ullu engu tjóni á mannvirkjum né gróðri (sjá skýrslu síðar). O.P.“

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaannálar 1984/85 og 1985/86.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 23, númer=59.

Númer: 3057 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Hraungil

Tími: 23.12.1985, 08–09

Skýrslu skráði: Kristján Ágústsson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning og ljósmyndir Odds Péturssonar.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 500 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 43 m

Þykkt: Meðaltal: 0.45 m

Meðalbreidd: 90 m

Flóðið stöðvaðist um 50 metra ofan við veginn inn að Hrauni. Innri kvíslin stöðvaðist í um 55 m hæð en sú ytri í 43 m hæð.

Braut: hno01aa, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 27.2^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, rst = 13.0. Neðri tunga í um 43 m y.s.

Veður: Austanátt var ríkjandi frá 13.–20. desember og hiti á bilinu 1° til -2°C , hlýjast var þ. 15. en kaldast þ. 19. Þ. 13. var úrkomulítið nema syðst á landinu og þ. 16. var þurrt að mestu á Suður- og Vesturlandi, en annars var úrkoma víðast hvar og mikil sums staðar á Austur- og Suðurlandi fram til þ. 18. Þ. 13.–16. var vindur víðast fremur hægur, en þó hvessti öðru hvoru við suðurströndina og þ. 16. var allhvasst á Vestfjörðum og við norðurströndina. Þ. 17. var allvíða hvasst, en dró úr veðurhæð daginn eftir. Þ. 19. og 20. voru djúpar lægðir suður og suðvestur í hafi, og kröpp smálægð við suðurströndina síðari daginn. Ofsaveður var í Vestmannaeyjum, báða dagana og víða stormur þ. 20. Fyrri daginn var ekki teljandi úrkoma nema suðaustantil á landinu, en síðari daginn snjóaði norðanlands og austan.

Þ. 21. og 22. voru lægðir sunnan og austan við land og vindur tók að snúast til norðausturs. Víða var stormur og snjócoma frá Vestfjörðum til Austfjarða. Þ. 23. var vindur austlægari. Sums staðar var hvasst, en veðurhæð breytileg. Norðanlands og austan snjóaði, en sunnanlands og vestan var þurrt. Hiti var -3°C til -4.5° þessa þrjá daga.

Þegar flóðið féll var skafrenningur og vindur úr A–NA. Lofthiti var -4°C og veður var hlýnandi. Snjódýpi í næsta nágrenni var áætlað 5 cm, og snjór var lítill miðað við árstíma.

Athugasemdir: Þurrt flekahlaup úr Hraunsgili klofnaði í tvær ámóta kvíslir á aurkeilunni neðan gilsins. Innri kvíslin stöðvaðist í um 55 m hæð en sú ytri í 43 m hæð. Tungurnar voru hvor um sig um 20–30 m breiðar en skv. teikningu O.P. var tungan um 90 m breið áður en hún skiptist. Upplýsingar þessar fékk Kristján hjá Oddi Péturssyni.

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaannálar 1984/85 og 1985/86.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 22, númer=56.

Veðráttan.

Oddur Pétursson.

— — — — —

Númer: 3058 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Búðargil

Tími: 23.12.1985, 08–09

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning og ljósmyndir O.P. sem skráði upplýsingar á tvær gerðir af skýrslum, 2 og 4.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 850 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 80 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.45 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 15 m

Þykkt: Mest: 0.7 m

Meðalbreidd: 150 m Rúmmál: 9000 m^3

Flóðið stöðvaðist á Búðartúni.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^{\circ}$, $\alpha = 29.2^{\circ}$, $\theta = 45.1^{\circ}$, rst = 13.5.

Veður: Sjá flóð nr. 3057.

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaannálar 1984/85 og 1985/86, bls. 96.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 23, númer=58.

— — — — —

Númer: 3060 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Dagverðardalur. Hádegishvilft.

Tími: 23.12.1985

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** O.P. skráði upplýsingar á tvær gerðir af skýrslum, 2 og 4.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 440 m Breidd: 80 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.6 m
Upptök voru við fjallsbrún í Hádegishvilft.

Tunga: Þykkt: Mest: 0.9 m
Meðalbreidd: 91 m Rúmmál: 1800 m³
Flóðið stöðvaðist við Úlfsá.

Veður: Skafrenningur var og vindur úr A–NA. Frost var –4°C og áætlað snjódýpi í næsta nágrenni 5 cm.

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaánnálar 1984/85 og 1985/86.
J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 23, númer=60.

— — — — —

Númer: 3061 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Kirkjuból

Tími: 14/15.1.1986

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Ónákvæm **Fylgigögn:** Teikning
O.P. Upplýsingar eru skráðar á tvær gerðir skýrslna, tegundir 2 og 4.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 680 m
Upptök voru í gilskorningi upp undir brún.

Tunga: Þykkt: Mest: 1 m
Meðalbreidd: 45 m Lengd: 100 m
Flóðið stöðvaðist um 40 m ofan við túngirðingu á Kirkjubóli.

Veður: Skil nýrrar lægðar sunnan við Grænland nálgudust þ. 8. janúar og þá þykknaði upp og herti vind við suðurströndina. Skilin fóru yfir landið aðfaranótt þ. 9. og þá var úrkoma um mest allt land, víðast hvar sem rigning. Rigningin hélst austanlands mest allan þ. 9., en í öðrum landshlutum stytta upp og víða létti til. Aðfaranótt þ. 10. dýpkaði lægð óvenju mikið suðaustur af landinu og stefndi til Færeyja. Áhrifa hennar fór að gæta að morgni þ. 10., fyrst suðaustanlands. Þá gekk í norðaustan hvassviðri, með slyddu eða rigningu um mest allt land. Úrkoma var þó óveruleg suðvestan og vestanlands, en mældist tugir mm á Norðaustur- og Austurlandi. Svipað veður var þ. 11., hiti rétt ofan frostmarks og minnkandi úrkoma og vindur. Um kvöldið létti til á Suðurlandi. Þ. 12. var úrkoman fyrir norðan orðin að snjókomu, en þann dag var hæg norðaustanátt með kólnandi veðri.

Þ. 13. dýpkaði lægð skammt undan suðurströndinni og olli hún austan og norðaustan hvassviðri um mest allt land. Hiti fór upp fyrir frostmark og víðast hvar rigndi nema á Vestfjörðum, þar snjóaði. Um vestanvert landið var úrkoma þó óveruleg. Daginn eftir var lægðin komin til Færeyja, fór að grynnast, og vindur gekk niður. Austanlands voru skúrir, en él á Vestfjörðum og á Norðausturlandi. Síðdegis rigndi í Vestmannaeyjum vegna smálægðar við suðurströndina. Veður kólnaði og um kvöldið var komið frost víðast hvar á landinu, er hæðarhryggur kom inn yfir landið úr vestri.

Þegar flóðið féll var allhvass vindur úr NA með snjókomu og skafrenningi til fjalla. Frost var –6°C og veður hlýnandi. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma, en áætlað snjódýpi í næsta nágrenni var 15 cm.

Heimildir: K.Á. 1987. Snjóflóðaánnálar 1984/85 og 1985/86.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 23, númer=60.
Veðráttan.

Númer: 3062 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Rauðkollshvilft

Tími: 9.12.1986

Skýrslu skráði: Óskar Knudsen **Teg. skýrslu:** 4

Tjón: Flóðið tók A-staurastæðu sem stóð á hjöllum um 500 m frá upptökunum. A-stæðan hélt uppi 500 m línuhafi frá hjöllum upp á brún.

Lýsing: Upptök: Breidd: 200 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.8 m

Upptök voru við fjallsbrún, brotsárið var 0.5–1.2 m djúpt.

Tunga: Meðalbreidd: 100 m

Flóðið fór 200 m niður fyrir hjallana og þykkt tungunnar á hjöllum var um 3 m.

Veður: Dagana 21. og 22. nóvember þokaðist djúp lægð til austurs fyrir sunnan land. Vindátt var austlæg, og síðan norðaustlæg. Víða á Norður- og Austurlandi rigndi, slydda var á Vestfjörðum, en úrkomulítið í öðrum landshlutum. Næstu daga var hiti nærri meðallagi. Ýmist var slydda, rigning eða snjócoma á Norður- og Austurlandi.

Að kvöldi þess 26. kom vaxandi lægð úr suðvestri að landinu og þann 27. var vaxandi norðaustan átt á Vestfjörðum með snjókomu. Þessi norðaustan átt breiddist smám saman yfir landið, en þ. 28. var skarpt lægðardrag yfir landinu með vestanéljum á Suðurlandi, en norðaustanátt og snjókomu norðanlands, en um kvöldið dró smám saman úr vindi og fór að létta til sunnanlands. Síðdegis þ. 29. kom ný lægð að Suðurlandi og fór austur með ströndinni nóttina eftir. Lægðinni fylgdi úrkoma um mest allt land, víðast sem snjócoma eða slydda. Þ. 30. létti til á Suðurlandi, en smáél héldust vestanlands fram eftir degi og allan daginn á Norðurlandi.

Fyrstu tvo daga desember var hiti 7° undir meðallagi og urðu það köldustu dagar mánaðarins. Lágmark fór niður fyrir –20°C á nokkrum stöðvum. Fyrri daginn var að mestu bjartviðri suðvestanlands, en él í öðrum landshlutum. Þ 2. gerði austan storm með snjókomu austan- og sunnanlands, af völdum djúprar lægðar, sem nálgaðist úr suðvestri, og við norðurströndina var hvöss austanátt síðdegis.

Þ. 3. var lægðin nálægt suðausturströndinni. og austanstormur með snjókomu. Þá var smálægð á hreyfingu norður yfir vesturströndina, snjócoma um allt land en vindur fremur hægur. Þ. 5. var vindur hægur, sumsstaðar él.

Djúp lægð kom sunnan úr hafi þ. 6. og var yfir landinu þ. 7. Fyrri daginn var austan stormur og stórfelld úrkoma á Austur- og Suðurlandi. Síðari daginn var norðanátt yfir Vestfjörðum, en annars breytileg átt og víða talsvert úrkoma.

Athugasemdir: Lengd hlaupsins var 700 til 800 m. Flóðið fór niður á næsta hjalla fyrir neðan Rauðkollshvilft en náði ekki niður í Fossahlíð. Mjög svipað flóð féll 18.12.1994. Í skýrslu segir að flóðið hafi náð „200 m niður fyrir hjallana niður á flatlendi“. Þar er örugglega átt við næsta

hjalla neðan Rauðkollshvilftar en ekki dalbotninn þegar litið er til heildarlengdar flóðsins og uppgefinnar lengdar flóðsins eftir að það flæddi fram af hjöllumunum.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 24, númer=62.

Hreinn Ólafsson.

Henry Bæringsson.

Númer: 3063 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Hraunsgil

Tími: 23.3.1987, 12:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** O.P. skráði líka upplýsingar á form 4. Útlínur teiknaðar á loftmynd.

Tjón: Flóðið tók túngirðingar á u.þ.b. 100 m kafla (gæti hafa verið hinn leggurinn, þ.e. flóð nr. 3963).

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1100 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 400 m Mældur halli (θ): 38°

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.75 m

Flóðið átti upptök í innri hluta upptakasvæðisins.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 50 m Neðst: 80 m

Tunga: Mældur halli (τ): 14°

Þykkt: Mest: 2.5 m

Meðalbreidd: 150 m Rúmmál: 39000 m³

Flóðið stöðvaðist um 35 metrum neðan við veginn heim að Hrauni, norðan (austan) við bæinn.

Braut: hnno01aa, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 25.8^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, rst = 14.0.

Veður: Þann 15. mars var vindátt breytileg framundir kvöld, en þá nálgast lægð úr suðvestri og vindur snerist til austurs. Lægðin fór austur með Suðurlandi um nóttina. Þá hlánaði við suðurströndina, en annars hélst frost. Þ. 17. herti vind af norðaustri og kólnaði enn frekar. Hiti var 6–8 stigum undir meðallagi til og með þ.21. Kaldast var þ. 19. og 21. Él voru á Norður- og Austurlandi, en úrkomulítið og sumsstaðar léttskýjað syðra. Þ. 18. snerist vindur meir til norðurs, en hæðarhryggur nálgast úr vestri og vindur gekk smám saman niður. Þ. 19. var smálægð á suðausturleið við Vesturland og þá snjóaði lítilsháttar á Suður- og Vesturlandi í hægri suðlægrí átt. Hiti fór uppundir frostmark á annesjum. Þ. 20. breiddist hvöss norðaustanátt yfir landið, víða var snjócoma eða skafhríð, úrcoma var þó sáralítill sunnan heiða. Vindur gekk heldur niður þ. 21. og veður varð mun bjartara. Lægð var fyrir suðaustan land, en mikil hæð yfir Norður-Grænlandi.

Þ. 22. varð vindur öllu austlægari og þá hlýnaði jafnframt nokkuð, fyrst austanlands. Allmikil snjóaði sums staðar á Vestfjörðum og á Norðausturlandi, en úrkomunni var mjög misskipt. Dagan 22. til 26. var hiti nærri meðallagi. Austanátt var ríkjandi, víða hvöss við suðurströndina þ. 24. Þessa daga þokaðist lægðasvæði til austurs fyrir sunnan land. Austanlands var lengst af rigning eða slydda, eljahraglandi norðanlands, en þurrt á Suður- og Vesturlandi.

Daginn sem flóðið féll var vindur úr NA, 6–8 vindstig og skafrenningur til fjalla. Veður var hlýnandi og hiti á láglandi 1°C.

Athugasemdir: O.P. fjallaði um tvö flóð sem féllu úr Hraunsgili á svipuðum tíma sem eitt flóð í skýrslu sinni. Annað flóðið átti upptök í innri hluta upptakasvæðisins og tungan fór norður (austur) fyrir Hraun (nr. 3063), en hitt flóðið átti upptök í ytri hlutanum og fór suður (vestur) fyrir Hraun (nr. 3963). Eftir samtal við Odd er öruggt að þetta voru aðskilin flóð. Sjá nánar í skýrslu og á teikningu O.P. Upplýsingar um stærðir eru fengnar af teikningu O.P.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 24, númer=63.
Veðráttan.
Hjálmar Sigurðsson.

Númer: 3963 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Hraunsgil

Tími: 23.3.1987, 12:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** O.P. skráði líka upplýsingar á form 4 og teiknaði útlínur inn á loftmynd.

Tjón: Flóðið tók tungirðingar á u.þ.b. 100 m kafla (gæti líka átt við flóð 3063).

Lýsing: Stærðarfl.: 3

Upptök: Breidd: 200 m

Upptök í ytri hluta upptakasvæðis Hraunsgils.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 45 m Neðst: 45 m

Tunga: Meðalbreidd: 45 m

Flóðið stöðvaðist á móts við útihús á Hrauni, nokkrum tugum metra innan við það.

Braut: hnno02aa, $\beta = 29.7^\circ$, $\alpha = 27.7^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, rst = 12.8.

Veður: Sjá flóð nr. 3063.

Athugasemdir: O.P. fjallaði um tvö flóð sem féllu úr Hraunsgili á svipuðum tíma sem eitt flóð í skýrslu sinni. Annað flóðið átti upptök í innri hluta upptakasvæðisins og tungan fór norður (austur) fyrir Hraun (nr. 3063), en hitt flóðið átti upptök í ytri hlutanum og fór suður (vestur) fyrir Hraun (nr. 3963). Eftir samtal við Odd er öruggt að þetta voru aðskilin flóð. Sjá nánar í skýrslu og á teikningu O.P. Upplýsingar um stærðir eru fengnar af teikningu O.P.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 24, númer=63.
Hjálmar Sigurðsson.

Númer: 3066 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Kirkjubær

Tími: 24.3.1987

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Einnig skráð á skýrslu af gerð 2. Ljósmynd og teikning O.P.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5 Lengd: 950 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 50 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.5 m

Upptök voru við fjallsbrún.

Tunga: Hæð yfir sjó: 20 m

Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 150 m Rúmmál: 7500 m³

Flóðið stöðvaðist rétt við túngirðingu á Kirkjubæ.

Veður: Sjá flóð nr. 3063 og 3064.

Athugasemdir: Elsta skráða flóð í viðkomandi farvegi/braut.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 25, númer=66.

— — — — —

Númer: 3065 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Hrafnagil

Tími: 24.3.1987, 18:15

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Einnig skráð á skýrslu af gerð 4. Teikning O.P. á loftmynd.

Fólk sem lenti í flóðinu: Ómeiddir: 1

Tjón: Fjargirðing eyðilagðist á 50 metra kafla. Snjóflóðið gróf mann og gröfu (CAT 225), sem var að vinna við malarnám, án þess að skaða manninn eða tækið. Jarðýta var notuð til að ryðja frá gröfunni.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1000 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 680 m Breidd: 80 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.6 m

Orsök: Hugsanlega hafa þungavinnuvélar er voru að verki í hryggnum neðan við gilið verið orsakavaldur.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 45 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 25 m

Þykkt: Mest: 3 m

Meðalbreidd: 104 m Rúmmál: 23000 m³

O.P. skráði hæð stöðvunarpunkts á loftmynd. Flóðið stöðvaðist um 150 m ofan við Græna-garð.

Braut: isse06aa , $\beta = 28.8^\circ$, $\alpha = 29.4^\circ$, $\text{rst} = 12.1$.

Veður: Sjá flóð nr. 3063 og 3064.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 24, númer=65.

— — — — —

Númer: 3064 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Norðan við Kaldáreyri.

Tími: 23/24.3.1987

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Fylgigögn:** Einnig skráð á skýrslu af gerð 2.
Ljósmynd og teikning O.P.

Tjón: Flóðið lokaði veginum til Súðavíkur.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 670 m Breidd: 45 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Þykkt: Mest: 1.5 m

Meðalbreidd: 75 m Rúmmál: 4000 m³

Flóðið féll niður í fjöru.

Veður: NA 5–6 vindstíg og skafrenningur til fjalla. Lofthiti –1°C og kólnandi veður. Snjór í meðallagi miðað við árstíma, en áætluð snjódýpt í næsta nágrenni var u.þ.b. 15 cm.

Nánari veðurlýsing fylgir flóði nr. 3063.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 24, númer=64.

— — — — —

Númer: 3067 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seljalandsdalur. Hlíðin ofan við Skarðsengi.

Tími: 2/3.4.1987

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 4 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Upplýsingar
einnig skráðar á skýrslu af gerð 2. Teikning O.P.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5

Upptök: Hæð yfir sjó: 680 m Breidd: 150 m

Þykkt brotlínu: Mest: 0.57 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 415 m

Þykkt: Mest: 1.5 m

Meðalbreidd: 150 m Rúmmál: 11250 m³

Flóðið stöðvaðist á jafnsléttu á Skarðsengi.

Veður: Sjá einnig síðari hluta veðurlýsingar með flóði nr. 3063.

Þ. 26. mars var lögðin suðastur af landinu og áttin varð norðlægari, en daginn eftir fór vindur að ganga niður og smám saman létti til um allt vestanvert landið, en él héldust í norðan strekkingi á Norðausturlandi allt fram á þ. 28. Kólnandi veður. Undir kvöld þ. 28. nálgadist vaxandi lögð á Grænlandshafi. Um kvöldið snjóaði suðvestanlands í suðaustan strekkingi og síðar einnig um mestallt land. Um nóttina snerist vindur til suðvesturs með eljum vestanlands, en þ. 29. fór að léttast til norðaustanlands.

Að kvöldi þ. 30. kom lögð upp að Suðausturlandi með slyddu og rigningu. Vindátt var breytileg. Þ. 31. fór lögðin norður með Austurlandi og vindur snerist til norðurs um land allt. Framan af degi voru él Suðvestanlands, en stytta síðan upp. Talsvert kólnaði. Síðdegis gerði aftakaveður með snjókomu af norðvestri á Norðausturlandi. Þar lygndi að morgni þ. 1. apríl, en um daginn var norðan hvassviðri á vestanverðu landinu. Áfram snjóaði um allt norðanvert landið. Lögð sem var norðaustur af landinu þokaðist inn yfir Austurland og eyddist. Verulega dró úr frosti þ.

2. Þ. 2. og 3. voru allhvassir norðanstrengir yfir landinu, en þ. 3. nálgast lægð úr vestri og þ. 4. var yfirleitt stillt og bjart veður. Þ. 2.–3. var einnig þurrt að mestu um allt sunnanvert landið. Þegar flóðið féll var N–NA 5–8 vindstig og skafrenningur til fjalla. Snjódypi í næsta nágrenni var áætlað 1–2 m og var snjór mikill miðað við árstíma.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 25, númer=67.
Veðráttan.

Númer: 3068 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Kolgrafargil

Tími: 12.2.1988, 08:15

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Tjón: Vegurinn varð ófær fólksbílum.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 350 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 7 m

Tunga: Þykkt: Mest: 0.9 m

Meðalbreidd: 8 m Rúmmál: 80 m³

Flóðið stöðvaðist á þjóðveginum.

Veður: Dagana 4.–12. gerði kuldakafla og var hiti 4 til 6°C undir meðallagi. Vindátt var norðlæg eða norðaustlæg og strekkingsvindur. Bjart veður var á Suður- og Vesturlandi, en él víða á Norður- og Austurlandi.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 25, númer=68.
Veðráttan.

Númer: 3969 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Kolgrafargil

Tími: 20.1.1989, 02–05

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m Breidd: 20 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.4 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 10 m

Tunga: Þykkt: Mest: 1.5 m

Meðalbreidd: 12 m Rúmmál: 80 m³

Flóðið stöðvaðist á veginum.

Veður: Sjá flóð nr. 3069.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 25, númer=69.

Númer: 3069 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Eyrarhlíð, farvegur nr. 6

Tími: 20.1.1989, 02–05

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m Breidd: 30 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.4 m

Tunga: Þykkt: Mest: 0.5 m

Meðalbreidd: 60 m

Flóðið stöðvaðist á veginum.

Veður: Mánudurinn var mjög umhleypingasamur. Vestanlands og á Vestfjörðum var snjóþungt og tíðarfar erfitt. Þ. 20. gekk kröpp smálægð yfir landið og fylgi henni talsverð úrkoma.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 25, númer=69.
Veðráttan.

— — — — —

Númer: 3070 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Utan við Kaldáreyri.

Tími: 24.1.1989, 14:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Tjón: Vegurinn lokaðist.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1200 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 40 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 40 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 0 m

Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 140 m Rúmmál: 4500 m³

Flóðið stöðvaðist í fjöru.

Veður: Sjá flóð nr. 3069.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 26, númer=70.

— — — — —

Númer: 3970 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Ytri-Kirkjubólshlíð. Rétt utan við Hrófarstein.

Tími: 24.1.1989, 14:00

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Tjón: Vegurinn lokaðist.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 60 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 40 m

Tunga: Flóðið náði í sjó fram.

Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 80 m

Veður: Sjá flóð nr. 3069.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 26, númer=70.

— — — — —

Númer: 3071 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Kolgrafargil

Tími: 31.1.1989, 02–06

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Upplýsingar
einnig skráðar á skýrslu af gerð 4. Teikning O.P.

Lýsing: Upptök: Hæð yfir sjó: 650 m Breidd: 45 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.4 m

Orsök: Skyndileg breyting á hitastigi og rigning.

Fallbraut: Breidd: Minnst: 30 m

Tunga: Þykkt: Mest: 2 m

Meðalbreidd: 75 m

Flóðið stöðvaðist að mestu á Hnífsdalsvegi.

Veður: Kröpp lægð hreyfðist til norðausturs um Vestfirði þ. 30. og 31. Þegar flóðið féll var SV kaldi með rigningu. Hiti 2–4°C og hlýnandi veður. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma, en snjódýpi í næsta nágrenni var áætlað 50 cm.

Heimildir: Veðráttan.

— — — — —

Númer: 3072 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Traðargil

Tími: 14.2.1989, 06–07

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P. á loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1000 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m Breidd: 50 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.8 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 20 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 18 m

Þykkt: Mest: 0.5 m

Meðalbreidd: 150 m Rúmmál: 5000 m³

Flóðið stöðvaðist um 150 m frá Heimabæjarhúsinu.

Braut: hno04aa, $\beta = 31.1^\circ$, $\alpha = 29.7^\circ$, $\theta = 39.4^\circ$, rst = 12.1.

Veður: Tíðarfar í febrúar var slæmt. Fram um miðjan mánuð var mjög stormasamt. Kalt var í veðri og víðast snjópungt.

Mjög djúpar lægðir fóru yfir landið eða voru í grennd við það þ. 1.–5. Þ. 1. var lægð á hreyfingu norðaustur norðan við land, og kalt loft kom inn yfir það í vestan stormi, en veðrið gekk niður fyrir hádegi. Undir kvöld hvessti af suðaustri og austri og lægð fór austur yfir Suðurland um nóttina. Daginn eftir var vindur norðanstaður um stund. Þ. 3. fór lægð norður með vesturströndinni og önnur austur yfir Suðurland. Vindur sveiflaðist frá suðaustri til suðvesturs, og loks til norðurs, og hélst sú átt til þ. 4. Síðdegis þ. 5. gerði austan ofsaveður við suðurströndina, en þá nálgast mjög djúp lægð úr suðri og fór hún norður yfir austanvert landið. Norðanlands og austan var norðanátt þ. 6.

Þ. 4. var úrkomulaust að mestu sunnan til á landinu, en annars var snjókoma eða slydda um allt land. Mest var úrkoman sunnanlands þ. 1.–3. og mikið snjóaði á Norðurlandi þ. 6. Þ. 1.–3. fór veður hlýnandi.

Þ. 7. og 8. var fremur rólegt veður, en nokkur úrkoma á Suðurlandi.

Mjög stormasamt var þ. 9. - 2. og hvassviðri víða fram til þ. 15. Þ. 9. kom djúp lægð úr suðri og hitaskil fóru norður yfir landið með austan og sunnan stormi og rigningu um allt land. Hiti var 5°C yfir meðallagi og var þetta hlýjasti dagur mánaðarins. Þ. 10. var vestan stormur framan af, en síðdegis gekk í suðaustur af völdum lægðar á Grænlandshafi. Lægðin fór norður fyrir land, og þ. 11.–13. var hvöss vestanátt með eljum um allt land, en síðasta daginn dró til muna úr veðurhæðinni. Þ. 9.–11. mældist víða mikil úrkoma frá Austfjörðum um Suðurland til Vestfjarða. Þ. 14.–16. var mjög kalt, kaldast þ. 15. og var það kaldasti dagur mánaðarins.

Síðdegis þ. 14. gekk í norðanátt með snjókomu um norðan og austanvert landið, en þá var djúp lægð á hreyfingu norður með Austfjörðum.

Athugasemdir: Snjótroðari var á ferð skammt frá.

Heimildir: M.M.M. 1991. Snjóflóðannáll 1988–89, bls. 101.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 26, númer=72.
Veðráttan.

Númer: 3073 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Seljalandsdalur. Sandfell.

Tími: 14.2.1989, 16:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning og ljósmynd O.P., ferðasaga TóJ dags. 19.3.1999.

Lýsing: **Upptök:** Hæð yfir sjó: 450 m Breidd: 140 m
Þykkt brotlínu: Meðaltal: 1 m Mest: 2.2 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 140 m

Tunga: Þykkt: Mest: 2.5 m
Meðalbreidd: 140 m

Braut: issa01aa, $\alpha = 26.1^\circ$, rst = 7.2.

Veður: Sjá flóð nr. 3072.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 26, númer=73.

Númer: 3074 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Kolgrafargil

Tími: 18.2.1989, 15:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P.

Tjón: Vegur lokaðist.

Lýsing: **Upptök:** Hæð yfir sjó: 600 m

Tunga: Meðalbreidd: 50 m

Veður: Sjá flóð nr. 3072.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 27, númer=74.

Númer: 3974 **Tegund:** Snjóflóð

Staðsetning: Eyrarhlíð, farvegur nr. 9

Tími: 18.2.1989, 15:30

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 9 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning á
1:5000 kort sem fylgir skýrslu um flóð nr. 3074.

Lýsing: Stærðarfl.: 1.5

Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m

Meðalbreidd: 70 m

Veður: Sjá flóð nr. 3072.

Númer: 3078 **Tegund:** Þurrt lausasnjóflóð

Staðsetning: Hraunsgil

Tími: 26.2.1989, fyrri part nætur

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P. á
loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3 Lengd: 1000 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 600 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 60 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 50 m

Þykkt: Mest: 1 m

Meðalbreidd: 80 m Rúmmál: 3500 m³

Flóðið stöðvaðist um 75 m ofan við veginn inn að Hrauni.

Braut: hno01aa, $\beta = 28.0^\circ$, $\alpha = 27.7^\circ$, $\theta = 38.1^\circ$, rst = 12.6.

Veður: Sjá flóð nr. 3076.

Athugasemdir: Flóðið fór austan við aurkeiluna úr gilinu.

Heimildir: J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 28, númer=78.

Númer: 3077 **Tegund:** Þurr tlausasnjóflóð

Staðsetning: Traðargil

Tími: 26.2.1989, skömmu eftir miðn.

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P. á loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5 Lengd: 1000 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 35 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 20 m

Þykkt: Mest: 1.5 m

Meðalbreidd: 200 m Rúmmál: 8000 m³

Flóðið stöðvaðist þegar það átti ófarna um 35 m niður á veginn inn að Hrauni.

Braut: hnno04aa, $\beta = 31.1^\circ$, $\alpha = 29.3^\circ$, $\theta = 39.4^\circ$, rst = 12.5.

Veður: Sjá flóð nr. 3076.

Heimildir: M.M.M. 1991. Snjóflóðannáll 1988–89, bls. 101.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 27, númer=77.

Númer: 3076 **Tegund:** Þurr flekahlaup

Staðsetning: Búðargil

Tími: 26.2.1989, aðfaranótt

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 2 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P. á loftmynd.

Lýsing: Stærðarfl.: 3.5 Lengd: 1100 m

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m

Fallbraut: Breidd: Minnst: 35 m

Tunga: Hæð yfir sjó: 14 m

Þykkt: Mest: 2 m

Meðalbreidd: 230 m Rúmmál: 12000 m³

Flóðið stöðvaðist ofan við hesthúsin á Búðartúni.

Braut: hnno05aa, $\beta = 32.5^\circ$, $\alpha = 28.7^\circ$, $\theta = 45.1^\circ$, rst = 13.9.

Veður: Æðey: Dagana áður voru norðaustlægar áttir, töluvert frost og smávegis snjókoma. Dagana 25. og 26. febrúar var NNA 15–23 m/s og snjókoma. Frost var –4 til –7°C.

Athugasemdir: Í annál J.G.E. og Ó.K. frá 1989 fylgir veðurlýsing sem á við marsmánuð með flóðum sem féllu þennan dag.

Heimildir: M.M.M. 1991. Snjóflóðannáll 1988–89, bls. 101.

J.G.E. og Ó.K. 1989. Snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal, bls. 27, númer=76.

Númer: 3883 **Tegund:** Þurrt flekahlaup

Staðsetning: Innri-Kirkjubólshlíð, ofan flugstöðvar

Tími: 26.2.1989, aðfaranótt

Skýrslu skráði: Oddur Pétursson **Teg. skýrslu:** 9 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Teikning O.P. á sem fylgir skýrslu um flóð nr. 3083.

Veður: Sjá flóð nr. 3076.

